**birta**

Þör sem kynntust ung:

*Hjörtun slá enn í takt*

• tíska • rómantík

Fylgir Fréttablaðinu í dag ▶



**allt**

Valgeir Skagfjörð:

*Eldar alltaf kvöldmatinn*

• matur • tilboð

Í miðju blaðsins ▶



Jamie Foxx:

*Túlkar tónlistarsnillinginn Ray Charles*

• í bíómynd um stormasama ævi hans

SÍÐA 32 ▶



Idol Stjörnuleit:

*Fimm manna úrslit í kvöld*

• stórsveit reykjavíkur leikur undir

SÍÐA 42 ▶




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. febrúar 2005 – 47. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


## FÖSTUDAGUR

**RÁÐHERRA VILL UPPLÝSINGAR** Stjórnendur í Sellafield geta ekki gert grein fyrir því hvað varð af 30 kílóum af plútóníum. Umhverfisráðherra hefur óskað eftir upplýsingum frá Bretum. **Sjá síðu 2**



**ÍBÚI Á HRAFNISTU Í EINANGRUN** Aldraður maður liggur nú í einangrun á dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði þar sem hann er sýktur af Mosa-sjúkrahúsbakteríu. **sjá síðu 2**

**UNGT FÓLK Í VANDA** Verðlag á íbúðum er orðið með þeim hætti að búið er að verðleggja ungt fólk að einhverju leyti út af markaðnum þrátt fyrir stóraukið framboð lána. **sjá síðu 4**

**ÓLÖGLEGUR SAMNINGUR** Tíu kennarar af sextán í Ísaksskóla hafa gert sérsamning um kjör. Kennarasamband Íslands segir samninginn brjóta í bága við lög. **sjá síðu 6**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART ER YFIR LANDINU MEÐ HÆGLÆTISVEÐRI** Vægt frost. Lítilsháttar él allra norðaustast í fyrstu síðan léttir þar til. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**ÞRÍR HANDBOLTALEIKIR** Þrír leikir fara fram 1. deild karla í handbolta klukkan 19.15. FH tekur á móti Fram, Selfoss mætir Stjörnunni og Afturelding sækir Gróttu/KR heim.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 34 | Myndlist | 32 |
| Tónlist | 32 | Íþróttir | 26 |
| Leikhús | 32 | Sjónvarp | 36 |







# Fimmtíu milljarða króna samdráttur

**Heildarútlán Íbúðalánasjóðs drógust saman um 50 milljarða á seinni helmingi síðasta árs. Hlutdeild bankanna í fasteignalánamarkaði hefur aukist úr fimm prósentum í tæp 19 prósent á síðustu tveimur árum.**

**FASTEIGNALÁN** Lán Íbúðalánasjóðs, sem er stærsti lánveitandi hér á landi til fasteignakaupa, voru í árslok 2003 tæpir 445 milljarðar. Í lok júní 2004 höfðu útlánin hækkað upp í tæpa 483 milljarða. Eftir að árshlutaskýrsla Íbúðalánasjóðs kom út fóru bankarnir að bjóða upp á fasteignalán og var nokkur uppgreiðsla á Íbúðasjóðslánum á haustmánuðum, sérstaklega í október og nóvember á síðasta ári. Samkvæmt tölum sem Fréttablaðið hefur undir höndum minnkuðu heildarútlán sjóðsins um allt að 50 milljarða á síðustu sex mánuðum ársins 2004.

Hlutdeild viðskiptabankanna á fasteignalánamarkaði hefur aukist úr fimm prósentum í tæp 19 prósent á síðustu tveimur árum.

Þrátt fyrir það hefur Íbúðalánasjóður enn yfirburðastöðu á fasteignalánamarkaði með um 67 prósent af fasteignalánum, en hefur þó minnkað um tíu prósentustig á umræddum tíma. Hlutfall lífeyrissjóða hefur verið um 17 prósent en er nú 14 prósent.

Hallur Magnússon hjá Íbúðalánasjóði segir að útlán í janúarmánuði hafi verið hærri en í janúar fyrir ári síðan, sem þó hafi verið metár, og það sé hans tilfinning að um helmingur nýrra lána til fasteignakaupa komi frá sjóðnum en bankarnir skipti hinum helmingnum á milli sín.

Í lok janúar voru fasteignalán bankanna tæpir 138 milljarðar, að sögn Eddu Rósar Karlsdóttur, yfirmanns Greiningardeildar Landsbankans. Þessi lán höfðu þá hækkað um 12,5 milljarða frá áramótum. Hluti þessara lána hefur orðið til vegna skuldbreytinga. Ekki er gert ráð fyrir erlendum lánum heimilanna í þessari tölu.

Útlán lífeyrissjóðanna eru nú um 90 milljarðar. - ss



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**LJÓSATÓNLEIKAR VIÐ HALLGRÍMSKIRKJU** Vetrarhátíð í Reykjavík var sett í gærkvöldi við Hallgrímskirkju. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri setti hátíðina en að því loknu voru haldnir ljósatónleikar sem voru framreiddir af Herði Áskelssyni orgelleikara og fjöllistahópnum Norðan báli.

Frumvarp lagt fram á Alþingi:

# Reykingabann á skemmtistöðum

**ALÞINGI** Siv Friðleifsdóttir og þrír aðrir þingmenn lögðu í gær fram frumvarp á Alþingi um að reykingar verði alfarið bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum, sem og við aðrar menningar- og félagssamkomur.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að meginmarkmið þess sé vinnuvernd starfsmanna og vernd almennings. Vísað er til hratt vaxandi fjölda sannana fyrir því að óbeinar reykingar valdi heilsuskaða og dauðsföllum.



**ÞINGMENN VILJA BANNA REYKINGAR Á SKEMMTISTÖÐUM** Í greinargerð með frumvarpinu segir að meginmarkmið þess sé vinnuvernd starfsmanna og vernd almennings.

„Þegar þetta meginmarkmið er uppfyllt má búast við ýmiss konar öðrum ávinningi af reykbanninu, bæði fyrir samfélag og einstaklinga," segir í greinargerðinni.

Bent er á að virða beri rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra.

Meðflutningsmenn eru Ásta R. Jóhannesdóttir Samfylkingu, Jónína Bjartmarz Framsóknarflokki og Þuríður Backman Samfylkingu. - sda

Reykjavík og Akureyri:

# Vilja selja í Landsvirkjun

**LANDSVIRKJUN** Undirrituð var í gær viljayfirlýsing milli ríkisins annars vegar og Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar hins vegar um að ríkið kaupi upp hluti sveitarfélaganna í Landsvirkjun um næstu áramót með yfirtöku lífeyrisskuldbindinga ef samningar nást um sanngjarnt verð.

Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi R-listans, segir þetta hafa legið fyrir lengi og nú hafi fyrsta skrefið loks verið stigið. „Hugur okkar hefur lengi legið til þess að losa það mikla fé sem borgin á þarna og nýta til annarra hluta. Meðan ekkert liggur fyrir enn sem komið er stendur hugur beggja aðila til að klára málið sem fyrst og þetta er fyrsti vísirinn að frekari viðræðum sem fara fljótlega af stað." **Sjá síðu 26.**

Stjórnarkjör Íslandsbanka:

# Svara krafist um atkvæði

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið hefur sent 30 stærstu hluthöfum Íslandsbanka bréf þar sem þess er krafist þeir geri grein fyrir því hvernig þeir hyggist beita atkvæðarétti sínum á aðalfundi bankans á þriðjudaginn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fer Fjármálaeftirlitið bæði fram á upplýsingar um hvernig hluthafarnir ætla að beita atkvæði sínu og hvort og þá hverjum þeir ætla að framselja atkvæðarétt sinn. Átta eru í kjöri í sjö sæti sem laus eru í bankaráðinu og mun Fjármálaeftirlitið líta til þess hvort Straumur og Burðarás hyggist beita atkvæðarétti sínum saman. Hluthafarnir þurfa að svara bréfi Fjármálaeftirlitsins fyrir klukkan fimm í dag. - hh



## SPURNING DAGSINS

*Erna, bjórinn rándýr, bannað að reykja, hvar endar þetta?*

**„Þetta endar bara einhvern veginn.“**

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, hefur gagnrýnt hátt áfengisgjald ríkisins á Íslandi og nú bætist við að bannað verði að reykja á börum og veitingastöðum, gangi hugmyndir Sivjar Friðleifsdóttur eftir á Alþingi.

Umhverfisráðherra óskar upplýsinga frá Bretum:

# Ekkert vitað um 30 kíló af plútóníum

**SELLAFIELD** Stjórnendur kjarnorkuendurvinnslustöðvarinnar í Sellafield í Bretlandi geta ekki gert grein fyrir því hvað varð af 30 kílóum af plútóníum sem koma ekki fram í tölum um birgðahald.

Stjórnendur Sellafield segja þetta innan alþjóðlegra viðmiðana um eðlilegt misræmi magns þess efnis sem mælt er inn í stöðina og talna í birgðahaldi síðar í vinnsluferlinu. Sérfræðingar í kjarnorkumálum sem The Times ræddi við sögðu hins vegar ástæðu til að fylgjast vel með málinu.



**SELLAFIELD**
Birgðabókhald Sellafield sýnir 30 kílóum minna af plútóníum í stöðinni en mælt hefur verið inn í hana.

„Þeir segja þetta vera bókhaldsvandamál en ég hefði átt von á að þeir tækju á þessu af meiri alvöru í því andrúmslofti ótta um hryðjuverk sem við búum við,“ sagði John Large í viðtali við The Times. Að því er fram kom í blaðinu geta stjórnendur Sellafield ekki gert grein fyrir 50 kílóum sem týnst hafa við birgðahald síðasta áratuginn.

„Þetta er mjög alvarlegt mál,“ segir Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra. „Það vekur spurningar um öryggismálin og hvað er þarna á ferðinni. Það er ekki hægt að segja mikið um þetta á þessari stundu en við höfum óskað eftir upplýsingum frá breskum stjórnvöldum.“ - bþg

Ólögleg handtaka:

# Ríkið greiðir manni bætur

**DÓMSMÁL** Ríkið hefur verið dæmt til að greiða karlmanni 90 þúsund króna bætur vegna ólöglegrar handtöku í tengslum við heimsókn forseta Kína til Íslands sumarið 2002.

Maðurinn var handtekinn við Geysi í Haukadal þar sem hann ásamt öðrum hugðist standa með borða sem á stóð „Frelsið Tíbet“. Lögreglan hafði manninn í haldi í rúma klukkustund. Héraðsdómur Reykjavíkur telur að um ólöglega frelsiskerðingu hafi verið að ræða og dæmdi því ríkið til að greiða manninum bætur. - th

Suðurland:

# Tveir harðir árekstrar

**LÖGREGLUMÁL** Tveir harðir árekstrar urðu með skömmu millibili í gærkvöldi í umdæmi lögreglunnar á Selfossi.

Hinn fyrri varð rétt fyrir kvöldmatarleytið í Þrengslunum þar sem tveir bílar rákust á. Voru tveir fluttir á slysadeild í Reykjavík en meiðsl þeirra reyndist ekki alvarleg.

Seinni áreksturinn átti sér stað rétt fyrir neðan Litlu kaffistofuna þar sem bifreið á fleygiferð lenti aftan á annarri. Einn var fluttur á slysadeild vegna verkja en meiðsl hans voru heldur ekki alvarleg.

Ástæður árekstranna mátti í báðum tilvikum rekja að einhverju leyti til mikillar hálku en vegna þýðu í gærdag varð flughált með skömmum fyrirvara á götum suðvesturlands og kom það mörgum ökumanninum í opna skjöldu.

Lögreglan brýnir fyrir fólki að aka varlega við slíkar aðstæður. - aöe

Íslenski sjómaðurinn:

# Fór til Dubai í gær

**SÓMALÍA** Andrés Þorsteinsson, íslenski sjómaðurinn á norska skipinu sem sökk við Sómalíustrendur í síðustu viku, fór frá Sómalíu í gær og var fluginu stefnt til Dubai. Ekki er vitað hvort Íslendingurinn kemur til Íslands en hann er búsettur í Brasilíu.

Geir Solvåg, talsmaður útgerðarfélagsins Ervik Havfiske í Noregi, sagðist í gær hafa fengið skilaboð um að ekkert væri því til fyrirstöðu að sjómennirnir færu frá Sómalíu, sjópróf hefðu farið fram og yfirvöld sæju enga ástæðu til að halda þeim lengur.

Ekkert amaði að mönnunum. - ghs



**SÝKINGARVARNIR**
Gamall maður liggur í einangrun á Hrafnistu þar sem Mosa-sýkingabakterían hefur ræktast í honum. Þetta er annað tilfellið þar sem bakterían skýtur upp kollinum á fáeinum dögum.

# Íbúi á Hrafnistu er í einangrun

**Íbúi á dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði er nú í einangrun, þar sem sýkingabaktería hefur ræktast í honum. Þetta er annað tilfellið á fáeinum dögum þar sem bakterían finnst hér á landi. Hún getur valdið alvarlegum sýkingum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Aldraður maður liggur nú í einangrun á dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði þar sem hann er sýktur af Mosa-sjúkrahúsbakteríu. Bakterían greindist í honum fyrir fáeinum dögum, eftir að hann kom af hjartadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Hugsanlegt er talið að maðurinn hafi smitast af öðrum sjúklingi sem lá á hjartadeild Landspítalans í síðustu viku, að sögn Guðmundar Þorgeirssonar, sviðsstjóra lyflækningasviðs spítalans. Eins og blaðið greindi frá í gær þurfti að loka nokkrum stofum á hjartadeildinni þar sem sjúklingur sem var að koma af sjúkrahúsi erlendis reyndist sýktur af bakteríunni. Gamli maðurinn greindist hins vegar ekki fyrr en hann var kominn af spítalanum og inn á Hrafnistu. Í kjölfarið var nokkrum stofum lokað á hjartadeildinni, þeim sem gamli maðurinn hafði farið á meðan hann dvaldi á spítalanum.

Þyrí Þorvarðardóttir, hjúkrunarforstjóri á Hrafnistu, sagði að þetta væri einstakt tilfelli. Þessi baktería gæti alltaf komið upp og fólk í heilbrigðiskerfinu gæti lent í svona aðstæðum hvenær sem er.

„Á Hrafnistu eru viðbrögðin nákvæmlega samkvæmt reglum frá sýkingavarnardeildum og Landlæknisembættinu,“ sagði Þyrí. „Það er einangrun og mjög stífar vinnureglur í kringum það. Hagsmunir einstaklinganna og starfsfólksins eru í fyrirrúmi.“

Spurð hvort þessi umræddi maður ætti ekki fremur heima á spítala en á dvalarheimili sagði Þyrí að þótt baktería ræktaðist frá einstaklingi þyrfti það ekki að þýða að hann væri veikur.

„Við höfum allan aðbúnað hér til að setja fólk í einangrun,“ bætti hún við. „Að auki búum við svo vel hér að við höfum sérstakan sýkingahjúkrunarfræðing. Hann hefur sérþekkingu og sinnir þessum málum algjörlega hjá okkur. Ég tel að við séum eina öldrunarstofnunin sem hefur slíkan starfsmann, þannig að við erum mjög vel faglega sett hvað það varðar.“

Þyrí sagði það áhyggjuefni að fjölónæmar bakteríur væru orðnar til. Þetta væri ástand sem ekki hefði sést hér fyrir nokkrum árum og bregðast yrði við því.

jss@frettabladid.is

Bandaríkjaforseti:

# Vill þrýsta á Sýrland

**BANDARÍKIN, AP** Sýrlendingar eru úr takt við önnur ríki í Mið-Austurlöndum, sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti þegar hann lýsti því yfir að hann vildi vinna með öðrum ríkjum að því að þrýsta á Sýrlendinga um að hverfa með her sinn frá Líbanon.



**GEORGE W. BUSH**

Bandaríkjamenn beita Sýrlendinga auknum þrýstingi eftir morðið á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanon. Áður höfðu Bandaríkjamenn kallað sendiherra sinn heim frá Amman. Spurður hvort Bandaríkjastjórn teldi sýrlensk stjórnvöld hafa átt þátt í morðinu sagði Bush aðeins: „Ég get ekki svarað því enn.“ ■

Hæstiréttur:

# 16 milljóna skaðabætur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt Útgerðarfélag Akureyringa til að greiða fyrrum háseta á Hólmadrangi sextán milljónir króna í skaðabætur vegna slyss sem varð um borð í skipinu haustið 1999. Hæstiréttur staðfesti þar með dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

Tildrög slyssins voru þau að tveir grjóthnullungar bárust upp á dekk þegar trollið var tekið inn. Maðurinn var ásamt öðrum að reyna að koma stórgrýtinu útbyrðis þegar skipið lagðist skyndilega á stjórnborða. Grjótið valt á hann og hlaut hann opið beinbrot. Dómurinn telur að verkstjórn um borð hafi verið ómarkviss. Þá hafi stýrimaður vegna ástands kalkerfis ekki getað varað hásetann við yfirvofandi hættu Maðurinn fór upphaflega fram á 27 milljóna bætur. - th


SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



Subaru Legacy Sedan sjálfskiptur
Verð áður 2.710.000
Verð nú 2.440.000

= 270.000
króna gengishagnaður
LEGACY
Verð á mán 28.267,-*

Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN HF

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Fiton/SÍA


Sérfræðingur í sýklavörnum á Landspítalanum:

# Bakterían getur verið banvæn

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkrahúsbakterían Mosa, sem ræktast hefur í tveimur mönnum hér á landi á undanförnum dögum, getur reynst banvæn, sé hún algjörlega ónæm fyrir sýklalyfjum. Erlendis eru til Mosa-bakteríur sem ekki er hægt að meðhöndla og þær geta leitt fólk til dauða, að sögn Ólafs Guðlaugssonar, sérfræðings í sýklavörnum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Ólafur sagði að þrisvar sinnum hefði orðið einhver dreifing á Mosa-sýkingarbakteríunni hér á landi, þar af tvisvar á Landspítalanum, árin 2001 og 2002. Hann sagði það lán í óláni að þessi baktería sem borist hefði hingað til lands hefði verið næm fyrir sýklalyfjum, þannig að fram til þessa hefðu verið til fyrir hendi meðferðarúrræði með einangrun og lyfjum þegar við hefði átt.




**HJARTADEILD**
Fyrri maðurinn sem greindist var á hjartadeildinni á LSH.

„Fólk er stöðugt að koma af sjúkrahúsum erlendis inn á Landspítalann og það er alltaf sett í einangrun til að koma í veg fyrir að þessar pöddur dreifist ef þær eru til staðar,“ sagði Ólafur. Hann sagði að oftast væri einhver í einangrun á spítalanum, þar sem sjúklingar kæmu nánast í viku hverri af erlendum sjúkrahúsum. - jss




# Prófaðu Nicorette Freshmint




`{u¢¥w§§w2X¥w¦z {¡§2w¥2¡$§§2¡{}É§Ä¡§¬yy{yÎ Ä2¦w 2& æ y{~wy§2w¥2s 2§¬yy|s2ô22&s 2w¥2 |Î}§>2
xw¥¦}§2¢y2zwx¨¥2~s¡y©s¥s¡v{2 ¬¡§¨t¥sy @2Ċ2 ª ª ª @¡{u¢¥w§§w@{¦2w¥2z æ y§2s 2~w¦s2 w{¥s2¨ 2
`{u¢¥w§§w2~¬x{¡>2x¹2¦§¨ ¡{¡y2¢y2yÉ 2¥¹ 2Ä2ts¥¹§§¨¡¡{2©{ 2¡ æ ¦§¨2¦Äys¥w§§¨@2

nicorette®

Nicorette nik·t²nlyf eru f§anleg §n lyfseÎils og eru notuÎ Ïegar reykingum er hÞtt eÎa Ïegar dregiÎ er ¼r reykingum. Til aÎ n§ sem bestum §rangri skal §vallt fylgja leiÎbeiningum ² fylgiseÎli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir Ïv² hve mikiÎ er reykt, hvort hÞtta § reykingum eÎa draga ¼r Ïeim. ïv² ber aÎ kynna s®r upplÎsingar um notkun ² fylgiseÎli. Ċ fylgiseÎlinum eru upplÎsingar um: verkun og notkun, var¼Îarreglur, mikilvÞgar upplÎsingar sem nauÎsynlegt er aÎ lesa §Îur en lyfin eru notuÎ, hugsanlegar aukaverkanir og aÎrar upplÎsingar. LeitiÎ til lÞknis eÎa lyfjafrÞÎings ef Ï°rf er § frekari upplÎsingum um lyfin. ïeir sem fengiÎ hafa ofnÞmi fyrir nik·t²ni eÎa °Îrum innihaldsefnum lyfsins, nÎlegt hjarta§fall, ·st°Îuga versnandi hjarta°ng, alvarleg hjartsl§ttargl°p eÎa nÎlegt heilabl·Îfall eiga ekki aÎ nota Nicorette nik·t²nlyf. B°rn yngri en 15 §ra, ÏungaÎar konur og konur meÎ barn § brj·sti eiga ekki aÎ nota Nicorette nik·t²nlyf nema aÎ r§Îi lÞknis. LesiÎ allan fylgiseÎilinn vandlega §Îur en byrjaÎ er aÎ nota lyfiÎ. GeymiÎ fylgiseÎilinn. NauÎsynlegt getur veriÎ aÎ lesa hann s²Îar. Handhafi markaÎsleyfis: Pfizer ApS. UmboÎ § Ċslandi: Vistor hf., H°rgat¼ni 2, GarÎabÞ.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 17.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61, 88 | 62,18 |
| Sterlingspund | GBP | 116,96 | 117,52 |
| Evra | EUR | 80,79 | 81,25 |
| Dönsk króna | DKK | 10,85 | 10,92 |
| Norsk króna | NOK | 9,65 | 9,71 |
| Sænsk króna | SEK | 8,88 | 8,93 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,59 |
| SDR | XDR | 93,93 | 94,49 |

*Gengisvísitala krónunnar*

110,94 -0,14%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Allsherjarnefnd um Bobby Fischer:

# Ekki mælt með ríkisborgararétti

**ALÞINGI** Á fundi allsherjarnefndar í gærmorgun var ákveðið að mæla ekki með því við Alþingi að bandaríska skákmanninum Bobby Fischer yrði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að svo stöddu.

Bjarni Benediktsson, formaður nefndarinnar, sagði að íslensk stjórnvöld hefðu þegar greitt leið Fischers til landsins með því að veita honum landvistarleyfi. Ekki væri þó ástæða til að veita honum ríkisborgararétt eins og málum væri nú komið enda fælust í því afskipti af deilum hans við stjórnvöld annars ríkis.

Guðrún Ögmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar sem sæti á í allsherjarnefnd, sagðist vonsvikin yfir niðurstöðunni. „Við lögðum áherslu á að gefin yrðu út ferðaskilríki í samræmi við dvalarleyfi sem búið er að segja já við. Það skiptir meginmáli að það verði gert og stendur það upp á Útlendingastofnun,“ sagði hún.

„Við munum bíða eftir því hverju það skilar en ef það dugir ekki til verður málið tekið upp að nýju í vor um leið og aðrar umsóknir um ríkisborgararétt verða teknar fyrir í nefndinni,“ sagði Guðrún.

- sda



**BJARNI BENEDIKTSSON**
Stjórnvöld hafa þegar greitt leið Fischers til landsins með því að veita honum landvistarleyfi.

Bankarán:

## Sjö voru handtekin

**ÍRLAND, AP** Írskir lögreglumenn hafa handtekið sjö einstaklinga sem grunaðir eru um bankarán í Belfast og lagt hald á andvirði um 260 milljóna króna. Írska lýðveldishernum hefur verið kennt um bankaránið og það staðið í vegi fyrir friðarsamkomulagi á Norður-Írlandi.

Lögreglan gat ekki staðfest að peningarnir sem fundust í aðgerðum lögreglunnar væru úr bankanum í Belfast en upphæðin er álíka há og þá var stolið.

Fólkið, sex karlmenn og ein kona, var handtekið í Cork og Dublin. ■

Námskeið í Vatíkaninu:

## Kennt að særa út anda

**VATÍKANIÐ** Háskóli Vatíkansins er farinn að bjóða upp á nýtt námskeið. Hér eftir geta rómverskkaþólskir klerkar lært hvernig á að særa illa anda úr andsetnu fólki, að því er BBC greindi frá.

Faðir Giulio Savoldi, opinber særingamaður Mílanóborgar í meira en tuttugu ár, sagði fréttamanni BBC að hann hefði ekki lært sérstaklega til starfsins en sagði að hreinu hvað hann vildi láta tilheyra svona námskeiðum. „Ég myndi hafa yfirnáttúrulegan mátt, nærveru guðs, og láta nemandann sækja kraft ekki aðeins í sjálfan sig heldur líka í guð,“ sagði hann. ■

### EVRÓPA

**SEX HANDTEKNIR** Serbneskir lögreglumenn hafa handtekið sex menn sem sakaðir eru um stríðsglæpi í borgarastríðinu í Júgóslavíu. Mennirnir verða leiddir fyrir rétt í Serbíu og er það fyrsta málið sem vísað er til serbnesks dómstóls frá Stríðsglæpadómstólnum í Haag.

# Ungt fólk verðlagt út af markaðnum

**Hækki fasteignaverð meira en þegar hefur orðið á suðvesturhorni landsins er orðin alvarleg hætta á að ungt fólk sem vill festa kaup á íbúð snúi sér annað, að sögn forstöðumanns Rannsóknarseturs í húsnæðismálum.**

**FASTEIGNAVERÐ** „Fasteignaverð er orðið mjög hátt á höfuðborgarsvæðinu ef miðað er við annars vegar hlutfall íbúðaverðs og launa og hins vegar hlutfall íbúðaverðs og húsaleigu,“ segir Magnús Árni Skúlason, forstöðumaður Rannsóknaseturs í húsnæðismálum við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Hann telur að fasteignaverð ætti ná jafnvægi innan tíðar enda séu rúmlega þrjú þúsund íbúðir á leið á markaðinn.



**MAGNÚS ÁRNI SKÚLASON**
Einn helsti sérfræðingur hér á landi hvað húsnæðismál varðar telur að komið sé að þeim tímapunkti að verð á húsnæðismarkaði jafnist út.

Að hans mati hefur lánsfjármögnun til nýbygginga síðustu ár náð nýjum hæðum. „Framboð hefur aukist mikið og margir gætu álitið að verðfall yrði í kjölfar þess. Aðrir þættir gætu þó unnið á móti eins og byggingar á samsetningu fjölskyldna og aukinn kaupmáttur, auk þess sem breytt fjölskyldumynstur leiðir til aukinnar eftirspurnar. Hagvöxtur hefur verið mikill, atvinnuleysi lítið og tekjumöguleikar góðir og með þetta fyrir augum er ekki ólíklegt að tvær kynslóðir hafi komið inn á markaðinn í kjölfar aukins framboðs á lánsfjármagni.“

Magnús telur þó að hámarkinu sé náð hvað varðar greiðslugetu húsnæðiskaupenda. „Ef verð heldur áfram að hækka hljóta húnæðiskaupendur að velta öðrum kostum fyrir sér. Ljóst er einnig að skuldsettir húsnæðiskaupendur eru viðkvæmari fyrir atvinnu- og tekjumissi og því mikilvægt að fólk gæti vel að sér og hafi eitthvað í handraðanum til að mæta ófyrirséðum áföllum. Ég vonast til að fasteignaverð haldist stöðugt en verðfall á fasteignamarkaði gæti haft slæmar afleiðingar fyrir efnahagskerfið. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að verðfall á fasteignamarkaði hafi mun alvarlegri afleiðingar en til dæmis fall á verðbréfamarkaði. Þvert á það sem hefur komið fram hér á landi getur raunverð húsnæðis lækkað og þarf ekki að leita lengra en til níunda áratugar 20. aldar þegar húsnæðisverð lækkaði hratt á Norðurlöndunum.“

Magnús segir að í nágrannalöndunum sé sú staða víða uppi að staðar gætu skapast hér á landi en tilkoma 90% lána var til þess gerð að koma til móts við unga fólk frá fyrstu kaupum. „Slíkar aðstæður gætu skapast hér á landi en tilkoma 90% lána var til þess gerð að koma til móts við unga fólkið. Öðrum aðferðum mætti beita eins og fyrirframgreiddum vaxtabótum til þess að gera ungu fólki kleift að auka eiginfjárstöðu í fasteign sinni.“

albert@frettabladid.is



**FASTEIGNAMARKAÐURINN Í HÁMARKI**
Verðlag á íbúðum er orðið með þeim hætti að búið er að verðleggja ungt fólk að einhverju leyti út af markaðnum þrátt fyrir hundrað prósenta lán og stóraukið framboð annars lánsfjár.



**VERÐLAUNAAFHENDING**
Björn Björnsson tekur við verðlaunum úr hendi Ólafs Ragnars Grímssonar.

Nýsköpunarverðlaun afhent:

## Rýming miðborgar

**VERÐLAUN** Verkfræðinemarnir Björn Björnsson og Gunnar Örn Erlingsson hlutu í gær Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands, sem afhent voru í tíunda sinn. Verðlaunin fá tvímenningarnir fyrir skýrslu um rýmingu miðborgarinnar en öryggismál í mannþröng hafa ekki áður verið könnuð með þeim aðferðum sem þeir beittu.

Gerðu þeir hermilíkan sem líkir eftir rýmingaraðstæðum í mannmergð í miðborg Reykjavíkur. Sérstaklega var horft til þess mikla fjölda fólks sem safnast saman í miðborginni á Menningarnótt. - bþs

Mannrán í Írak:

## Svíi biður um hjálp

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænskur ríkisborgari, sem haldið er í gíslingu í Írak, bað Karl Gústaf Svíakonung og Jóhannes Pál II páfa um hjálp við að losna lifandi úr gíslingu sinni. Gíslatökumenn tóku hjálparbeiðni mannsins upp á myndband og sendu það til fjölmiðla.

„Fjölskyldu minnar vegna bið ég alla að gera það sem þeir geta til að tryggja lausn mína,“ sagði Minas Ibrahim al-Yousifi í myndbandinu. Hann bjó um margra ára skeið í Svíþjóð en sneri aftur til Íraks eftir innrás Bandaríkjanna og Bretlands árið 2003. ■


Rétta bragðið
– sykurlaust




Nýtt sykurlaust Coke


## Veðrið

**NOKKRIR GÓÐIR DAGAR ÁN.....**

...úrkomu.
Já, nú horfir vel með veður næstu daga, hæglætisveður og bjart. Vægt frost fram á laugardagskvöld en síðan hlýnar á sunnudag og þá þykknar heldur upp, einkum vestan til á landinu. Flott að nýta svona veður til útiveru, eigi menn kost á því, því þeir eru ekkert allt of margir dagarnir þar sem saman fer hægviðri og bjart auk þess sem loftið yfir landinu er ekkert voða kalt. Það má því segja að við fáum nokkra góða daga og það í röð.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Hæglætisveður um allt land.

### Sunnudagur




Hæg breytileg átt.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C | alskýjað | París | 5°C léttskýjað | | Torrevieja | 13°C léttskýjað |
| Osló | 4°C | skýjað-skúr | Prag | 0°C alskýjað | | Róm | 11°C skýjað |
| Stokkhólmur | 3°C | alskýjað | Amsterdam | 6°C léttskýjað | | New York | 2°C léttskýjað |
| London | 10°C | skýjað | Varsjá | 2°C alskýjað | | Miami | 25°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Helgarsprengja
SS fremstir fyrir bragðið
30% afsláttur á kassa
I flokks lamba
súpukjöt
frosið
TILBOÐ
391 kr/kg
Merkt verð 558,-
2 fyrir 1
Ben & Jerry´s ís
453 ml.
Kjöt & fisktorgið
Svínakótilettur m/beini
TILBOÐ 799 kr/kg
Verð áður 1.295,-
Lambalæri rauðvínslegið
TILBOÐ 998 kr/kg
Verð áður 1.249,-
Kjöt & fisktorgið
20% afsláttur á kassa
TILBOÐ 1.263 kr/kg
Merkt verð 1.579,-
V.S.O.P. helgarsteik
Holta-kjúklingur
30% afsláttur á kassa
TILBOÐ 1.467 kr/kg
Merkt verð 2.095,-
Kjúklinga lundir
YFIR 20 NÝJAR TEGUNDIR
Salatsósur í ótrúlegu úrvali
2 fyrir 1
Mr. Bagels 5 stk. í pakka, 4 tegundir
Holta-kjúklingur
30% afsláttur á kassa
TILBOÐ 559 kr/kg
Merkt verð 799,-
Kjúklinga pylsur
Gildir til 20. febrúar eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Finnst þér húsnæðisverð of hátt?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 92% |
| Nei | 8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á ríkið að lækka áfengisgjaldið?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Ljóst hvernig þingsæti skiptast í Írak:

# Drjúg bið eftir stjórnarmyndun

**ÍRAK, AP** Íraska kjörstjórnin kynnti í gær staðfest úrslit í þingkosningunum en talið er að nokkrar vikur líði áður en ný ríkisstjórn tekur við völdum. Ástæðan er sú að flokkarnir sem sæti eiga á þingi hafa enn ekki komið sér saman um hver verði næsti forsætisráðherra.

**ÞINGSÆTI EFTIR FLOKKUM**

| Flokkur | Þingsæti |
|---|---|
| Sameinaða kúrdíska bandalagið | 140 |
| Kúrdíska bandalagið | 75 |
| Íraski listinn | 40 |
| Írakar | 5 |
| Aðrir | 15 |

Sameinaða íraska bandalagið, kosningabandalagið sem sjíaklerkurinn Ali Al-Sistani kom á fót, er með nauman meirihluta þingsæta á 275 sæta stjórnlagaþingi. Bandalagið vantar 42 sæti upp á að hafa þá tvo þriðju hluta atkvæða sem þarf til að útnefna forseta, tvo varaforseta, forsætisráðherra og stjórn hans.

Kúrdíska bandalagið er talið hafa samið við Sameinaða íraska bandalagið um að fá embætti forseta, sem er að mestu valdalaust, gegn stuðningi við forsætisráðherraefni Sameinaða íraska bandalagsins.

Engin tímamörk eru fyrir því hvenær stjórnlagaþingið kemur saman eða hvenær forseti og varaforsetar verða kjörnir. Hins vegar mega mest líða tvær vikur frá kjöri forseta þar til forsætisráðherra er valinn.

Aðeins tólf af 111 framboðum fengu fulltrúa á þingi. ■



**VIÐ HELGIDÓM ABBAS Í KARBALA**
Bandalag sjíamúslima undir leiðsögn klerksins Ali Al-Sistani hlaut nauman meirihluta sæta á stjórnlagaþinginu en vantar stuðning annarra til að tilnefna forsætisráðherra og forsætisnefnd.



**JOSCHKA FISCHER**
Fischer sagði á blaðamannafundi að vandinn einskorðaðist ekki við stjórnartíð sína.

Áritanahneyksli:

## Hart sótt að Fischer

**ÞÝSKALAND** Hart er sótt að Joschka Fischer, utanríkisráðherra Þýskalands, fyrir það hvernig austurevrópskir glæpamenn gátu notfært sér ferðamannaáritanir úr þýskum sendiráðum til að komast til Vesturlanda.

Fischer viðurkenndi að hann bæri pólitíska ábyrgð á málinu en þýskum fjölmiðlum þótti það ekki nóg og segja að hann hafi vitað um gloppuna sem opnaði glæpasamtökum leið til Vestur-Evrópu ári áður en hann greip til aðgerða.

Upphafið að málinu er rakið til ákvörðunar Fischer í mars 2000 um að liðka fyrir útgáfu ferðamannaáritana. Með því kom hann til móts við óskir félaga sínum í þýska Græningjaflokknum. ■

### BANDARÍKIN

**NEGROPONTE NJÓSNASTJÓRI** John Negroponte, sendiherra Bandaríkjanna í Írak, verður fyrsti njósnastjóri Bandaríkjanna sem hefur yfirumsjón með öllum leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna. George W. Bush tilnefndi hann í starfið en öldungadeild Bandaríkjaþings á eftir að staðfesta valið.



# Ísaksskóli hækkar laun og skólagjöld

**Tíu kennarar af sextán í Ísaksskóla hafa gert sérsamning um kjör. Kennarasamband Íslands segir samninginn ólöglegan. Skólastjórinn segir sambandið hafa verið með í ráðum. Skólagjöld hækka mest um tæpan þriðjung.**

**KJARAMÁL** Tíu kennarar af sextán í hinum einkarekna Ísaksskóla hafa gert sérsamning um kjör. Kennararnir fá 240 til 250 þúsund krónur í lágmarkslaun. Einstaklingssamningar geta hækkað kjör hvers þeirra.

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, segir samninginn í mörgum tilfellum fela í sér lakari kjör en nýgerður kjarasamningur grunnskólakennara kveði á um. Hann geti því ekki talist kjarasamningur og brjóti í bága við lög.

> **„Það er hægt að sjá möguleika á mjög grófum dæmum um brot á lágmarkskjörum í samningi Ísaksskóla.**

„Ef ég sjálfur færi að kenna í grunnskóla yrðu laun mín ekki lægri en rúmlega 250 þúsund. Margir kennarar á mínum aldri eru á hærri launum en ég væri vegna viðbótarmenntunar og ýmissa þátta. Þarna er því settur upp taxti sem í mjög mörgum tilfellum er undir lágmarkstaxta stéttarfélags og það er ólöglegt," segir Eiríkur.

Edda Huld Sigurðardóttir, skólastjóri Ísaksskóla, segist ekki vilja tjá sig um yfirlýsingu Kennarasambandsins um ólögmæti samningsins: „Samninganefndin hafði á öllum stigum málsins fullt samráð við Kennarasambandið." Eiríkur segir hins vegar ekkert samráð hafa verið fyrir hendi.

Edda Huld bendir á að 240 til 250 þúsund séu lágmarkstölur. Hver og einn kennari geri einstaklingssamning við skólayfirvöld sem veiti honum hærri laun á grundvelli hæfni:

„Það gefur auga leið að geti kennari fengið 260 til 270 þúsund í næsta skóla þá semur hann ekkert við mig um 240 þúsund. Vilji ég halda þeim kennara býð ég honum betri kjör en hann getur fengið í næsta skóla."

Ísaksskóli hefur staðið höllum fæti fjárhagslega og stóð meðal annars ekki skil á vörslusköttum í haust. Edda Huld segir búið að endurfjármagna reksturinn. Foreldrum hafi einnig verið tilkynnt á fundi á miðvikudag að skólagjöld fimm ára barna hækki úr 10.500 í 13.500 á mánuði og skólagjöld skólaskyldra barna úr 13.500 í 16.000 krónur. Ekki liggur fyrir hve mikill launakostnaður skólans verður þar sem enn á eftir að semja um umframhækkun við hvern kennara.

gag@frettabladid.is

**SKÓLAGJÖLD Í ÍSAKSSKÓLA HÆKKA:**

| | |
|---|---|
| - fyrir skólaskyld börn úr: | 13.500 í 16.000 |
| - fyrir fimm ára börn úr: | 0.500 í 13.500 |

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR





**EDDA HULD SIGURÐARDÓTTIR**
Segir ástæðu þess að aðeins tíu af sextán kennurum gangi að nýjum samningi að sex þeirra hafi skipun frá hinu opinbera sem veitir þeim eftirsótt réttindi.



**EIRÍKUR JÓNSSON**
Segir fjölmarga vilja skoða sérsamninga innan veggja grunnskólanna.

Skólastjórar:

## Vilja breyta skólastarfi

**KJARAMÁL** Fjölmargir skólastjórnendur hafa haft samband við Kennarasamband Íslands með það í huga að breyta skólastarfi í grunnskólunum.

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins, segir fimmta ákvæði í nýjum kjarasamningi, þar sem opnað sé fyrir möguleika á sérsamningum í grunnskólum, vekja áhuga margra. Þrír skólastjórar hafi til dæmis haft samband við hann í gær. Þeir vilji skoða breytingar í samráði og samstarfi við sambandið, eins og kveðið sé á um. - gag

Kjarnorkuver:

## Vilja halda í kjarnorku

**HOLLAND, AP** Hollendingar eru á ný farnir að velta því fyrir sér hvort þeir eigi að loka eina kjarnorkuverinu í landinu eða hvort starfrækja eigi það áfram.

Lengi hefur staðið til að loka kjarnorkuverinu. Stjórn jafnaðarmanna ákvað árið 1994 að loka því árið 2004. Árið 2003 ákvað stjórn kristilegra demókrata að fresta lokun versins til ársins 2013. Nú hefur Ben Bot utanríkisráðherra opnað fyrir þann möguleika að starfrækja kjarnorkuverið áfram og fellur það í grýttan jarðveg. ■







Eldsvoði á Sæbraut:

# Strætisvagn skíðlogaði

**LÖGREGLUMÁL** Eldur kom upp í strætisvagni sem ók eftir Sæbraut laust eftir klukkan átta í gærmorgun. Að sögn lögreglu var bílstjórinn einn í vagninum þegar eldurinn kom upp í vél hans.

Bílstjórinn komst ómeiddur undan og reyndi árangurslaust að slökkva eldinn með slökkvitæki, en fyrr en varði var eldurinn orðinn mikill og þegar slökkviliðið mætti á vettvang skíðlogaði strætisvagninn. Slökkvistarfið gekk þó vel fyrir sig. Að sögn lögreglu urðu einhverjar tafir á umferð á meðan á eldsvoðanum stóð, þó ekki miklar.

Vagninn var fluttur á verkstæði Strætó bs. og segir Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, að við fyrstu skoðun virðist bíllinn ekki vera ónýtur og líklega verði hægt að gera við hann. Ekki er ljóst hvernig eða hvers vegna kviknaði í vél bílsins, en Ásgeir segir að bíllinn sé aðeins þriggja ára gamall. Vél bílsins verður rannsökuð svo hægt verði að komast að eldsupptökum. - bs

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VAGNINN BRENNUR**
Strætisvagninn er ekki nema þriggja ára gamall og ekki er vitað hvers vegna eldur kom upp í vél hans.

Eldsteikt er ekta!

# TVEIR FYRIR EINN



Í tilefni 1 árs afmælis Burger King á Íslandi,
bjóðum við tvær Whopper máltíðir á verði einnar.
Gildir vikuna 18. - 24. febrúar á Burger King Smáralind
og Burger King ESSO Ártúnshöfða.

BURGER KING

BURGER KING SMÁRALIND & ESSO ÁRTÚNSHÖFÐA

FERSKAR KJÖTVÖRUR

hausverk



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir hinn nýi forstjóri Flugleiða?

2 Með hverjum hafa Sýrlendingar myndað bandalag?

3 Hvað er langt síðan Kyoto-bókunin var undirrituð?

SVÖRIN ERU Á BLS. 42

Yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar ómyrkur í máli:

# Írak þjálfunarbúðir fyrir hryðjuverkamenn

**BANDARÍKIN, AP** Írak er orðið að þjálfunarbúðum fyrir hryðjuverkamenn sem geta beitt reynslu sinni þaðan til árása annars staðar. Þetta kom fram í máli Porter Goss, yfirmanns bandarísku leyniþjónustunnar (CIA) þegar hann svaraði bandarískum þingmönnum.

„Þeir sem lifa átökin af munu yfirgefa Írak reynslunni ríkari og staðráðnir í að fremja hryðjuverk í borgum.

Þeir eru samansafn manna sem má sækja í til að byggja upp fjölþjóðlegar hryðjuverkahreyfingar og tengslanet,“ sagði Goss.

Goss sagði heiminum enn stafa hætta af hryðjuverkum. „Það kann að vera að aðeins sé tímaspursmál hvenær al-Kaída eða önnur samtök reyna árásir með efnavopnum, sýklavopnum eða kjarnorkuvopnum,“ sagði hann og varaði jafnframt við kjarnorkuvopnaáætlunum Írana og Norður-Kóreumanna.

Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra sagði að líkur væru á frekari hryðjuverkaárásum en tiltók ekki hvar eða hvenær þær kynnu að eiga sér stað. ■



AP MYND

**GOSS LÍTUR Í GÖGN**
Forstjóri CIA varaði við því að hryðjuverkamenn kynnu að nota reynslu sína frá Írak til árása annars staðar.

Reiðir foreldrar:

# Vilja reka forsetann

**NORÐUR-OSSETÍA, AP** Foreldrar barna sem létu lífið þegar rússneskir hermenn réðust gegn gíslatökumönnum í skóla í Beslan krefjast þess að forseti Norður-Ossetíu verði rekinn. Þau skrifuðu Vladimír Pútín Rússlandsforseta bréf og báðu hann um að reka Alexander Dzasokhov úr embætti forseta Norður-Ossetíu.

Foreldrarnir segja stjórnvöld í Norður-Ossetíu spillt og vanhæf til að bregðast við hættunni á hryðjuverkum. Dzasokhov hefur þvertekið fyrir að segja af sér þrátt fyrir fjölda áskorana. ■

PANDA LEÐURSÓFASETT

80.000,-

afsláttur!!!

Opið:
Virka daga kl. 10 - 18,
laugardaga kl. 11 - 16.



3+1+1 í leðri:
Verð áður kr. 279.800,- stgr.
Verð nú kr. 199.800,- stgr.

Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN
Síðumúla 20

Sími 568 8799 I www.ondvegi.is I ondvegi@ondvegi.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FLUGFARÞEGAR FYRIR FRAMAN LEIFSSTÖÐ**
Nýjum reglum Evrópusambandsins um rétt flugfarþega er misjafnlega tekið. Talsmenn Icelandair og Iceland Express telja þó að þær hafi lítil áhrif á íslensku flugfélögin.

# Meiri réttur flugfarþega

**Flugfarþegar eiga rétt á bótum seinki flugi, verði aflýst eða komist þeir ekki vegna yfirbókana, samkvæmt nýjum reglum ESB. Lítil áhrif hérlendis.**

**NEYTENDAMÁL** Flugfarþegar eiga rétt á tugþúsunda króna greiðslum verði þeir af flugi fyrir verknað flugfélagsins sem þeir eiga bókað flug með. Þetta er hluti af nýjum reglum Evrópusambandsins um réttindi flugfarþega sem tóku gildi í gær.

Meðal þess sem reglunum er stefnt gegn er yfirbókanir flugfélaga. Verði yfirbókanir til þess að farþegi komist ekki í flug sem hann á bókaðan miða í verður flugfélagið að greiða honum bætur, misjafnlega háar eftir því hversu langt ferðalag viðkomandi ætlaði í. Hámarksgreiðslan er nú tvöfalt hærri en áður. Flugfélögin eiga þó rétt á að reyna að leysa vandann með því að auglýsa eftir fólki sem er reiðubúið að breyta ferðaáætlun gegn því að fá auka flugmiða eða aðra þjónustu.

**HELSTU BREYTINGAR:**

Bætur fyrir að fá ekki far hækka um tugi þúsunda króna.

Flugfélög greiða bætur ef flugi er aflýst.

Greiða þarf bætur í leiguflugi jafnt sem áætlanaflugi.

Bjóða verður upp á veitingar seinki flugi um meira en tvo klukkutíma.

Farþegar eiga rétt á endurgreiðslu og hótelgistingu ef þörf krefur seinki flugi um fimm tíma.

Flugfélögin verða að veita farþegum fötluðum aðstoð.

**Skaðabætur fái farþegar ekki far:**

| | |
|---|---|
| 0-1.500 km | 20.250 krónur* |
| 1.501-3.500 km | 32.400 krónur* |
| 3.501 km og meira | 48.600 krónur* |

*Miðað við gengi 17. febrúar.*

Nýju reglurnar taka til alls flugs, hvort tveggja áætlanaflugs og leiguflugs, og lágfargjaldaflugfélaga jafnt sem annarra flugfélaga. Áður þurfti ekki að greiða bætur í leiguflugi, og ekki í áætlanaflugi ef flugi var aflýst.

Talsmenn neytenda hafa fagnað nýju reglunum en viðbrögð forsvarsmanna flugfélaga eru blendnari.

„Við verðum að tryggja að farþegar viti af þessum réttindum og notfæri sér þau,“ sagði Jim Murray, framkvæmdastjóri Samtaka evrópskra neytendasamtaka, í samtali við AP-fréttaþjónustuna.

„Þetta er fáránleg löggjöf og við berjumst gegn þessu,“ sagði Michael Cawley, varaforstjóri Ryanair, í viðtali á útvarpsstöðinni BBC Radio 4.

„Þetta hefur sáralítil áhrif hjá okkur,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. „Við höfum í raun farið að þessum reglum á undanförnum árum, eða sambærilegum viðmiðunum,“ segir hann og býst ekki við miklum breytingum vegna nýju reglnanna.

Almar Örn Hilmarsson, forstjóri Iceland Express, á ekki von á að þetta hafi stórkostleg áhrif á sitt félag. „Við fyrstu sýn sýnist mér þetta snúa meira að þeim vandamálum sem stóru gömlu flugfélögin hafa verið að glíma við, svo sem yfirbókanir,“ segir hann og tekur fram að slíkt gerist nánast aldrei hjá Iceland Express. Hann sagðist þó enn vera að kynna sér þetta og því gæti eitthvað breyst.

brynjolfur@frettabladid.is

Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta



Tilboð
Bókaðu fyrir 12. mars og fáðu
1.000
Vildarpunkta fyrir leigu hvar sem er í heiminum

Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér **500 Vildarpunkta** að auki. Bókaðu bílinn núna í 50 50 600 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.

ICELANDAIR Vildarklúbbur
icelandair.is/vildarklubbur

Hertz
50 50 600 • hertzerlendis@hertz.is



VORIÐ
KEMUR FYRST Í DEBENHAMS
FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
Það er vorstemning í öllum deildum á báðum hæðum. Verslunin er hlaðin af frábærum vorfatnaði fyrir konur, karla og börn og dýrlega fallegum húsbúnaði.
PERSÓNULEG STÍLRÁÐGJÖF
Stílisti finnur réttu sniðin og litina og leitast við að draga fram persónulegan stíl hvers og eins. Ráðgjöfin er viðskiptavinum að kostnaðarlausu og ekki skilyrði að eitthvað sé keypt í versluninni. Bókunarsíminn er 522 8000.
Alltaf
PS
DEBENHAMS
Persónulegur stílisti
DEBENHAMS
SMÁRALIND
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 27423 02/2005






Formaður Læknafélags Íslands um ávísun á COX verkjalyf:

# Óviðeigandi gagnrýni

**LYFJAMÁL** Formaður Læknafélags Íslands kveðst telja ummæli Ingu J. Arnardóttur, deildarstjóra Tryggingastofnunar, mjög óviðeigandi vegna þess að forsendur gagnrýni hennar á lækna virðist einkum byggjast á fjárhagslegum sjónarmiðum.

Á nýafstaðinni ráðstefnu um lyfjamál sagði Inga að eftir að verkjalyfið Vioxx hefði verið tekið af markaði í haust sem leið, hefði sjúklingum verið ávísað á önnur COX-II lyf í sama flokki og Vioxx. Hún teldi lækna ekki hafa verið nógu varkára í þessum efnum.

Formaður Læknafélagsins, Sigurbjörn Sveinsson, sagði að hvað varðaði faglegar athugasemdir deildarstjóra Tryggingastofnunar þá væru þær „óviðeigandi og verður það athugað sérstaklega“, eins og hann orðaði það. Aðspurður kvaðst Sigurbjörn ekki vilja tjá sig frekar um þá athugun.

Hann benti á að það væru aðrir en læknar sem ættu að hafa eftirlit með því á hvaða forsendum þessi lyf væru á markaði. Þau kæmu mjög mörgum sjúklingum til góða og bættu líf þeirra. „Á meðan gefa læknar út lyfseðla á þessi lyf í þágu sjúklinganna,“ sagði Sigurbjörn. „Það eru ekki öll kurl komin til grafar í þessu máli.“

- jss


**SIGURBJÖRN SVEINSSON**
Ekki öll kurl komin til grafar.

# Óskastaða fyrir útgerðarmenn

**Hagfræðilektor við Háskólann segir gengi krónunnar um þessar mundir óskastöðu fyrir útgerðina. Hagfræðingur LÍÚ segir þetta rangt og ef gengið verði ekki lagfært stefni í holskeflu. Hið opinbera sýni enga viðleitni til að bregðast við þessu.**

**GENGISÞRÓUN** Staða gengisins um þessar mundir er svipuð og hún var árið 1999 segir Guðmundur Ólafsson hagfræðingur. Síðan þá hafi gengi dollarans hækkað, hæst í rúmar 107 krónur í nóvember 2001, en svo lækkað aftur. Sveifla pundsins hafi verið helmingi minni. Gengi evrunnar hafi hins vegar sveiflast lítið. „Gengi þeirra gjaldmiðla sem við seljum í er í lagi, en gengi dollara, sem útgerðin skuldar í, lækkar. Þetta er því óskastaða fyrir útgerðina,“ segir Guðmundur en bætir því við að olíuverð hafi hækkað mikið auk þess sem laun hafi hækkað töluvert.


**GUÐMUNDUR ÓLAFSSON**

Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur LÍÚ, andmælir þessu og bendir á að hluti bæði tekna og skulda sjávarútvegsfyrirtækja sé í dollurum, en flestar skuldir séu í einhverjum myntkörfum. Guðmundur bendir á hins vegar að mun minni hluti tekna útgerðarinnar séu í dollurum en evrum og pundum. Auk þess vegi dollarinn þungt í myntkörfum.


**SVEINN HJÖRTUR HJARTARSON**

Sveinn Hjörtur bendir jafnframt á að í stað þess að gengisvísitalan sé í kringum 130, sem sé eðlilegt viðmiðunargengi, sé vísitalan nú 111. Það þýði að tekjumöguleikar greinarinnar hafi lækkað um 15 prósent og að gengið sé orðið mun hærra en útflutningsgreinar ráða við. Til samanburðar má benda á að gengisvísitala í byrjun árs 1999 var í kringum 113.

„Það sem skiptir máli er ofhitnun hagkerfisins,“ segir Sveinn og bætir því við að til að bregðast við og kæla hitastigið niður þurfi ríki og sveitarfélög að draga úr framkvæmdum, en þar á bæ sé engin viðleitni til aðhalds. Í því samhengi bendir hann á að launaþróun hjá hinu opinbera sé umfram aðra auk þess sem verð á húsnæði spenni upp verðbólgu og þenslu. Því sé mikilvægt að spyrna við fótum og leiðrétta gengið, svo ekki gangi yfir holskeflur sem við ráðum lítt við. „Við þolum það ekki mjög lengi að vera með einn sterkasta gjaldmiðil í heimi.“

svanborg@frettabladid.is



**ÞRÓUN GENGIS**
Þróun gengis dollara, punds og evru í íslenskum krónum.



**VÍSITALAN**
Þróun gengisvísitölu (vís gildi).



Ósáttur við að hafa ekki verið með í verðkönnun Samkeppnisstofnunar:

# Sægreifinn segist ódýrastur

**NEYTENDUR** Kristín Færseth, deildarstjóri hjá Samkeppnisstofnun, segir það leitt að Sægreifinn hafi ekki verið með í árlegri verðkönnun stofnunarinnar á fiski í síðustu viku. „Við leitumst við að hafa allar fiskbúðir með í úrtakinu en þar sem Sægreifinn var ekki skráður í símaskrá undir heitinu fiskbúð fórst það fyrir að taka hann með,“ segir Kristín.

Kjartan Halldórsson, eigandi Sægreifans, hafði samband við Samkeppnisstofnun og fékk þau svör að hann yrði með í næstu verðkönnun að ári.

„Maður hefur náttúrlega orðið fyrir ákveðnu tjóni af því að vera ekki með í könnuninni en ég hefði orðið ódýrastur í öllum flokkunum,“ segir Kjartan. Hann tekur dæmi um fersk ýsuflök í lofttæmdum umbúðum á 550 krónur kílóið, sem hann hefur lengi boðið upp á. Kristín segir ekkert annað í stöðunni en að bjóða Kjartan velkominn að ári, því ekki sé hægt að endurtaka verðkönnunina.

Kjartan mætti með verðskrá Sægreifans upp í Samkeppnisstofnun og afhenti Kristínu, sem staðfesti að Sægreifinn seldi ódýran fisk.

- sdg



**KJARTAN Í SÆGREIFANUM**
Ósáttur við að hafa ekki verið með í verðkönnun Samkeppnisstofnunar.

Fjarðabyggð:

# Átak í umferðinni

**LÖGREGLUMÁL** „Við sýnum enga linkind, bara upp með blokkina og fólk er sektað ef það fer ekki eftir lögum,“ segir Bjarni Sveinsson, aðalvarðstjóri í lögreglunni í Fjarðabyggð, en lögreglan þar og á Norðfirði hefur staðið fyrir umferðarátaki undanfarnar þrjár vikur.

Bjarna finnst of mikið um að fólk aki án bílbelta eða tali í símann á meðan á akstri stendur. Hann bætir því þó við að færri hafi verið teknir eftir því sem liðið hafi á átakið en minnir á að Fjarðabúar megi eiga vona á reglulegu átaki lögreglunnar í framtíðinni og því sé um að gera að vanda aksturinn.

- bs



**RÝNT Í KORTIÐ**
Páll Steingrímsson kvikmyndagerðarmaður, Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufræðingur og Friðþjófur Helgason kvikmyndatökumaður skoða kortið.

Hraðbúð Esso:

# Umhverfiskorti hent

**EGILSSTAÐIR** Kassi með 100 stykkjum af bæklingnum Íslandi örum skornu hvarf úr Hraðbúð Esso á Egilsstöðum án þess að nokkrir bæklingar væru lagðir fram til kynnis. Umhverfissinnar gáfu kortið út og á það að sýna Ísland eftir fimmtán ár ef hugmyndir stjórnvalda um stóriðju ná fram að ganga.

Gunnlaugur Axelsson verslunarstjóri segir að sér hafi verið sendur kassinn þó að hann hafi ekki átt að fá alla bæklingana í kassanum. Kassanum hafi svo verið hent fyrir mistök þegar starfsmaður hafi verið að taka til. Hann hafi boðist til að fá annan kassa og setja fram bæklinga en ekki sé ljóst hvort af því verði.

- ghs



**ÓLIVER GERIR ÞAÐ GOTT**
Gunnar Örn Stephensen fer með hlutverk Ólivers.

Leikfélag Akureyrar:

# Pakkið víkur fyrir Óliver

**LEIKHÚS** Vegna mikillar aðsóknar verður sýningum Leikfélags Akureyrar á söngleiknum Óliver haldið áfram út mars en til stóð að hætta þeim í febrúarlok til að koma Pakkinu á móti, næsta verkefni LA, á fjalirnar. Þrátt fyrir fjölda aukasýninga á Óliver hafa ekki allir séð sem vilja leikritið og brugðu leikhúsmenn á það ráð að bíða með að frumsýna Pakkið á móti þar til í byrjun apríl.

„Viðtökur hafa farið fram úr okkar björtustu vonum og við erum í skýjunum,“ segir Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri.

- bþs



**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ANDRÉS SIGMUNDSSON BÆJARFULLTRÚI

# Tók svuntuna af snaganum



„Það er bara allt fínt að frétta af mér, ég er bara hress og kátur," segir Andrés Sigmundsson, fulltrúi framsóknarmanna í bæjarráði Vestmannaeyja, þegar blaðamaður innir hann eftir tíðindum. Andrési finnst málefni Kristins H. Gunnarssonar bera helst til tíðinda en er Kristinn maður að hans skapi? „Ég held að öllum framsóknarmönnum finnist Kristinn frábær og það er frábært að þessar sættir tókust milli hans og flokksins. Það varð bara að gerast." Það ríkir sjaldnast lognmolla í kringum Andrés og hann segir að það sé í nógu að snúast þessa dagana, bæði í kringum sjálfan sig og bæjarmálin. „Það er ekkert nema bögglið í bæjarmálunum. Þetta er bara eitt stórt núll; það er ekkert í gangi og ég get ekki séð að það verði neitt í gangi." Andrés starfaði sem bakari áður fyrr og þó að hann sé löngu búinn að hengja svuntuna á snagann gaf hann sér tíma til að aðstoða krakkana í Hamarsskóla við bakstur á dönskum dögum fyrir skemmstu. „Þetta tókst alveg afbragðsvel og krakkarnir slógu alveg í gegn." Aðspurður hvort hann geti hugsað sér að snúa sér aftur að bakstrinum fari honum að leiðast bæjarmálin, þorir Andrés ekkert að útiloka. „Það er aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér og best að láta það bara í hendurnar á æðri máttarvöldum."

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



**FLUGFAR TIL STOKKHÓLMS Á MORGUN KOSTAR 78.260 KRÓNUR**
Verð Icelandair, pantað á icelandair.is í gær.


# Ráðstefna um málefni geðsjúkra

**Samfylkingin boðar til ráðstefnu um málefni geðsjúkra laugardaginn 19. febrúar í Versölum á Hallveigarstíg 1 í Reykjavík.**



*Össur* *Ágúst Ólafur*

Fundarstjóri
**Ágúst Ólafur Ágústsson**, alþingismaður

**Dagskrá**

13.00 Setning ráðstefnu:
**Össur Skarphéðinsson**, formaður Samfylkingarinnar

13.20 **Tímamót**
**Sigursteinn Másson**, formaður Geðhjálpar

13.30 **Geðheilsan og gæfan: Um hlutverk félagslegrar samhjálpar í eflingu geðheilsu**
**Páll Biering**, lektor í geðhjúkrun við Háskóla Íslands

13.40 **Aðkoma geðsjúkra að ákvarðanatöku**
**Elín Ebba Ásmundsdóttir**, forstöðuiðjuþjálfi geðsviðs Landspítala-háskólasjúkrahúss og lektor við Háskólann á Akureyri

13.50 **Frá veikindum til virkni**
**Anna S. Valdemarsdóttir**, iðjuþjálfi og framkvæmdarstjóri klúbbsins Geysis og **Kristín Kristjánsdóttir**, félagi í klúbbnum Geysi



*Sigursteinn* *Páll* *Elín Ebba* *Anna* *Kristín*

14.00 *Kaffihlé*

14.20 **Framtíð geðsjúkra barna og unglinga**
**Vilborg G. Guðnadóttir**, hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri barna- og unglingageðdeildar BUGL Landspítala - háskólasjúkrahúss

14.30 **Sjálfsögð þjónusta í heimabyggð**
**Ragnheiður Hergeirsdóttir**, bæjarfulltrúi í Árborg og framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu fatlaðra Suðurlandi

14.40 **Nauðsynlegar kerfisbreytingar í þágu geðsjúkra**
**Eydís Sveinbjarnardóttir**, geðhjúkrunarfræðingur og sviðstjóri hjúkrunar á geðsviði Landspítala-háskólasjúkrahúss

14.50 **Geðheilbrigðisyfirlýsing og aðgerðaáætlun WHO fyrir Evrópu 2005. Möguleg aðlögun og framkvæmd hennar á Íslandi**
**Héðinn Unnsteinsson**, tæknilegur ráðgjafi hjá Geðheilbrigðisáætlun Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofu



*Vilborg* *Ragnheiður* *Eydís* *Héðinn*

15.20 **Spurningar úr sal og umræður**
16.15 Ráðstefnulok

**Allir velkomnir – aðgangur ókeypis**

Samfylkingin
www.samfylking.is


# Jón Karl Helgason ekki næsti forstjóri Icelandair

**Bókmenntafræðingur og kvikmyndagerðarmaður hafa gaman af að vera ruglað saman við nafna sinn, hinn nýráðna forstjóra Icelandair. Sá er hins vegar Ólafsson en ekki Helgason eins og þeir. Skammdegisþreytu er kennt um ruglinginn.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**JÓN KARL HELGASON BÓKMENNTAFRÆÐINGUR**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**JÓN KARL HELGASON KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR**

„Nei, ég er ekki að verða forstjóri Icelandair," segir Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur. „Ég hefði glaður viljað taka það starf að mér en það er ekki þannig," segir Jón Karl Helgason kvikmyndagerðarmaður. Í fréttum Útvarps á miðvikudag og í leiðara Morgunblaðsins í gær var sagt að Jón Karl Helgason hefði verið ráðinn forstjóri Icelandair. Þarna var misfarið með föðurnafn því hið rétta er að hinn nýráðni Jón Karl er Ólafsson. Raunar kom hið sanna fram annars staðar í fréttum Útvarpsins, sem og í frétt Morgunblaðsins af ráðningunni.

„Pabbi hringdi í mig og lét mig vita af þessu, ég heyrði þetta ekki sjálfur," segir Jón Karl bókmenntafræðingur. Og hann er ekki forstjóralegri en svo að dóttir hans fjögurra ára sagði honum að hann væri ekki forstjóri og hafði ekki heyrt fáránlegri hlut. Hann segist þó treysta nafna sínum kvikmyndagerðarmanninum fyrir starfinu. „Honum treysti ég til hvers sem er. Hann er einn fjölhæfasti maður á jarðríki. Í það minnsta í kvikmyndageiranum, þar sem ég held að hann geti leikið öll hlutverk, báðum megin myndavélar."



**JÓN KARL ÓLAFSSON FORSTJÓRI**

Og Jón Karl er einmitt með kvikmyndatökuvélina á lofti þessa dagana, er að taka upp nýja þáttaröð um bakarann þrekvaxna Jóa Fel.

Jón Karl bókmenntafræðingur, sem vinnur hjá Bjarti, segist hafa gaman af þessum ruglingi og ekki geta annað en hlegið. „Annars hitti ég nú nafna minn forstjórann einu sinni og finnst hann betri í þetta starf en ég."

Jón Karl Helgason kvikmyndagerðarmaður hefur einnig gaman af og kann að auki skýringu á ruglingnum. „Það er komin einhver þreyta í þjóðfélagið. Ég sá að í þinginu voru menn að setjast í gamla stóla og ruglast á nöfnum og titlum. Skammdegið hefur farið illa með menn og þeir ekki hvílst heldur keyrt sig út. Þreytan er að koma í ljós. Það er ekki annað að gera en að treysta á hækkandi sól."

**bjorn@frettabladid.is**

Hornfirsku hljómsveitinni KUSK gekk vel í Stokkhólmi:

# Ævintýri sveitavarga

„Þetta gekk mjög vel og ég varð ekki var við annað en að góður rómur væri gerður að leik okkar," segir Heiðar Sigurðsson, söngvari og hljómborðsleikari hornfirsku hljómsveitarinnar KUSK sem lék um síðustu helgi á þorrablóti Íslendingafélagsins í Stokkhólmi.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu á mánudag var þetta í fyrsta sinn sem hornfirsk hljómsveit spilar í útlöndum. Heimildir eru í það minnsta ekki til um annað.

„Það var mikið stuð og við spiluðum til hálf fjögur um nóttina. Menn voru greinilega þyrstir í íslenskt sveitaballapopp," segir Heiðar en 270 manns sóttu blótið. Það er um 340% fleiri en í fyrra, þegar aðeins 80 mættu á svæðið.

Allt fór vel fram, ekkert var slegist og Heiðar er að vonum sáttur. „Þetta var frábær ferð og mjög skemmtilegt fyrir okkur sveitavarginn að komast í svona ævintýri."



**HLJÓMSVEITIN KUSK**
Mun að öllum líkindum spila á Broadway í Reykjavík á næstu vikum.

Þó að þetta sé í fyrsta sinn sem hornfirsk hljómsveit heldur utan er ekki þar með sagt að tónlistarfólk frá staðnum hafi ekki gert það gott í gegnum árin. Hljómborðsleikarinn góðþekki Grétar Örvarsson er Hornfirðingur og það eru líka djassbræðurnir kunnu Ómar og Óskar Guðjónssynir. Þá er leikkonan Ólafía Hrönn Jónsdóttir frá Hornafirði en hún hefur lengi duflað við tónlistina meðfram leikhússtörfum.

- bþs


**fasteignir**
✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ

Þingflokkur Framsóknarflokksins á sögulegum sáttafundi:

# Sættust yfir eldsteiktri tindabikkju

Ein athyglisverðasta frétt vikunnar er án efa að sættir náðust milli Kristins H. Gunnarssonar og hinna ellefu þingmanna Framsóknarflokksins. Þessi sögulegi atburður átti sér stað á veitingastaðnum Við Tjörnina en sá stendur við Templarasund, á ská á móti Alþingishúsinu.

Íris Emilsdóttir, starfsmaður veitingastaðarins, segist þess fullviss að andrúmsloft staðarins hafi haft sitt að segja um að sættir náðust. „Það er ekki spurning, húsið hafði tvímælalaust sín áhrif enda er svo kósí og notalegt hjá okkur.“ Í ofanálag eru gardínurnar, sem dregnar voru fyrir glugga salarins sem Framararnir sátu í, prýddar fiðrildum en sem kunnugt er eru fiðrildi tákn um bjartari tíð með blóm í haga.

Það er svo greinilegt af orðum Írisar að þingmenn Framsóknarflokksins eru óskagestir hvers veitingamanns. „Þetta er óskaplega kurteist og indælt fólk,“ segir hún. Flestir fengu þeir sér heitreyktan svartfugl í forrétt og eldsteikta tindabikkju í aðalrétt.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem fólk nær sáttum við Tjörnina, fyrir því hefur Íris vissu. „Það er ekki spurning. Hér hafa til dæmis hjón náð sáttum enda svo mikil rómantík í húsinu.“

Hvort það hafi haft sín áhrif að nýlega var sett upp málverk eftir Ómar Stefánsson yfir útidyrum staðarins skal ósagt látið en hann er jú nafni hins ötula bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins í Kópavogi. Heil sýning á verkum Ómars hefst á veitingastaðnum Við Tjörnina í dag.

- bþs



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HÉR SÆTTUST FRAMSÓKNARMENN Á ÞRIÐJUDAGINN** Sonja Lind Eyglóardóttir og Íris Emilsdóttir. Sonja þjónaði þingmönnum Framsóknarflokksins til borðs á þriðjudagskvöld.



**NÝJASTI FM-HNAKKINN** Með því fyrsta sem Brynjar gerði var að skipta um símanúmer. Nú endar númerið hans á 957 en gamla númerið endaði á 895, sem er tíðni Kiss FM.

Útvarp:

# Brynjar orðinn FM-hnakki

Fleiri færa sig um set þessa dagana en Flugleiðafólk. Útvarpsmaðurinn geðþekki Brynjar Már Valdimarsson, sem í fimm ár var á Steríó og svo á Kiss FM, hefur verið ráðinn á FM 957, sem er í eigu 365 – ljósvakamiðla. „Ég byrjaði fyrir viku og líkar ofsalega vel,“ segir Brynjar, sem var í tollvöru- og flutningabransanum hjá Jónum transport áður en hann byrjaði í útvarpinu. Hann kann mun betur við sig í tónlistarvafstrinu en að sýsla með tollskýrslur. „Þetta er miklu skemmtilegra, ég hef alltaf verið í tónlist, var í sveitaballahljómsveitinni Undrinu í gamla daga og svo hef ég verið að plötusnúðast.“

Starfsmenn FM 957 hafa lengi verið kallaðir FM-hnakkar og samkvæmt því er Brynjar Már orðinn einn slíkur. Og hann er hinn sælasti með það. „Það er bara ofsalega fínt að vera orðinn FM-hnakki. Við erum miklir vinir hér á stöðinni og maður er kominn í góða fjölskyldu.“

- bþs



**JAGÚARUNGINN RAMSES** Ramses er nýorðinn þriggja mánaða en hann býr í dýragarði í borginni Managua í Níkaragúa.


www.hekla.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

Himinn og haf/SÍA – 9050134

nb.is sparisjóður hf., Ármúla 13a, 108 Reykjavík

nb.is

Sama slóðin, frábær þjónusta, einstök þægindi, betri vextir og

# nýtt merki

fyrir framtíðina!

Markmið Netbankans er að bjóða einstaklingum upp á betri vexti með því að nota Netið í bankaviðskiptum, en jafnframt að bjóða viðskiptavinum sínum upp á faglega ráðgjöf og frábæra þjónustu.

Hafðu samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 550 1800 eða kynntu þér málið á nb.is

Netbankinn
– með betri vexti

360 gráður

FBL GREINING: SÝRLAND

# Líbanon síðasta trompið í stokknum

Þrátt fyrir að enn liggi ekki fyrir hver stóð að baki morðinu á Rafik Hariri, fyrrum forsætisráðherra Líbanon, hefur tilræðið orðið til að auka mjög þrýsting á Sýrlendinga um að draga sig í hlé í Líbanon, þar sem þeir hafa lengi ráðið ferðinni.

Þeir sem hafa verið hvað harðastir í gagnrýni sinni á Sýrlendinga eru Bandaríkjamenn. Helstu viðbrögð þeirra við morðinu á Hariri voru að kalla sendiherra sinn heim frá Amman, höfuðborg Sýrlands. Þeir segja ekkert til um hvenær hann snúi aftur.

„Ástæðan núna var Líbanon, en því miður lengist listinn yfir þau vandamál sem við stríðum við vegna Sýrlands," sagði Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

En hver eru þessi vandamál?



**ASSAD OG SENDIHERRANN**
Bashar Assad, forseti Sýrlands, tók á móti bandaríska sendiherranum Margaret Scobey fáum dögum áður en hún var kölluð heim.

Helsta vandamálið, sem önnur vandamál stafa að nokkru leyti af, er að Sýrlendingar hafa notað Líbanon til að styrkja stöðu sína í valdatafli Mið-Austurlanda. Þannig vilja þeir tryggja að þeir standi ekki einir eftir í deilum við Ísraela eftir að önnur ríki á svæðinu hafa tekið upp friðsamlegri sambúð við Ísrael og leyst deilur sínar.

Þetta birtist meðal annars í því að fimmtán árum eftir lok blóðugs borgarastríðs í Líbanon hafa Sýrlendingar enn 15 þúsund hermenn í landinu, þrátt fyrir andmæli heimamanna og Sameinuðu þjóðanna. Forsetinn er hliðhollur Sýrlendingum, sem hafa úrslitaáhrif á líbönsk stjórnmál.

Annað sem veldur erlendum ríkjum áhyggjum er stuðningur Sýrlendinga við Hezbollah-skæruliða sem hafa bækistöðvar í suðurhluta Líbanon. Með því halda Sýrlendingar uppi þrýstingi á Ísraela, sem þeir deila enn við um yfirráð á Gólanhæðum og nærliggjandi landsvæðum.

Bandaríkjamenn gripu í fyrra á það ráð að beita Sýrlendinga efnahagsþvingunum eftir að hafa sakað þá um að leyfa vígamönnum að fara um land sitt til að ráðast á Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra í Írak, nokkuð sem Sýrlendingar neita.

Í september síðastliðnum krafðist öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þess að Sýrlendingar drægju herlið sitt frá Líbanon og hættu að hafa afskipti af líbönskum stjórnmálum. Því hafa Sýrlendingar ekki sinnt og gera væntanlega ekki meðan þeir líta svo á að sjálfstætt Líbanon kynni að samþykkja friðarsáttmála við Ísraela og skilja Sýrlendinga eina eftir í deilum við þá.

## SPURT & SVARAÐ

SJÚKRAHÚSBAKTERÍA



### Ekki alltaf upprætt

Hjartadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss var lokað vegna sjúkrahúsbakteríu sem fannst á deildinni í síðustu viku. Guðrún Sigmundsdóttir, sérfræðingur á sýklafræðideild LSH:

**Hvað er sjúkrahúsbaktería?**
Núna er rætt um Mosa, eða methicillinónæman stafílókokka aureus, sem sjúkrahúsbakteríu. Við getum borið hann með okkur en hins vegar er vandamál innan spítala þegar hann verður ónæmur fyrir ákveðnum tegundum sýklalyfja og veldur sýkingum hjá sjúklingum sem liggja þar inni.

**Af hverju hefur bakterían ekki náð fótfestu hér?**
Við höfum mjög harðar aðgerðir til að halda bakteríunni í burtu. Ef hún greinist er fólk sett í einangrun. Leitað er á starfsfólki og sjúklingum í kring. Allir sem greinast fá upprætingarmeðferð. Starfsfólk sem sent er heim hefur í öllum tilfellum komið aftur til vinnu þegar búið er að losa það við bakteríuna. Einstaka dæmi eru um að ekki hafi tekist að losa sjúkling við hana en enginn hefur látist af völdum Mosa á Íslandi.

# Viðsnúningur á leigumarkaði

**Spurn eftir leiguhúsnæði er mun minni en framboðið. Þessu valda bætt kjör á fasteignalánamarkaði þannig að fleiri geta keypt sér íbúð en áður. Leiga hefur lítið sem ekkert hækkað síðustu misseri.**

Það er af sem áður var þegar slegist var um hverja einustu leiguíbúð á höfuðborgarsvæðinu og leigutakar gátu sett upp það verð sem þeim þóknaðist. Nýir möguleikar á fasteignalánamarkaði gera það að verkum að fleiri geta keypt sér eigið húsnæði og því hefur spurn eftir leiguíbúðum minnkað. Leigjendur njóta góðs af þessu en leigusalar síður.

„Markaðurinn var í algerum toppi í kringum árið 2001 en síðan þá hefur dregið úr eftirspurninni," segir Guðlaugur Örn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Leigulistans. „Við merktum greinilega breytingu þegar 100 prósenta lánin komu á markaðinn en þá varð ákveðið stopp. Það er greinilegt að markaðurinn var reyna að átta sig á hlutunum, fólk virtist spyrja sig hvort það ætti að fara að leigja eða kaupa. Síðan hefur mér þótt þetta fara í nokkuð eðlilegt horf."



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GUÐLAUGUR ÖRN ÞORSTEINSSON**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ELÍS ANTON SIGURÐSSON**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÞÓRA DÖGG JÚLÍUSDÓTTIR**

Lausleg könnun Fréttablaðsins leiðir í ljós að endaskipti hafa orðið á hlutunum síðan 2001. Fyrstu vikurnar í janúar það ár birtust 163 smáauglýsingar í DV þar sem óskað var eftir húsnæði en aðeins var húsnæði í boði í 77 auglýsingum. Nú, fjórum árum síðar hefur þetta algerlega snúist við. Fyrstu vikur síðasta mánaðar birtust 76 smáauglýsingar í Fréttablaðinu þar sem óskað var eftir húsnæði en 174 auglýsingar um að húsnæði væri í boði. Leigjendamarkaður hefur því leyst leigusalamarkaðinn af hólmi.

### Litlar hækkanir

Miklar verðhækkanir hafa einkennt fasteignamarkaðinn undanfarin misseri en þær virðast ekki skila sér út í leiguverðlagið. Löng hefð er fyrir að miða við að hver fermetri leiguhúsnæðis kosti þúsund krónur og sú þumalputtaregla virðist enn í gildi. „Raunverð hefur ekki hækkað, aðeins haldið í miðað við almennar verðhækkanir," segir Guðlaugur.

Í svipaðan streng tekur Elís Anton Sigurðsson leigusali en hann hefur í mörg ár leigt út íbúðir. „Ég átti tveggja herbergja íbúð árið 1995 en þá var leigan 35.000 krónur. Sú íbúð kostaði 4,6 milljónir þá og er á svona 11 milljónir í dag. Leiguverð í slíkri íbúð nú er um 70.000 krónur. Leigan tvöfaldast á meðan íbúðarverðið þrefaldast," segir Elís. Því má búast við að margir leigutakar sjái sér leik á borði og selji íbúðir sínar á meðan viðskipti með fasteignir eru svo mikil.

Á sama tíma hefur þróunin verið sú að afborganir á húsnæðislánum eru orðnar mjög svipaðar leiguverði og því vaknar eðlilega sú spurning hjá fólki hvort ekki sé betra að kaupa. Um þetta eru þeir Guðlaugur og Elís sammála.

### Líflegur leigumarkaður

Hvað sem þessu líður er ljóst að leigumarkaðurinn er líflegur sem aldrei fyrr. Elís auglýsti íbúð í Fréttablaðinu og viðbrögðin létu ekki á sér standa. „Það varð sprenging, tuttugu manns hringdu og vildu leigja. Ég bjóst alveg eins við því að ástandið hefði róast en ég fann góða leigjendur sem borga í samræmi við það sem ég setti upp."

Minnkandi eftirspurn þýðir því ekki að þeir leigjendur sem eftir eru á markaðnum séu vafasamir fyrst þeir hafa af einhverjum ástæðum ekki keypt sér íbúð. „Ég held að það sé alltaf ákveðinn hópur sem kaupir ekki, til dæmis ungt fólk sem vill ekki skuldbindingar, er að fara að ferðast eða út í nám," segir Elís.

Ein þeirra er Þóra Dögg Júlíusdóttir, 22 ára, sem vinnur í tölvugeiranum. Hún auglýsti fyrir skemmstu eftir íbúð og fékk fjögur tilboð. Þóra tók einu þeirra og flytur senn í hús í Langholtshverfinu. „Ég fékk það sem ég lagði upp með og á góðu verði, það er bara spurning um að leita og vera þolinmóður."

Erfitt er að segja hvort jafnvægi kemst á leigumarkaðinn á næstu misserum eða að leigjendurnir haldi áfram að njóta góðs af ástandinu. Í það minnsta verður einhver bið á að auglýsing birtist á borð þá sem lesa mátti í DV í janúar 2001: „Hreysi óskast. Óska eftir ljótri eða illa farinni íbúð í Rvk sem er ekki manni bjóðandi til leigu eða kaups."

sveinng@frettabladid.is



**NÓG ER AF ÍBÚÐUNUM**
Framboð af leiguhúsnæði er mun meira en eftirspurnin. Leigjendamarkaður hefur því komið í stað leigusalamarkaðarins sem hér ríkti fyrir fáeinum misserum.




Tilboðin gilda til sunnudags 20. feb. eða meðan birgðir endast
Allt fyrir frúna...
Villikryddað lambalæri
899 kg KR.
Kjarnafæði
Villijurtakryddað
LÚXUS LAMBALÆRI
Kolsýrt vatn
2 LÍTRAR
89 KR.
EKKERT BRUÐL
BEINLAUS LAMBASTEIK
PESTÓ HELGARSTEIK
1099 kg KR.
35% afsláttur við kassann
Úrbeinuð og skinnlaus HOLTA kjúklingalæri
ÚRBEINUÐ OG SKINNLAUS HOLTALÆRI
975 kg KR.
35% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1499kr.
139 KR.
1 lítri
Florida
BÓNUS
45 KR.
500 ml
PRIPPS
KARTÖFLUSALAT/HRÁSALAT
99 KR.
350g
Hrásalat
Kartöflusalat
9 króna skilagjald fæst fyrir Bónus Floridanabrúsann í Endurvinnslunni!
FERSKAR ALI SVÍNAKÓTELETTUR
779 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1298kr.
SVÍNAKJÖT
40% afsláttur við kassann
FERSKAR ALI SVÍNAKÓTELETTUR
SARA LEE súkkulaðikaka með stutt geymsluþol (1. mars 2005)
95% fat free
Sara Lee
Light Double Chocolate Gateau
99 KR.
kakan
8 kökur
199 KR.
Mariachi
8 FLOUR TORTILLAS
Nýtt kortatímabil!
BLANDAÐ BÓNUSHAKK
BÓNUS
499 KR.
KÍLÓVERÐ
GOLDEN JASMINE HRÍSGRJÓN
5x100g
99 KR.
Frosnir BÓNUS hamborgarar
999 KR.
10x115g
115g hver hamborgari
Aðaldagar ársins!
10 frosnir ungnauta Bónushamborgarar
BÓNUS



35%
AFSLÁTTUR
KEA Léttreyktur lambahryggur
989
kr./kg með afslætti
FS Ýsuflök fersk
499
kr./kg með afslætti
37%
AFSLÁTTUR
Gourmet ofnsteik með rauðvínsblæ
995
kr./kg með afslætti
Maryland rauður
69
kr./stk.
Dalhof kökur
129
kr./stk.
Myllu samlokubrauð gróf og fín
129
kr./stk.
Opið alla daga vikunnar
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / HÖFN / ÞORLÁKSHÖFN
11-19 10-19 11-21 11-21 11-21 11-19 11-24 11-19 11-19 11-19
virkir dagar 11-20
laugardagar 11-18
sunnudagar 11-16


KRÓNAN
KOSTAR MINNA
40%
AFSLÁTTUR
Krónu grísahnakki gráðostafylltur
974
kr./kg með afslætti
750g
coop x-tra
X-tra Kornflex
99
kr./pk.
Náttúru epla og appelsínusafi
99
kr./1l
Bounty select
298
kr./stk.
Bounty
Easy þvottaduft color 900 g
199
kr./pk.
Easy
Colourcare
kinder to colours
uð epli
79
kr./kg
X-tra Glerhreinsir
89
kr./stk.
500 ml
Blómvendir
498
kr./stk.
Nivea sjampó 400 ml.
259
kr./stk.
400 ml.
NIVEA
SHAMPOO

# KRÓNAN
KOSTAR MINNA

40%
AFSLÁTTUR

**Krónu grísahnakki gráðostafylltur**
974
kr./kg með afslætti

750g

**X-tra Kornflex**
99
kr./pk.

**Náttúru epla og appelsínusafi**
99
kr./1l

**Bounty select**
298
kr./stk.

**Rauð epli**
79
kr./kg

**Easy þvottaduft color 900 g**
199
kr./pk.

**Camembert**
199
kr./stk.

**Nivea sjampó 400 ml.**
259
kr./stk.

400 ml.

**X-tra Glerhreinsir**
89
kr./stk.

**Blómvendir**
498
kr./stk.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Um fjörutíu börn veikjast alvarlega á hverju ári eða greinast með mikla fötlun.

## Vandi foreldra langveikra barna

Það er ekki oft sem þingmenn stjórnarandstöðunnar fara í ræðustól á Alþingi og þakka ráðherrum sérstaklega fyrir eitthvað sem þeir hafa fram að færa. Þetta gerðist þó á miðvikudag þegar Árni Magnússon félagsmálaráðherra hafði greint frá þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja til við Alþingi að foreldrar langveikra eða fatlaðra barna fái greiðslur úr ríkissjóði í allt að þrjá mánuði þegar börnin veikjast alvarlega eða greinast með alvarlega fötlun. Þá tilkynnti ráðherra einnig að þegar um væri að ræða mjög alvarleg veikindi eða fötlun ættu foreldrar rétt á greiðslum frá hinu opinbera í allt að níu mánuði.

**Foreldrar langveikra og fatlaðra barna hafa fagnað þessu framtaki, þótt enn sé töluvert í að það verði að veruleika. Fyrstu skrefin verða stigin í janúar á næsta ári, og tíu árum eftir að Alþingi ályktaði um það er ráðgert að lögin verði að fullu komin til framkvæmda.**

Þegar börn veikjast alvarlega hefur það gífurleg áhrif á heimilislífið, og í sumum tilfellum hefur fólk þurft að hætta að stunda almenna vinnu til þess að geta sinnt veikum börnum sínum. Fram til þessa hafa foreldrar getað verið heima hjá börnum sínum á fullum launum í 7-10 daga á ári, og fer dagafjöldinn eftir kjarasamningum viðkomandi. Í ákveðnum tilfellum hafa sjúkrasjóðir veralýðsfélaga komið til móts við foreldra alvarlega veikra barna, svo að þeir geti annast þau heima eða verið hjá þeim á sjúkrahúsum.

Tillögur þær sem félagsmálaráðherra greindi frá á Alþingi á miðvikudag eru afrakstur vinnu nefndar sem skipuð var árið 2001, en sú nefnd var skipuð í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna árið 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður hefur oft á tíðum borið fram mál á Alþingi sem varða þá sem lítils mega sín í þjóðfélaginu , eða varðandi réttindabaráttu almennings. Það var hún sem bar fram fyrirspurnina varðandi langveik börn og þar kemur fram að upphaflega var samþykkt ályktun um málefni langveikra barna árið 1998. Það má því segja að aðdragandinn að þessu máli sé langur. Þetta er einkennandi fyrir margs konar réttindamál, sem svo þykja sjálfsögð þegar loks hefur tekist að koma þeim í gegn. Oft eru það stjórnarandstöðuþingmenn sem fyrst brydda upp á þeim, en þeir eru valdalitlir og verða að lúta áhuga valdhafanna hverju sinni eða bíða með málin þar til þeir komast í áhrifastöður.

Foreldrar langveikra og fatlaðra barna hafa fagnað þessu framtaki, þótt enn sé töluvert í að það verði að veruleika. Fyrstu skrefin verða stigin í janúar á næsta ári og tíu árum eftir að Alþingi ályktaði um það er ráðgert að lögin verði að fullu komin til framkvæmda.

Talið er að foreldrar 250 til 300 barna muni nýta sér réttinn varðandi þriggja mánaða greiðslurnar á hverju ári. Samkvæmt því sem félagsmálaráðherra upplýsti á Alþingi á miðvikudag veikjast um 40 börn alvarlega á hverju ári eða greinast með mikla fötlun. Það eru því æði mörg heimili sem eru undirlögð af alvarlegum sjúkdómum eða fötlun barna á ári hverju. Foreldrar þessara barna geta engan veginn lifað eðlilegu lífi þegar slíkt kemur upp, og því er það skylda samfélagsins að koma til hjálpar. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ótti við skjöl

Jóhanna Guðlaugsdóttir, sem kennir skjalastjórn við Háskóla Íslands, birtir í Morgunblaðinu í gær athyglisverða ádrepu um gerð og varðveislu skjala. Tilefnið er að ákvörðun stjórnvalda um að styðja innrásina í Írak vorið 2003 var hvergi færð til bókar. Hún bendir á að „engin skrifleg samtímaheimild sé til um hvenær, hvar og af hverjum ákvörðun þessi var tekin“. Jóhanna segir að ætla hefði mátt að lagabálkar eins og Upplýsingalög og Stjórnsýslulög hefðu leitt til meiri formfestu við afgreiðslu mála og skjalfestingu ákvarðana en hinu sé ekki að leyna að „óttinn við að skjöl verði opinberuð hefur leitt til þess að mikilvæg mál og ákvarðanir virðast ekki skjalfestar sem skyldi“. Jóhanna vill herða kröfur í þessu efni. Það megi ekki verða eftirmæli söguþjóðarinnar að hún sé fátæk af skjalfestum heimildum um umdeildustu og mikilvægustu ákvarðanir 21. aldarinnar.

### Bein Jóns Arasonar

Öld er liðin frá fæðingu Jóns Steffensen prófessors, sem þekktastur er fyrir rannsóknir sínar á sögu læknisfræðinnar og beinum fornmanna. Af því tilefni er í dag og á morgun haldið málþing í Þjóðarbókhlöðunni þar sem fluttir verða fjölmargir fyrirlestrar um rannsóknir og fræði Jóns og efni sem honum voru hugleikin. Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur talar í fyrramálið um bein Jóns Arasonar Hólabiskups. Hann hefur áður skrifað mjög skemmtilega um beinamál Jónasar Hallgrímssonar og verður fróðlegt að heyra hvort hann dragi einhver ný gögn fram um biskupsbeinin. Munnmæli herma að fræðimaðurinn Guðbrandur Jónsson hafi grafið beinin upp við Hóladómkirkju árið 1918 í þeim tilgangi að sýna þau páfanum í Róm ef það mætti verða til þess að biskup yrði tekinn í tölu dýrlinga. Sjálfur kvaðst Guðbrandur aðeins hafa ætlað að láta mæla beinin og rannsaka. Matthías Þórðarson, þáverandi þjóðminjavörður, efaðist um að þarna væru komnar líkamsleifar biskups og tók beinin því ekki til sýningar í Þjóðminjasafninu. Eru þau nú varðveitt í turninum við Hóladómkirkju í Hjaltaldal.



gm@frettabladid.is

# Flugvöllur fyrir fáa

UMRÆÐAN
REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR



STEINUNN JÓHANNESDÓTTIR
RITHÖFUNDUR

**Með því að byggja þétta og menningarlega miðborg milli stranda í gömlu Reykjavík mun borgarstjórn stuðla að hollari lífsháttum borgaranna.**



REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR
Rökin fyrir því að flugvöllurinn víki úr miðborgarlandi Reykjavíkur snúast um skipulag og heilbrigði, segir greinarhöfundur.

„Flugvöllur okkar allra“ er fyrirsögn greinar um Reykjavíkurflugvöll eftir Ingu Rósu Þórðardóttur sem birtist í Fréttablaðinu 8. febrúar s.l. Þar gerir greinarhöfundur ráð fyrir því að meirihluti farþega í innanlandsflugi séu Íslendingar sem án efa er rétt. Hitt er umdeilanlegt hvort mannvirki sem gagnast jafn fáum og skaðar jafn marga vegna legu sinnar og umfangs (nú um 140 ha) rísi undir því að vera sameiningartákn eins og fyrirsögnin gefur til kynna. Daglegt áætlunarflug milli höfuðborgar og landsbyggðar nær aðeins til fjögurra kaupstaða, Akureyrar, Egilsstaða, Ísafjarðar og Vestmannaeyja. Til annarra staða er sjaldan flogið.

Í könnun sem Bjarni Reynarsson ráðgjafi hjá Land-ráðum gerði fyrir samgönguyfirvöld á ferðavenjum Íslendinga sumarið 2004 kemur í ljós að 80% Íslendinga ferðuðust ekkert með innanlandsflugi, en 9% flugu þrisvar eða oftar (Mbl. 5. febr. 2005). Níu-prósent flokkinn fylla að líkindum þingmenn, sveitarstjórnarmenn, forstjórar og fleira fólk í opinberum erindagerðum, sem flest flýgur á kostnað vinnuveitenda sinna, karlmenn í meirihluta. Ungt fólk er meira á ferðinni en það eldra, segir í könnuninni. Almenningur í einkaerindum flýgur lítið. Þannig sést að Reykjavíkurflugvöllur er flugvöllur fyrir fáa.

Áður en lokið var við endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar kusu höfuðborgarbúar um framtíð flugvallarsvæðisins og Vatnsmýrinnar vorið 2001. Niðurstaða kosningarinnar varð sú að eftir 2016 ætti hálfur flugvöllurinn að víkja fyrir borgarbyggð en allur 8-10 árum síðar. Lítill en voldugur hópur unir þessari niðurstöðu illa. Eftir að Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri lýsti því yfir að ekki væri spurning um hvort heldur hvenær flugvöllurinn færi hafa nokkrir stórnotendur flugsins mótmælt hástöfum. Fólk sem lengi hefur notið þæginda af því að geta lent á stóru landflæmi við hjartarætur höfuðborgarinnar og nánast í bakgarði Alþingishússins lítur á það sem mikla skerðingu lífsgæða ef ferðatími þess (þessi þrjú skipti á sumri) lengist um ca. 40 mínútur miðað við það að flogið yrði til Keflavíkur. Sama fólk lætur sér í léttu rúmi liggja þótt tugþúsundir Reykvíkinga verði að lengja ferðir sínar um borgina sem nemur svipuðum tíma á hverjum einasta degi vegna þess hve borgin er dreifð. Frumástæða dreifingarinnar er lega flugvallarins í Vatnsmýrinni.

Rökin fyrir því að flugvöllurinn víki úr miðborgarlandi Reykjavíkur snúast um skipulag og heilbrigði. Á síðari árum hafa yfirvöld og almenningur á Vesturlöndum neyðst til að horfast í augu við þá alvarlegu staðreynd að bílaborgin veldur ekki bara sífellt lengri ferðatíma borgaranna heldur er hún ein meginorsök offitunnar, mesta heilbrigðisvanda sem við er að glíma í okkar heimshluta. Kannanir sýna að fólk sem býr í þéttri borgarbyggð og getur sinnt daglegum erindum sínum fótgangandi er grennra og heilsubetra en íbúar úthverfa og svefnbæja þar sem flest verður að sækja á bíl. Ábyrg stjórnvöld verða því að snúa við blaðinu og þétta byggð í borgum og bæjum með róttækum hætti þannig að gangan verði aftur eðlilegur þáttur hins daglega lífs og raunverulegar almenningssamgöngur fái þrifist. Flugvallarsvæðið er forsenda slíkrar þróunar hér á landi. Með því að byggja þétta og menningarlega miðborg milli stranda í gömlu Reykjavík mun borgarstjórn stuðla að hollari lífsháttum borgaranna. Borgarlífið verður betra líf. ■

BREYTUM RÉTT!
- Leið jafnaðarmanna til móts við 21. öldina.



Ný ritgerð eftir Stefán Jón Hafstein er gefin út í dag á heimasíðunni: www.stefanjon.co.is

Er eitthvað merkilegt í sjónvarpinu?
Í fréttum er þetta helst:
Þrjár leiknar íslenskar sjónvarpsþáttaraðir fara í loftið á næstunni



SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS
VISIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# geisladiska markaður

**Akureyri, Kringlu, Smáralind, Spöng og Skeifu.**



**Allt að 90% afsláttur***

## 99kr 299kr 499kr 799kr 999kr

## Ótrúlegt úrval af geisladiskum

### Brot af úrvali á markaðinum

| Titill | Útsöluverð |
|---|---|
| 200.000 naglbítar-Hjartagull | 799.- |
| A.Bocelli-Andrea | 999.- |
| Alfreð Clausen-Manstu Gamla Daga | 799.- |
| Allur Skalinn (Leikfélag Íslands) | 499.- |
| Atómstöðin-Fuglinn er floginn | 299.- |
| Atómstöðin-New York, Bagdad, R | 799.- |
| Á móti Sól - Fiðrildi | 799.- |
| Á móti sól-ÁMS | 799.- |
| Ávaxtakarfan-Úr leikriti | 799.- |
| B.Boys-To The 5 Boroughs | 499.- |
| B.Boys-Very Best Of | 999.- |
| B.Joel-Greatest Hits 3 | 799.- |
| Bakkabræður-Sigurður Sigurjóns | 799.- |
| Baraflokkurinn-Zahir | 499.- |
| Barnaborg | 999.- |
| Benedikt Búálfur | 999.- |
| Bessi Bjarna-Syngur Barnavísur | 799.- |
| Bessi Bjarna-Ævintýri H.C. And. | 999.- |
| Birgitta Haukdal - Perlur | 999.- |
| Birta & Bárður í Sjaggadúi | 999.- |
| Björgvin Gísla - Pún... | 499.- |
| Björgvin-Duet | 999.- |
| Björgvin-Eftirlýstur | 799.- |

| Titill | Útsöluverð |
|---|---|
| Björgvin-Ég tala um þig | 999.- |
| Brandy-Afrodisiac | 499.- |
| Brimkló-Sannar dægurvísur | 999.- |
| Brimkló-Sígildar sögur | 999.- |
| Brimkló-Smásögur | 999.- |
| Brimkló-Undir nálinni | 999.- |
| Brunaliðið-Úr öskunni í eldinn | 799.- |
| Brunaliðið-Útkall | 799.- |
| Bubbi-1000 kossa nótt | 999.- |
| Bubbi-3 Heimar | 999.- |
| Bubbi-Allar áttir | 999.- |
| Bubbi-Arfur | 999.- |
| Bubbi-Dögun | 999.- |
| Bubbi-Fingraför | 999.- |
| Bubbi-Frelsi til sölu | 999.- |
| Bubbi-Ísbjarnarblús | 999.- |
| Bubbi-Kona | 999.- |
| Bubbi-Lífið er ljúft | 999.- |
| Bubbi-Nýbúinn | 799.- |
| Bubbi-Sól að Morgni | 999.- |
| Bubbi-Sögur af landi | 999.- |
| Bubbi-Von | 999.- |
| Call Him Mr Kid - Bizarre Sofa | 799.- |

| Titill | Útsöluverð |
|---|---|
| Charger-Confession of a Man | 799.- |
| Charlies Angels 2 úr kvikmynd | 799.- |
| D.Straits-Brothers In Arms | 999.- |
| Daysleeper | 499.- |
| Diabolus in Musica | 499.- |
| Diddú og Valgeir-Fuglar tímans | 799.- |
| Diddú-Diddú | 499.- |
| Diddú-Ljós og skuggar | 799.- |
| Dizorder-Óreiða í Reykjavík | 999.- |
| DJ Ötzi-Never Stop The Alpenpo | 799.- |
| Djöflaeyjan | 499.- |
| DVD Írafár-Írafár | 999.- |
| Dýrin í Hálsaskógi | 999.- |
| Dýrin í Hálsaskógi - Nýtt | 999.- |
| E.Iglesias-7 | 799.- |
| Egill-Nýr engill | 799.- |
| Egó-Breyttir tímar | 999.- |
| Egó-Frá upphafi til enda | 999.- |
| Egó-Í mynd | 999.- |
| Einu sinni var | 999.- |
| Eldhúspartý FM957 2003 | 499.- |
| Ellý+Vilhjálmur-Bergmál Hins Liðna | 999.- |
| Elvis-On Stage | 799.- |

| Titill | Útsöluverð |
|---|---|
| Eurovision 1986-2003 | 799.- |
| Eyfi - Engan Jazz hér | 799.- |
| Eyfi-Stjörnur | 499.- |
| Fame | 799.- |
| Finnur Torfi Stefánsson-Bylgjur | 499.- |
| Flavors-Go Your Own Way | 999.- |
| Flugan-Háaloftið | 799.- |
| FM Djamm í 15 ár | 999.- |
| Fólkið í blokkinni | 799.- |
| Fóstbræður | 299.- |
| Friðrik Karlsson-Kyrrð | 799.- |
| Friðrik Karlsson-Máttur hugans | 999.- |
| Friðrik Karlsson-River Of Life | 799.- |
| GCD-Mýrdalssandur | 799.- |
| Geirmundur-Bros | 499.- |
| Geirmundur-Látum sönginn hljóma | 999.- |
| Gísli Rúnar-Algjör sveppur | 799.- |
| Glámur+Skrámur-Í 7 himni | 799.- |
| Grafík-Get ég tekið séns | 999.- |
| Grease | 799.- |
| Grýlurnar-Mávastellið | 799.- |
| Guðm.Guðjóns.-Syngur lög Sigfúsar H. | 499.- |

*af upprunalegu verði

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA

www.hagkaup.is

grænt númer **800 6680**

sími **568 2255**



**Austurver**
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

**JL-húsið**
Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

**Kringlan 1. hæð**
Mán.-mið. kl. 10–18:30,
fim. 10–21, fös. 10–19,
lau. 10–18, sun. 13–17

**Opið lengur**

Lyf & heilsa

**ÚTSÖLULOK**
**AÐEINS 4 VERÐ Í BÚÐINNI:**
990,- • 1990,-
2990,- • 4990,-
Útsölujakkaföt á 12.900,-
Fermingafötin komin!
„Oft eru litlar buxur of stórar"
Firði Hafnarfirði
Sími 565 0073
Herra hafnarfjörður

**Medcare**

**AÐALFUNDUR MEDCARE FLÖGU HF.**
Aðalfundur Medcare Flögu hf. verður haldinn í húsakynnum félagsins að Síðumúla 24 föstudaginn 4. mars 2005, kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur félagsins 2004
3. Breytingar á samþykktum, skv. tillögu stjórnar:
   a. Nafni félagsins verði breytt í Flaga Group hf.
   b. Tilgangur félagsins taki einnig til eignarhaldsstarfsemi og þjónustu
4. Kosning stjórnar
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um meðferð hagnaðar á árinu
7. Ákvörðun um stjórnarlaun
8. Önnur mál löglega upp borin

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu stjórnar og endurskoðanda munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Síðumúla 24 í Reykjavík, viku fyrir aðalfundinn.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Stjórn Medcare Flögu hf.

www.medcare.com

birta » BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á FÖSTUDÖGUM


# Sömu lög fyrir alla?

**UMRÆÐAN**
ENSKI BOLTINN Á SKJÁ 1



JÓN GUNNARSSON

Er allt í lagi að sniðganga lög eða brjóta þau ef það samrýmist ekki hagsmunum einstaklinga eða fyrirtækja að fara eftir þeim? Ég held að stór meirihluti þjóðarinnar hljóti að svara þessari spurningu neitandi því sem betur fer þá er það nú svo að mestur hluti þjóðarinnar ber virðingu fyrir landslögum og fer eftir þeim.

Auðvitað má finna í íslenskum lagabálkum greinar og kafla sem eru orðnir úreltir eða eiga ekki lengur við ef litið er til breyttrar þjóðfélagsgerðar, frá þeim tíma sem lögin voru fyrst sett. Það er hlutverk Alþingis að taka lög til endurskoðunar og jafnframt hlutverk einstakra þingmanna að benda á nauðsynlegar breytingar á lögum í þeim tilvikum sem þetta á við. En eiga alþingismenn að taka að sér það hlutverk að breyta lögum fyrir aðila sem hefur brotið þau eða sniðgengið í þeim tilgangi að hagnast meira en einhver annar hefði gert hefði hann fylgt sömu lögum? Eiga stjórnmálamenn með öðrum orðum að tryggja eftirá fyrir þá sem hafa gerst brotlegir?

Skjár 1 bauð best í sýningarréttinn á ensku knattspyrnunni og hljótum við að álíta að það hafi verið gert vitandi um íslensk lög varðandi íslenska þuli eða textun á erlendu máli. Auðvitað fylgir því kostnaður að uppfylla lög sem þessi og allir bjóðendur í sýningaréttinn væntanlega tekið tillit til þess – nema þá Skjár 1, ef litið er til þess hvernig þeir hafa staðið að sýningum leikja eftir að rétturinn varð þeirra. Auðvitað er hægt að bjóða betur í verkefni þegar meiningin virðist vera að sniðganga kostnað sem hlýst af því að fara að íslenskum lögum.

En á að verðlauna slíka hegðun? Á ekki að taka á sniðgöngu eða brotum þannig að allir sem í verkið bjóða sitji við sama borð? Er það ekki hlutverk yfirvalda að koma í veg fyrir brot og ganga eftir því að lög séu virt? Það er ekki undarlegt þó spurt sé, þegar horft er til þess að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa nú lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt er til að hegðun Skjás 1 og sniðganga á gildandi lögum varðandi íslenska þuli á beinum útsendingum á enskum fótboltaleikjum, verði í lög leidd. Þetta hefur ekkert að gera með það hvort menn telji eðlilegt og sjálfsagt að leyfa enska þuli á þessum útsendingum eða ekki – nei, þetta snýst um að virða íslensk lög og taka tillit til þeirra við tilboð í einstök verk og verkefni. Þetta snýst um að geta ekki gert ráð fyrir að komast upp með að spara sér útgjöld með því að fara í kringum lög eða brjóta þau.

Sú ákvörðun þingmanna Sjálfstæðisflokks að hlaupa undir bagga með Skjá 1 og eigendum hans við þá sniðgöngu á lögum sem á sér stað er í besta falli stórundarleg og óskiljanleg flestum þeim sem í hana rýna. Verður í framtíðinni hægt að bjóða í verk með það í huga að sniðganga lög og spara þannig fjármuni og panta síðan breytingu á þeim sömu lögum hjá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins?

Verður næsta skrefið það, að þeir sem hafa ráðið til sín erlenda verkamenn sem hvorki hafa dvalar- eða atvinnuleyfi hér á landi og þannig geti boðið lægst í einhver verk, leiti nú eftir því við sömu þingmenn að þeir leggi fram frumvarp á Alþingi um að gerningur þeirra verði gerður löglegur og þeir græði þannig það sem þeir ætluðu sér á verkinu í skjóli þess að sniðganga lög?

Þessu hljóta viðkomandi þingmenn að þurfa að svara.

*Höfundur er alþingismaður fyrir Samfylkinguna.*

# Lykill að þjóðaröryggi?

**UMRÆÐAN**
ÞRÓUNARAÐSTOÐ BANDARÍKJANNA



SKÚLI HELGASON
STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

Jan Egeland, talsmaður Sameinuðu þjóðanna, kom við kaunin á Bandaríkjamönnum þegar hann lýsti því yfir í kjölfar fyrstu viðbragða vestrænna ríkja við flóðbylgjunni (tsunami) í Suður-Asíu að þau væru nánasarleg í stuðningi sínum við þróunarlönd. Bandaríkjamenn hafa talið sér trú um að þeir væru gjafmildastir þjóða og því ollu ummæli Norðmannsins miklu fjaðrafoki þar í landi þó hann hafi reyndar ekki nefnt Bandaríkin sérstaklega á nafn í gagnrýni sinni. Reyndar hefur verið rifjað upp að sjálfur Jimmy Carter, fyrrum Bandaríkjaforseti, lýsti því yfir árið 1999 að þróunaraðstoð Bandaríkjanna væri nirfilsleg. Góðu heilli hefur Bandaríkjastjórn gefið í, varðandi aðstoð við fórnarlömb flóðbylgjunnar, og Bush forseti hefur nú óskað eftir því við þingið að framlög Bandaríkjastjórnar verði hækkuð úr 350 í 950 milljónir dollara. Framlög einkaaðila vestra nema nú tæpum 700 milljónum.

Tsunami-harmleikurinn er tilefni til að skoða almennt aðstoð ríkra þjóða við þróunarlöndin. Sú aðstoð getur verið margvísleg, en mikilvægt er að gera greinarmun á neyðaraðstoð eins og þeirri sem nú rennur til Suður-Asíu og þróunaraðstoð. Neyðaraðstoð er mikilvæg til að mæta brýnustu þörfum vegna ófyrirséðra hamfara. Þróunaraðstoð er hins vegar langtímaverkefni sem miðar að því að styðja þróunarlönd til sjálfsbjargar með aðstoð við uppbyggingu efnahagslífs og velferðarþjónustu. Afstaða Bandaríkjastjórnar endurspeglast í gjörðum þeirra, fáar þjóðir eru gjafmildari þegar neyðaraðstoð er annars vegar en stjórnvöld hafa hins vegar staðið sig miður vel þegar kemur að þróunaraðstoð. Þetta er óskynsamleg forgangsröðun því markviss þróunaraðstoð getur einmitt dregið úr þörfinni fyrir neyðaraðstoð síðar. Bent hefur verið á að mannfallið af völdum flóðbylgjunnar hafi orðið svo mikið sem raun ber vitni vegna þess að hún skall einkum á fátækum þjóðum sem ekki höfðu efni á að koma sér upp viðvörunarkerfum og vörnum gegn ágangi sjávar.

**Stuðningur til sjálfsbjargar**

Það er staðreynd að Bandaríkjastjórn leggur fram mest fé til þróunaraðstoðar af einstökum ríkjum, tæpa 16 milljarða dollara. Þetta er umtalsvert fé en bliknar reyndar við hliðina á 200 milljarða dollara niðurgreiðslum Bandaríkjastjórnar til landbúnaðar, sem koma hart niður á samkeppnisstöðu þróunarlandanna og vega enn frekar að rýrum lífskjörum íbúa þeirra. Nákvæmari mælikvarði á þróunaraðstoð er hins vegar að skoða opinber framlög sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Þá kemur í ljós að Bandaríkin eru neðst af 22 ríkjum samkvæmt lista OECD og verja aðeins 0,14% af þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar. Hlutfallið hjá helstu stórveldum Evrópu svo sem Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi er allt að þrefalt hærra og meira en fimmfalt hærra hjá Niðurlendingum og frændum okkar á Norðurlöndunum, Norðmönnum, Dönum og Svíum. Því heyrist stundum fleygt í umræðu um þróunarmál að framlög einkaaðila í Bandaríkjunum geri meira en að bæta fyrir takmörkuð opinber framlög. Pistlahöfundar og erindrekar stjórnvalda kasta jafnvel fram tölum sem hlaupa á hundruðum milljarða dollara því til áréttingar. Slíkar tölur eru fjarri öllu lagi. Óháð rannsóknarstofnun, Center for Global Development, birtir árlega úttekt á þróunaraðstoð stjórnvalda og einkaaðila og á síðasta ári var niðurstaða hennar að framlög einkaaðila í Bandaríkjunum til þróunaraðstoðar næmu 6 milljörðum dollara. Þetta framlag til viðbótar opinberri þróunaraðstoð dugar aðeins til að lyfta ríkustu þjóð heims í 19. sæti á fyrrnefndum lista OECD.

Það er ekki nóg að gefa fé til þróunarmála. Enn mikilvægara er að þessum fjármunum sé vel varið. Saga þróunaraðstoðar Bandaríkjanna sýnir hins vegar að drifkrafturinn hefur ekki verið náungakærleikur heldur eigin þjóðarhagsmunir. Meira en helmingur af þróunaraðstoð Bandaríkjanna hefur runnið til miðlungi vel stæðra ríkja í Miðausturlöndum, s.s. Ísraels, sem er í hópi tíu ríkustu þjóða heims, Egyptalands og nú Íraks sem Bandaríkin hafa skilgreind sem mikilvæg út frá öryggishagsmunum. Það segir sína sögu að 49 fátækustu ríki heims njóta aðeins fjórðungs af þróunaraðstoð Bandaríkjanna. Umtalsverður hluti þessarar aðstoðar rennur aftur til Bandaríkjanna í formi hergagnakaupa. Rúmlega 70% af tvíhliða þróunaraðstoð Bandaríkjanna eru skilyrt með þeim hætti að viðtakandinn er bundinn af því að nota stuðninginn til að kaupa vörur og þjónustu frá Bandaríkjunum. Sem nærri má geta hefur „þróunaraðstoð" af þessu tagi ekki skilað miklum árangri í að sigrast á stærstu vandamálum þróunarlandanna.

Bush-stjórnin hefur markað þá stefnu að verja meira fé til að aðstoða þau þróunarlönd sem sýna í verki viðleitni til efnahagslegra og pólitískra umbóta. Þetta er framfaraskref en hjálpar reyndar ekki þeim ríkjum sem búa við slæmt stjórnarfar og hafa reynst ófær um að bjóða þegnunum lágmarks lífsskilyrði. Þar er hins vegar kannski mest þörf á utanaðkomandi aðstoð því þessi ríki eru berskjölduð fyrir ásókn hryðjuverkahópa. Þessum ríkjum verður ekki hjálpað með því að dæla meira fé í ónýtt stjórnkerfi, heldur fyrst og fremst hugmyndalegri aðstoð við að koma í gagnið róttækum umbótum í stjórnmálum og efnahagskerfi.

**Stuðlar aðstoð að þjóðaröryggi?**

Vandi þróunarlandanna kristallast í baráttunni gegn fátækt. Það er hrikaleg staðreynd á öld allsnægta að fjórði hver jarðarbúi skuli lifa við fátækt. Baráttan gegn fátækt hefur verið ofarlega á baugi síðastliðna hálfa öld og mun verða það áfram um aldir ef ekki verður hugarfarsbreyting hjá leiðtogum helstu stórvelda. Leynivopn Bandaríkjanna í stríðinu gegn hryðjuverkum gæti einmitt falist í breyttri afstöðu til þróunaraðstoðar. Hryðjuverk verða ekki upprætt með hervaldi einu saman. Því má halda fram með góðum rökum að markvissar aðgerðir til að draga úr fátækt í þróunarlöndunum, í samráði við stjórnvöld og frjáls félagasamtök, séu skynsamlegasta langtíma úrræði Vesturlanda í baráttunni við hryðjuverk. Hryðjuverkamenn eiga auðvelt með að lokka til sín fólk á vonarvöl sem hefur ekki efni á að hafna boði um atvinnu og mótmælt fyrir áróðri er beinist að ríkidæmi Vesturlanda. Samfélög sem búa þegnum sínum mannsæmandi lífskjör eru hins vegar ólíklegri til að verða gróðrarstía hryðjuverkamanna. Í Bandaríkjunum eru margir boðnir og búnir að hjálpa þeim sem minna mega sín, einkum þegar skyndilega vá ber að dyrum. Göfuglyndi borgaranna kemur hins vegar ekki í staðinn fyrir markvissa þróunaraðstoð stjórnvalda, sem ættu að setja baráttuna gegn fátækt í forgang utanríkisstefnu sinnar. Það er ekki aðeins göfugt út frá mannúðarsjónarmiði, það er líka skynsamlegt í ljósi utanríkisviðskipta og til að tryggja þjóðaröryggi, sem flestir em sammála um að sé ein meginskylda stjórnmálamanna á okkar tímum.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 9.12 | 13.42 | 18.12 |
| AKUREYRI | 9.04 | 13.26 | 17.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**matur o.fl.**
Húsasúpa ættuð úr Fljótsdal
BLS. 2



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

## Góðan dag!

Í dag er föstudagurinn 18. febrúar, 49. dagur ársins 2005.

### KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 7*

**Flokkar**
- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



Valgeir eldar á hverjum degi enda óforbetranlegur áhugamaður um matargerð.

# Ígulkerið skrítnasti maturinn

***Valgeir Skagfjörð, leikari og tónlistarmaður, hefur frá barnsaldri haft áhuga á mat og matargerð og eldar alltaf kvöldmat á sínu heimili.***

„Ég er alltaf að elda eitthvað gríðarlega gott handa henni," segir Valgeir þegar hann er spurður hvað hann muni elda á konudaginn. „Það er orðið svo hversdagslegt að þennan dag myndi ég bjóða henni út að borða."

Valgeir segist eiga marga rétti sem að sönnu sé hægt að kalla „a la Valgeir", og nefnir þar helstan kjúklingarétt og lambarétt sem hann segir engu líka. „Ég notast við grunnuppskriftir en að öðru leyti spila ég þetta af fingrum fram. Ég er alinn upp í eldhúsinu hjá ömmu og mömmu þannig að ég bý að þessu gamaldags íslenska eldhúsi, en svo þróast þetta auðvitað í takt við tímann. Sá gamaldags heimilismatur sem ég elda helst er kjötsúpa, og svo elda ég auðvitað saltkjöt og baunir þegar það á við."

Uppáhaldsmatur Valgeirs er hans eigin kalkún sem hann töfrar alltaf fram á gamlárskvöld. „Þetta er sparimatur sem ég elda um það bil tvisvar á ári, í fyrra eldaði ég hann líka á þakkargjörðardaginn."

Skrítnasti matur sem Valgeir hefur bragðað er ígulker sem hann fékk á veitingastaðnum Við tjörnina. „Mér fannst það einkennilegt á bragðið en alls ekki vont. Það má næstum segja að ég sé alæta, nema hvað mér finnst hákarl vondur og borða ekki svið fyrr en búið er að pressa þau."

Þó að Valgeir sé fyrirmyndarkokkur og taki undir að hann sé vel alinn, segir hann eiginkonuna kvarta yfir skvettuganginum í eldhúsinu. „Hún segir að ég gangi illa um og óhreinki allt of mikið af áhöldum, sem er alveg rétt, en ég geng nú yfirleitt frá sjálfur," segir hann hlæjandi.

Valgeir gefur lesendum uppskrift að taílenskum kjúklingarétti. „Rétturinn er nokkuð sterkur en það ræðst af því hve mikið chili er notað og hvort chili-fræin fá að fara með í réttinn. Ég tek fræin í burtu, mest til að börnin lifi máltíðina af."

*Uppskriftin er á bls. 3.*

# LIGGUR Í LOFTINU
## *í tilboðum*

**Hlýjar vetrarúlpur** með hettu eru á innan við hálfvirði í póstversluninni Svanna að Stangarhyl 5 þar til á morgun en þá lýkur útsölunni. Afsláttur þar er frá 50-80% svo enn er hægt að gera góð kaup á peysum, buxum, jökkum og fleiru. Sem dæmi um verð má nefna peysu sem áður kostaði 5.380 en nú 2.450 og buxur er voru á 5.380 fyrir lækkun en kosta nú 2.450. Fínflauelsjakkar í nokkrum litum fást þar líka og lækka úr 8.080 í sléttan 3.000 kall. Í Svanna er opið frá 11 til 18 á virkum dögum og 10-14 á laugardögum.



**Sjúkravörur** eins og sérstakir sokkar, sokkabuxur og skór eru á tilboði í versluninni Remedíu í bláu húsunum við Fákafen. Skórnir eru vandaðir, þýskir og amerískir og hafa lækkað í verði um 15% gegnumsneitt en stök pör eru seld með enn meiri afslætti. Verslunin sendir vörur í póstkröfu ef þess er óskað.

**Ljósabúnaður** í öðrum og skrautlegri flokki en almennt gerist er á útsölu í ÁG mótorsport að Klethálsi 9 í Reykjavík. Margir fleiri aukahlutir eru á góðum kjörum þar svo sem neon-inniljós, silfraðar rúðuþurrkur, skrautpedalar og sportstýri. Einnig krómstútar á pústið og margt fleira til að gera bílana flottari. Allt er á útsölu í búðinni og afsláttur nemur allt að 90% frá fyrra verði.



**Lopi og garn** í lopahorni Handprjónasambandsins á Skólavörðustíg 19 er á 10% afslætti. Einnig eru margir litir af Álafosslopa í 100 gramma dokkum á 190 krónur og neongrænn plötulopi á 1.400 krónur kílóið, þannig að hægt er að gera kjarakaup í litfögrum lopa.

*tilbod@frettabladid.is*






**Lauklykt á höndum**
Ráð til að losna við lyktina af lauk eða hvítlauk af höndunum er að nudda matskeið af salti blönduðu saman við örlítið vatn milli fingranna í smá stund og skola svo með köldu vatni.




Allt í eldhúsið
Fissler
búsáhöld
KRINGLUNNI
sími 568 6440

metasys®
Bylting í þyngdarstjórnun
Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys
Metasys er staðlað 100% lífrænt ræktað grænt te í hylkjum og inniheldur hvert hylki 375 mg af EGCg catechol sem er virkasta efnið í græna telaufinu og er eitt hylki á við 80-100 bolla af grænu tei. Metays er klínískt rannsakað og er það öflugasta á markaðinum til fitubrennslu.

metasys®
Línurnar í lag með Metasys
Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020
Fyrir konur og karla

Réttir kvöldsins
Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

| Forréttur | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| Humarsúpa m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði | kr. 850 | |
| Aðalréttir | | |
| Smjörsteiktur skötuselur m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| Lambafillet m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| Nautalundir m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| Eftirréttur | | |
| Súkkulaðifrauð | kr. 690 | |

Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna Rauðarárstíg 27 www.madonna.is

Pistasiu hringur
fylltur með marsipan pistasiu, og hjúpaður með karmellu borðist varlega. Kr. 490,-
Kr. 490

Hjá Jóa Fel • Kleppsvegi og Smáralind s: 588 8998







Sigrún og Hákon eru ferða- og skógarbændur í Fljótsdalnum. Yfir veturinn vinnur Sigrún á Egilsstöðum við umönnun fatlaðra.

# Húsasúpan hönnuð á staðnum

***Hjónin að Brekkugerðishúsum í Fljótsdal bera gestum sínum oft góða súpu með heimabökuðu brauði.***

Þau Hákon Aðalsteinsson og Sigrún Benediktsdóttir að Húsum í Fljótsdal eru matgæðingar miklir og gestir þeirra njóta þess. Meðal þess sem þau bera stundum á borð er súpa sem hefur fengið heitið Húsasúpa því hún er hönnuð á staðnum.

Þótt Sigrún segi Hákon vera snilling í matreiðslu lambakjöts er hún sjálf ábyrg fyrir súpunni góðu. „Ég var orðin svo þreytt á hinni hefðbundnu íslensku kjötsúpu svo ég tók mig til og breytti henni dálítið," segir hún og kveðst gefin fyrir að fara eigin leiðir í matreiðslu. Sigrún gaf okkur góðfúslega grunnuppskriftina að súpunni en segir hvern og einn verða að smakka hana til eftir sínu höfði.

**HÚSASÚPAN HENNAR SIGRÚNAR**

- olía
- svartur pipar
- smá salt
- 6-8 lærissneiðar eða annað gott lambakjöt
- 4 laukar
- 4 tsk. karrí
- 1/2 höfuð hvítkál
- 6 gulrætur meðalstórar
- 1/1 dós ananas
- 1 pk. þurrkaðar apríkósur
- 4-5 grænmetisteningar
- 1/2 tsk. fennel

Olían er sett á pönnu og svartur pipar mulinn í, ásamt salti. Kjötsneiðarnar eru skornar í tvennt, léttsteiktar í olíunni og settar í pott. Karríið er hitað í olíu áður en grænmetið er sett á pönnuna og léttsteikt. Allt sett í pott með vatni og soðið í um það bil 1 og 1/2 tíma. Súpan er gulleit á lit og súrsæta bragðið vegur vel á móti kryddinu. Hún er borðuð með heimabökuðu grófu brauði.

## ÍBERISKIR DAGAR: Spænsk vín á kynningarverði

Kynning á spænskum og portúgölskum vínum verður í Vínbúðunum dagana 17. febrúar til 19. mars undir yfirskriftinni iOlé!
Sérvalin vín eru kynnt í bæklingi sem er gefinn út af þessu tilefni og verða þau sérmerkt í hillum og á sérstöku kynningarverði.
Í tilefni af kynningunni verður handhægum uppskriftum að tapas smáréttum dreift í Vínbúðunum. Þrjú spænsk vín frá þekktum framleiðendum verða á kynningarverði þessa daga:

**Bach Cabernet Sauvignon:**
Johann Sebastian Bach var snillingur á sínu sviði en Bach Cabernet Sauvignon er ekki síður magnað á öðru sviði. Frábært vín sem hefur stórt nafn og stendur fyllilega undir væntingum.
**Kynningarverð 950 kr.**

**Nuviana Cabernet Sauvignon/Merlot:**
Ný upprennandi stjarna í spænskri víngerð. Spennandi kostur fyrir þá sem vilja prófa „nýjaheimsvín" frá gamalgrónu vínsvæði. Gott vín sem á eftir að verða áberandi á borðum landsmanna.
**Kynningarverð 940 kr.**

**Condestable Reserva:**
Skemmtilegt vín sem hefur slegið í gegn í veislum og stærri samkomum. Án efa ein bestu kaupin í Vínbúðum í dag.
**Kynningarverð 940 kr.**



Smoothies drykkirnir eru:

100% ÁVEXTIR
1 flaska = tveir ávextir
Engin aukaefni
Enginn viðbættur sykur
Máltíð í flösku!
Arka • sími 899-2363


birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á FÖSTUDÖGUM

## Kjúklingur Thai-Valli

HÉR ER UPPSKRIFTIN AÐ KJÚKLINGNUM HANS VALGEIRS. UPPSKRIFTIN ER FYRIR FJÓRA.

700 g smátt skornar kjúklingabringur
1 stór laukur (skorinn í lauf)
1/4 dós bambussprotar eða 1/2 dós dvergmaís
1 stór rauð paprika
1 rautt chili
4 hvítlauksgeirar
1 límóna (lime)
2 greinar ferskur kóríander
100 g fínskorin engiferrót
1 dós kókosmjólk
1 tsk. rautt curry paste
1 msk. hlynsíróp
3 matskeiðar Thai fish sauce (fiskisósa)
1 stöngull lemon grass
Kornolía til steikingar og sesamolía í maríneringu

**Aðferð:**
Byrjið á að leggja kjúklingabitana í skál með sesamolíu, hvítlauk (kreistan eða smátt skorinn), chili, engifer og kóríander. Kreistið límónusafann yfir og eina matskeið af fish sauce. Þetta er látið liggja meðan grænmetið er skorið í aðra skál. Hrísgrjónin sett í pott (1,5 bolli á móti 4 af vatni) og byrjað að hita wok-pönnuna. Gott er að nota kornolíu því hún þolir vel hita. Steikið grænmetið, en ekki of mikið. Gott er að skvetta smá fiskisósu yfir það og hlynsírópi. Grænmetið fer aftur í skálina og kjúklingurinn steiktur. Steikið kjötið í tveimur til þremur áföngum þar sem það kemst ekki allt í einu á pönnuna. Látið kjötið í skálina með grænmetinu. Þegar allt kjötið er komið í grænmetisskálina er kókosmjólkinni hellt á pönnuna (ekki þrífa hana á milli) og rautt curry paste hrært út í. Þegar mjólkin er farin að hitna og karríið að taka sig er öllu í skálinni bætt á pönnuna og látið hitna í sósunni. Borið fram með hvítum basmati-hrísgrjónum.



**Vanilla Tahiti fæst í öllum bakaríum Sandholts.**

## Ljúffeng vanillugyðja á konudaginn

ÁSGEIR SANDHOLT KONDITORÍMEISTARI BÝÐUR UPP Á KÖKU ÁRSINS AÐ VENJU.

Undanfarin fimm ár hefur Landssamband bakara staðið fyrir keppni um köku ársins sem hefur verið kynnt á konudaginn. Sandholtsbakarí, með Ásgeir Sandholt konditorímeistara í broddi fylkingar, hefur átt köku ársins undanfarin fjögur ár, en í ár var engin keppni.
Ásgeir bakaði engu að síður köku í tilefni dagsins sem hann kallar Vanilla Tahiti eða Vanillugyðjuna. Uppistaðan í kökunni er vanillumús með hindberja- og rabarbaracompot. „Compot er andstæðan við sultu þar sem sultan er 60% sykur og 40% ávextir en hlutföllin eru öfug í compotinu. Vanillumúsin er ekki gerð úr vanillubragðefni heldur ekta vanillustöngum frá Tahiti," segir Ásgeir. „Á sínum tíma var ákveðið að kakan yrði kynnt á konudaginn, ekki síst til að lokka karlmennina í bakaríið, og að venju fæst konudagskakan í öllum bakaríum Sandholts."



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR HÆGT

### Graskers- og sveppa brauðsúpa Alice Waters

Í tilefni af því að um þessar mundir eru staddir í Reykjavík margir eðalkokkar vil ég nota tækifærið og kynna kokk sem að mínum dómi er einn besti kokkur í heimi. Hún heitir Alice Waters og frá árinu 1977 hefur hún rekið veitingastaðinn Chez Panisse í Berkeley, Kaliforníu. Hér er örlítið sýnishorn af snilld hennar.

5 laukar
1 kg grasker
(Butternut squash)
6 hvítlauksgeirar
1/2 dl jómfrúar ólífuolía
2 lárviðarlauf
12 stilkar ferskt timian
2 dl rauðvín
3 l kjúklingasoð
1/2 kg sveppir
salt og pipar
10 sneiðar af góðu franskbrauði með skorpu
100 g rifinn parmesan ostur



Byrjið á því að taka hýðið af laukunum og skerið þá í fínar sneiðar. Setjið ólífuolíuna í pott og steikið laukinn yfir meðalhita þangað til hann er farin að mýkjast. Setjið þá hvítlaukinn, sem líka hefur verið skorinn í fínar sneiðar, út í og lárviðarlaufin og timianstilkana líka. Látið allt krauma yfir meðalhita þar til laukurinn er orðin gullinn (20-30 mínútur). Bætið þá rauðvíninu út í og látið malla þar til vökvinn hefur minnkað um helming. Hellið þá soðinu út í og látið malla í aðrar 30 mínútur.
Fræhreinsið graskerið á meðan, skrælið hýðið af og skerið það í þunnar (um 3 mm) sneiðar. Hreinsið sveppina, skerið þá í sneiðar og steikið í ólífuolíu þar til þeir brúnast ögn. Saltið þá og piprið og bætið þeim því næst út í soðið.
Steikið brauðsneiðarnar á pönnu í ólífuolíu og brúnið á báðum hliðum. Þekið botninn af stórum eldföstum potti með helmingnum af brauðsneiðunum. Ausið soði (með sveppum og lauk) varlega yfir svo fljóti yfir brauðið.
Setjið lag af graskerssneiðum yfir og ausið meira soði til að þekja. Setjið þá afganginn af brauðinu í annað lag þar yfir og bætið meira soði svo fljóti yfir. Endið á að rífa parmesan ostinn yfir allt. Bakið í 180 gráðu ofni, fyrst í 45 mínútur undir loki, og svo aðrar 45 mínútur með lokið af (þangað til osturinn hefur brúnast vel). Fyrir 8-10 manns.

## CERES: Ein taska af bjór

Ceres Royal fæst nú í ferðatöskupakkningum í Vínbúðum. Taskan inniheldur 12 stykki af 33 cl dósum og er hentug til ferðalaga. Bjórtaskan er með handfangi og henni fylgir lok fyrir dósirnar. Ceres Royal ferðataskan er sérstaklega vinsæl hjá Dönum sem skreppa til Þýskalands að kaupa sér ódýran bjór. Þeim þykir passlegt að taka eina eða tvær töskur af Ceres Royal. Þessi verslunarmáti er hálfskrítinn þar sem Ceres Royal er danskur bjór. En þar sem hann er ódýrari í Þýskalandi en í Danmörku leggja Danir þetta á sig. Ceres Brugghúsið í Danmörku á sér sögu frá árinu 1856 þegar brennivínskaupmaður og tveir apótekarar stofnuðu Ceres til að sjá heimamönnum í Árósum fyrir góðum bjór. Nafnið fékk Ceres frá rómversku frjósemisgyðjunni sem bar þetta nafn. Brugghúsið var staðsett við vesturhlið Árósa en þar sem borgin hefur vaxið og dafnað er brugghúsið nú í hjarta borgarinnar. Á heimamarkaði hefur Ceres Royal áunnið sér hylli danskra neytenda og er Royal bjórinn einn mest seldi bjór á dönskum markaði.




**Verð í Vínbúðum 139 kr. dósin, 1.668 kr. taskan.**

## Fiskbollur passa vel á föstunni

Fiskbollur eru öndvegismatur sem gott er bera á borð nú á föstunni. Hér kemur uppskrift úr Fiskréttabók Hagkaupa og er úr smiðju meistarakokksins Úlfars Eysteinssonar.

400 g þorskflök
1 stk. laukur
2 egg
2 tsk. salt
1 tsk. pipar
2 msk. hveiti
2 msk. kartöflumjöl
3-4 dl mjólk

Roð- og beinhreinsið þorskflökin. Afhýðið laukinn. Hakkið flökin í hakkavél ásamt lauknum. Setjið í hrærivélaskál og bætið eggjum, salti og pipar, hveiti og kartöflumjöli út í. Hrærið saman og þynnið með mjólkinni. Mótið bollur og steikið í smjörlíki á pönnu í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Brún lauksósa er mjög góð með þessum bollum.



MEGRUNARMINTUR




Bragðgóðar og frískandi mintur sem minnka matarlyst og auka brennslu.
Þú færð Slim Mints í verslunum um land allt

Góð hugmynd að rétti dagsins!

Kjúklingaréttur með E. Finnsson Carmen grill-og samlokusósu
Rétturinn er fyrir 4.
4 kjúklingabringur, skornar í strimla
1 rauðlaukur, smátt saxaður
1 púrrulaukur, smátt skorinn
1 rauð paprika, smátt söxuð
1 græn paprika, smátt söxuð
1 krukka **E. Finnsson Carmen grill- og samlokusósa**
sítrónupipar
olía til steikingar

Léttsteikið grænmetið í örlítilli olíu á pönnu og hellið í skál. Takið síðan bringurnar og léttsteikið á pönnunni og stráið smávegis sítrónupipar yfir. Hellið grænmeti og **E. Finnsson Carmen** sósunni á pönnuna, hrærið saman við og látið malla í 2-3 mín. Berið réttinn fram með heitu hvítlauksbrauði, hrísgrjónum og fersku salati. Notið örlítið af **E. Finnsson grænmetissósu** á salatið.
Í staðinn fyrir **E. Finnsson Carmen** sósu má einnig nota **E. Finnsson Aidu** sósu en sleppa þá sítrónupiparnum.
**Fljótlegt og gott.**
**Verði ykkur að góðu!!!!**




AUGLÝSINGASTOFA GUÐRÚNAR ÖNNU

VOGABÆR
Sími 424 6525 www.vogabaer.is

FJÖLSKYLDUTILBOÐ
NINGS
Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12
Pöntunarsími 588 9899



Vinsælt tilboð

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti í Drekasósu
Kjúklingur og grænmeti í Satay hnetusósu
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
Hrísgrjón og soya sósa

á mann kr. 1245 fyrir tvo kr. 2490
Ath! Tilboðin eru eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri
Ef þú hringir og sækir fylgir 2l. Coke með tilboðinu

# allt tilboð o.fl.

**Frönskurnar í Fjarðarkaupum** eru með almesta afslætti á tilboðstöflu helgarinnar, 65%. Þær heita Farm frites og eru í 750 gramma pökkum á 98 krónur en voru áður á 262.

65%



## NÝJAR VÖRUR

**Vorlínan frá Pilgrim er komin**

Belti
Nælur
Slæður
Skartgripir
Pils og toppar
Töskur
Hárskraut

**SKARTHÚSIÐ**
Laugavegi 12, s. 562 2466

# Kuldaskór



**Verð 1.990.-**

**Litir drapp og svart**
**Stærðir 37 til 41**

4 dot....
**Laugavegi 100, S. 561 9444**




FJARÐARKAUP

Tilboðin gilda til 19. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nauta innralæri kjötborð | 1.698 | 2.198 | 1.698 | 25 |
| FK reykt folaldakjöt | 431 | 718 | 431 | 40 |
| FK saltað folaldakjöt | 421 | 718 | 421 | 40 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 863 | 1.438 | 863 | 40 |
| Kjarnafæði ofnsteik | 1.021 | 1.449 | 1.021 | 30 |
| Ömmu pitsur 400 g | 348 | 499 | 870 | 30 |
| Farm frites franskar 750 g | 98 | 262 | 131 | 65 |
| Matfugl kjúklingalæri magnpakki | 399 | 599 | 399 | 35 |
| Matfugl kjúklingaleggir magnpakki | 399 | 599 | 399 | 35 |
| Matfugl kjúklingavængir | 199 | 299 | 199 | 35 |
| Fersk jarðarber 250 g | 149 | 289 | 596 | 50 |

NÓATÚN

Tilboðin gilda til 23. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa kjúklingabringur magnpk. 1 kg | 1.320 | 2.295 | 1.320 | 40 |
| Ungnauta entrecote | 2.174 | 2.898 | 2.174 | 25 |
| Lambalundir | 2.490 | 3.298 | 2.490 | 25 |
| Rauðspretta | 499 | 699 | 499 | 30 |
| Eðalfiskur reyktur lax bitar | 1.398 | 2.668 | 1.398 | 50 |
| Nóatúns samlokubrauð gróft 770 g | 99 | 198 | 129 | 50 |
| Lay's snakk, 4 tegundir 200 g | 199 | 269 | 995 | 25 |
| Emmess Hversdagsís súkkulaði 2 l | 200 | 399 | 100 | 50 |
| BKI kaffi classic 500 g | 249 | 359 | 498 | 30 |
| Lambi eldhúsrúllur 3 stk. | 199 | 349 | 66 | 45 |
| Easy þvottaduft color 900 g | 199 | 275 | 221 | 30 |

BÓNUS

Tilboðin gilda til 20. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus blandað hakk | 499 | 629 | 499 | 20 |
| Ali ferskar svínakótilettur | 779 | 1.038 | 779 | 25 |
| Móa frosnir kjúklingabitar | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Bónus vatn 2 l | 89 | 99 | 45 | 10 |
| Bónus floridanasafi | 139 | 149 | 139 | 5 |
| Frosin ýsuflök með roði | 299 | 359 | 299 | 15 |
| Frosnir ýsubitar roð- og beinlausir | 489 | 499 | 489 | 2 |
| Frosnir ýsubitar raspaðir 800 g | 479 | 599 | 599 | 20 |
| Bónus skúffukaka 400 g | 159 | Nýtt | 398 | |
| Bónus ungnautaborgarar 10*115 g | 999 | Nýtt | 100 | |

KRÓNAN

Tilboðin gilda til 22. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| FS ýsuflök fersk | 499 | 769 | 499 | 35 |
| Gourmet ofnsteik m. rauðvínsblæ | 995 | 1.579 | 995 | 35 |
| Kea léttreyktur lambahryggur | 989 | 1.353 | 989 | 25 |
| Krónu grísahnakki gráðaostafylltur | 974 | 1.299 | 974 | 25 |
| Epli rauð | 79 | 138 | 79 | 40 |
| Myllu samlokubrauð fín 1 kg | 129 | 227 | 129 | 45 |
| Náttúra appelsínu/eplasafi 1 l | 99 | 119 | 99 | 15 |
| Maryland Choc. Chip rauður 150 g | 69 | 109 | 460 | 35 |
| X-tra Kornflex 700 g | 99 | 199 | 141 | 50 |

netto

Tilboðin gilda til 20. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Goða súpukjöt | 279 | 399 | 279 | 30 |
| Íslandsfugl kjúklingavængir | 150 | 299 | 150 | 50 |
| Fjörfisk ýsubitar roð og beinlausir | 399 | 499 | 399 | 20 |
| Borg Bayonneskinka | 738 | 1.230 | 738 | 40 |
| Ísfugl kalkúnanaggar | 896 | 1.280 | 896 | 30 |
| Cadbury Roses L. 465 g +33% extra =638 g | 399 | 999 | 599 | 60 |
| Ostakaka bláberja 8-12 manna 800 g | 799 | 899 | 1001 | 11 |
| Náttúra basmati hrísgrjón 1 kg | 89 | 139 | 89 | 36 |
| Rúbín kaffi rauður 500 g | 289 | 329 | 578 | 12 |

SPAR Bæjarlind

Tilboðin gilda til 22. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kjúklingur heill, frosinn | 199 | 399 | 199 | 50 |
| Grísakótilettur nýjar, úr kjötborði | 698 | 998 | 698 | 30 |
| Grísakótilettur, léttreyktar | 698 | 998 | 698 | 30 |
| Ís ársins 2005 1 l Kjörís | 369 | 499 | 369 | 25 |
| Ískex vanillu 175 g Helwa | 139 | 168 | 794 | 15 |
| 7-up 2 l | 109 | 197 | 55 | 45 |
| 100 % appelsínusafi 1 l Jon Juan | 148 | 248 | 148 | 40 |
| Spergilkál frá Spáni | 259 | 379 | 259 | 30 |

HAGKAUP

Tilboðin gilda til 20. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| SS lambaframpartur sagaður (súpukjöt) | 399 | 538 | 399 | 25 |
| VSOP helgarsteik | 1.263 | 1.579 | 1.263 | 20 |
| Holta kjúklingur ferskar lundir magnpk. | 1.467 | 2.095 | 1.467 | 30 |
| Holta kjúklingapylsur | 559 | 799 | 559 | 30 |
| Rauðvínslegið lambalæri | 998 | 1.249 | 998 | 20 |
| Svínakótilettur m. beini | 799 | 1.295 | 799 | 40 |
| Mr. Bagels onion 5 stk. 2 fyrir 1, 850 g | 259 | 518 | 305 | 50 |

10-11

Tilboðin gilda til 23. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ísfugls ferskur kjúklingur | 435 | 669 | 435 | 35 |
| Rauðvínslegið lambalæri | 1.166 | 1.458 | 1.166 | 20 |
| Hatting hvítlauksbrauð 2 stk. 350 g | 189 | 269 | 529 | 30 |
| Farm Frites franskar kartöflur 750 g | 169 | 267 | 219 | 35 |
| Tilda Basmati hrísgrjón 500 g | 198 | 238 | 396 | 15 |
| Tilda sósur 350 g 6 teg. | 269 | 315 | 753 | 15 |
| Merrild 103 500 g | 329 | 369 | 658 | 10 |

## 15.000 vörur í vefverslun á: www.skola.is

- Fræðsluefni
- Tómstundavörur
- Föndurvörur
- Myndlistarvörur
- Hannyrðavörur
- Skólavörur
- Skrifstofuvörur
- Búnaður
- Húsgögn



**Skólavörubúðin**
Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is

**metasys**
Bylting í þyngdarstjórnun

**Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys**

Metasys er staðlað 100% lífrænt ræktað grænt te í hylkjum og inniheldur hvert hylki 375 mg af EGCg catechol sem er virkasta efnið í græna telaufinu og er eitt hylki á við 80-100 bolla af grænu tei. Metasys er klínískt rannsakað og er það öflugasta á markaðinum til fitubrennslu.




Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020

[ TILBOÐ ]




## Loftbóludekk á lækkuðu verði

DEKKJAÞJÓNUSTA ORMSSON ER MEÐ TILBOÐ Á VETRARDEKKJUM.

Bridgestone Blizzak loftbóludekk eru á tilboði út þennan mánuð hjá dekkjaþjónustu Ormsson í Lágmúla 9. Þetta eru vetrardekk í háum gæðaflokki og eru á svipuðu verði fyrir lækkun og vönduð negld dekk. „Þú ert að greiða fyrir aukið öryggi," segir Ingólfur afgreiðslumaður og líkir Blizzak-dekkjunum við Boxer-strokleður. Sem verðdæmi nefnir hann dekk af stærðinni 195/65 R15 með mynstri sem er táknað með WS50. Listaverð á þeim er 11.990 en nú fást þau á 10.192 krónur.

[ 30% afsláttur ]



## Öðruvísi fjölskylda og Íslenskur stjörnuatlas

HJÁ EDDU ÚTGÁFU ER ALLTAF VALIN BÓK MÁNAÐARINS.

Edda útgáfa hefur það fyrir venju að velja bækur mánaðarins sem eru þá seldar með 30% afslætti. Bækur mánaðarins eru yfirleitt ein fullorðinsbók og ein barnabók nema í sérstökum tilfellum. Nú er það til dæmis uppi á teningnum að barnabækur mánaðarins eru tvær, Öðruvísi dagar og Öðruvísi fjölskylda, báðar eftir Guðrúnu Helgadóttur, en síðarnefnda bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna á dögunum. Fullorðinsbókin þennan mánuðinn er svo Íslenskur stjörnuatlas sem er handbók fyrir þá sem hafa gaman af því að horfa á himininn á köldum vetrarnóttum. Bækurnar fást á þessum góðu kjörum á öllum bóksölustöðum.

[ 25-35% afsláttur ]



## Baðinnréttingar og tæki

VETRARTILBOÐ Í INNRÉTTINGUM OG TÆKJUM Í ÁRMÚLA.

Vaskar í úrvali og innréttingar í baðherbergi eru meðal þess sem er á vetrartilboði í verslunninni Innréttingar og tæki sem er til húsa í Ármúla 31. Afsláttur af baðinnréttingum nemur 25-35% nú um stundir og blöndunartæki eru líka á góðu verði. Um fjölmargar gerðir er að ræða. Verslunin er opin virka daga frá 9-18 og laugardaga frá 10-14.






Útsalan í fullum gangi
AXIOM Vajolet
CARO
Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776
Opið virka daga kl. 11:00-18:00
Opið á laugardögum



Hjartadeildin opin alla helgina.
BLÓMÁLFURINN
Vesturgötu 4 sími 562 2707
Íslandsmeistari í blómaskreytingum



Full búð af nýjum vörum!
Sumarbolir ofl. ofl.
Rýmingarsala á eldri vörum
B. Magnússon
Austurhraun 3 Gbæ sími 555-2866
Opið 10-18 og lau 11-14 www.bmagnusson.is



Skrifborðsstólar



Villa stgr. 11.500.– Uniform stgr. 8.900.– Net stgr. 27.900.–
Duka stgr. 3.900.– Disco stgr. 26.000.– Libero stgr. 16.600.–
Armar á Uniform, Libero og Villa kosta 2.950.–
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100

Chelsea•Barcelona
8. mars í LONDON!
spron
Snilldarkort SPRON býður vinningshafa á völlinn!
Þú getur fengið þér snilldarkort SPRON á www.snilld.is
ALLIR GETA TEKIÐ ÞÁTT!
Sendu SMS skeytið JA CBF á númerið 1900 og þú gætir unnið.
Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið JA A, B eða C á númerið 1900.
99 kr./skeytið.
Þú gætir unnið:
• Ferð fyrir 2 á Chelsea-Barcelona*
• PlayStation2 tölvur
• CHAMPIONS LEAGUE 2004-2005 (Farðu á leikinn eða spilaðu hann heima í stofu)
• Fullt af DVD myndum o.m.fl.
Snilld.is VAS



## Plastparkett í gæðaflokki á góðu verði

STÓRÚTSALA Í VERSLUNINNI PARKET OG GÓLF Í ÁRMÚLANUM.

„Við vorum að taka upp plastparkett sem er svo líkt ekta parketti að erfitt er að sjá muninn,“ segir Ómar í versluninni Parket og gólf í Ármúla 23. Þar er stórútsala á plastparketti þessa dagana og um fjölmargar tegundir að ræða. Meðal nýjunga nefnir Ómar tegund sem hægt er að leggja í fiskibeinamynstur.

Eitt besta tilboðið er á 8 millimetra þykku plastparketti í hæsta gæðaflokki sem með undirlagi og gegnheilum gólflistum kostar aðeins 998 krónur fermetrinn. Til samanburðar má nefna að venjulegt verð á slíku parketti er 1.950 krónur metrinn fyrir utan undirlag og lista.

## Útsölulok hjá herranum

FERMINGARFÖTIN ERU KOMIN.



Nú eru útsölulok í herrafataversluninni Herra Hafnarfjörður. Aðeins eru fjögur verð í búðinni: 990 krónur, 1.990 krónur, 2.990 krónur og 4.990 krónur. Útsölujakkafötin eru öll á 12.900 krónur og svo má geta þess að fermingarfötin eru komin í Herra Hafnarfjörð þannig að faðir og sonur geta báðir fengið sér jakkaföt í sömu ferð og sparað dágóðan pening.

Herra Hafnarfjörður er í Firðinum í Hafnarfirði.

GÍTARINN EHF.
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is
Erum að taka upp nýja sendingu



Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. 27.900
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur.
Þjóðlagagítar frá kr. 14.900
Trommusett með öllu, ásamt æfingarplöttum og kennslumyndbandi rétt verð kr. 73.900.- tilboðsverð kr 54.900.-
BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR



Fermingar 2005
Fréttablaðið mun gefa út 4 sérblöð um fermingar
Hverju sérblaði verður dreift í tæplega **100.000 eintökum** um land allt.
Blaðið verður gefið út eftirtalda föstudaga:
**25. febrúar // 4. mars // 11. mars // 18. mars**
Þeir sem vilja nánari upplýsingar er bent á að hafa samband við:
**Hinrik Fjeldsted // Sími 515 7592 // hinrik@frettabladid.is**
FRÉTTABLAÐIÐ
Stærsti fjölmiðillinn

Kennslulíkön og líffræðikort á: www.skola.is
- Fræðsluefni
- Tómstundavörur
- Föndurvörur
- Myndlistarvörur
- Hannyrðavörur
- Skólavörur
- Skrifstofuvörur
- Búnaður
- Húsgögn



Skólavörubúðin
Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is




## Verslun




www.rum.is frábær fermingartilboð, Amerísk fermingarrúm frá 29.900 kr. Snorrabraut 56 & Glerárgötu 34 Akureyri, s. 551 5200 & 461 5300



Full búð af nýjum vörum. Gott verð. H-Gallerí Grænatúni 1 kóp. S. 554 5800.




**www.pen.is**




**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Nýjar 6 tíma dvd myndir á 2.990. Spólur 1990. 3 á 5.000. Egg frá 990. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



Búningasilfur. Þjóðlegir skartgripir. Gullsmiðir, Bjarni og Þórarinn, Engihjalla 8 Kóp. S. 552 4567.

## Fyrirtæki

Herbergjaleiga á svæði 105 í fullum rekstri til sölu. Gott húsnæði og góðir leigjendur. Uppl. gefur Ásmundur síma í 565 8000 og 895 3000.

## Ýmislegt

Óska eftir vídeóupptökum af Þjóðhátið 2004 í Vestmannaeyjum. Helst af Egó og Mínus. Uppl. í s. 848 4814.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

## Garðyrkja

**Garðaþjónusta**
Heimili - Fyrirtæki
Trjá og runna klippingar

**Heimilisgarðar**
**Skúli, s. 822 0528.**

Trjáklippingar. Nú er rétti tíminn til trjáklippinga. Felli tré og klippi runna. Jónas Freyr Harðarsson, Garðyrkjufræðingur. S. 697 8588.

## Bókhald

**FAGBÓK ehf.**
**Bókhaldsstofa.**
- Bókhald/Ársreikningar - Skattframtöl fyrir lögaðila/einstaklinga - Stofnun félaga - Vsk.uppgjör - Launaútreikning ofl.
**Persónuleg þjónusta á góðu verði. Þverholti 3, 270 Mosfellsbæ, sími 566 5050. GSM 894 5050, 894 5055.**

Bókhald-Vsk.& launauppgjör-Ársuppgjör-Skattframtöl. Ódýr og góð þjónusta. Sími 692 6910.

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO- S. 861 8349.

## Málarar

**Húsaviðgerðir**
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Gifs, spörslun, lökkun, múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

## Meindýraeyðing




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð á flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Allskonar Flutningar. Er með meðalstóran sendibíl. 9 rúmmetrar. Flyt hvað sem er. Fagmennska og öryggi í fyrirrúmi. Geri föst verðtilboð sé þess óskað. Uppl. í síma 891 7585.

## Húsaviðhald




**Steiningarefni**
**Ýmsar tegundir**
Ma. Kvartz, marmari, gabbró, granít ennfremur steiningarlím.
Mikið litaúrval. Þvoum og blöndum efnin eftir óskum viðskiptavina.
Flytjum
efnin á byggingarstað.
**Sjón er sögu ríkari**
**Fínpússning sf**
**Íshellu 2, Hafnarfirði**
**sími: 553 2500 - 898 3995.**

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Glerjun og gluggaviðgerðir!**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Alt muligman. Almennt viðhald, húsa málun, flísar, hönnun, parket ofl. Nefndu það bara, við skoðum það. Föst tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 898 0101.

## Stífluþjónusta







**Stífluþjónustan ehf**
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Röramyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir - Vírushreinsanir - Uppfærslur**
Start tölvuverslun, Bæjarlind 1, Kópavogi.
**Sími 544-2350, www.start.is**

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Sími 616 9153. Milli kl 8-23 alla daga vikunnar.

Leysi tölvuvandamálin! Gott verð! Microsoft viðurk. Hafðu samb. Ríkharður s. 896 5883.

Uppsetning og viðhald á netkerfum og tölvum. Þekking og reynsla. T&G S. 696 3436, www.togg.biz

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Spádómar




Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Alspá 908-6440**
Finn týnda muni. Andleg hjálp, Ráðgjöf, nýjar leiðir, NLP. Y. Carlsson.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

## Skemmtanir




## Rafvirkjun




Rafengi Hf. Raflagnaþjónusta. Endurnýjun og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. S. 663 7789.

## Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Vönduð vinna. Sími 896 9676.

## Viðgerðir

**Almenn rennismíði**
Viðgerðir/viðhald. Áralöng reynsla, vönduð vinnubrögð.
**Renniverk ehf, Súðarvogi 9**
**Sími 869-1933 & 563-2563**

# HEILSA

## Heilsuvörur




Missti 10 kg á 12 vk.Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 heilsuval@topdiet.is

13 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Viltu léttast? Auka orku? ShapeWorks er lausnin. www.321.is s. 577 2777.

Frábær líðan.. Alveg síðan.. Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Líkamsrækt

**Yoga unnendur**
Astanga Yoga ( kraftyoga) í Yogastöðinni Heilsubót Síðumúla 15. Guðmundur kennir. Astanga er kröftugt yoga. Uppl. í s. 694 6103.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

**Konudagur, dagur konunnar í lífi þínu**
Veittu ást, veittu gleði, veittu heilsu.
Góð tilboð!
**Sjúkranuddstofan s. 588 1404.**

## Snyrting




**Thalasso therapy.**
"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orkugefandi, vökvalosandi og grennandi. Greifynjan snyrtistofa sími 587-9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-20.

## Ýmislegt

SAGA HEILSA & Spa

**Karlmenn!!!**
Gefið henni gjafabréf á konudaginn. Nudd, snyrting og spa-meðferðir í glæsilegri heilsumiðstöð. Saga Heilsa & Spa, Nýbýlavegi 24, s. 511 2111. www.sagaheilsa.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug

Trommunámskeið hefst 21. febrúar. Einkatímar. Innritun s. 898 9955. rokkskolinn.is

## Ökukennsla

Ökukennsla og akstursmat. Kenni á Opel Vectra. Sími 898-2833, Marteinn Guðmundsson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Óska eftir að kaupa svartan vandaðan leðurhornsófa, vel með farinn. S. 864 9608 Hjördís e/18.

Sófasett 3+2+1 og stakur 3ja sæta sófi, til sölu. Selst ódýrt. Uppl. í s. 824 4727.

Brúnt leðursófasett 3+1+1 á 30 þús. 6 borðstofustólar, dökkbrúnir með rauðu plussi í bak og sæti, sjóðsvél fyrir lítið fyrirtæki, rafmagnsritvél, persnesk gólfmotta. Uppl. í síma 661 7322 & 690 1902.

Til sölu vel með farin eikareldhúsinnrétting með innbyggðum tækjum frá Siemens. Einnig forstofuskápar úr eik. Uppl. í s. 897 1880 & 567 7220.

## Antík



Til sölu glæsilegt borðstofusett með borði, 6 stólum og 3 skápum í stíl. Uppl. í síma 895 8254.

## Barnavörur



Nýjar vörur frá Diesel og Ticket to heaven. 50-70% afsláttur að völdum vörum. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3. Sími 555 6688.

## Dýrahald



20% afsláttur af plastbúrum.DÝRABÆR Hlíðasmára 9 Kóp.s. 553-3062 op. má-fös 13-18 lau.11-15

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

Til sölu Rottweiler hvolpar. Verð 200 þús. Uppl. í síma 893 6870.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Spennandi stang- og skotveiðiferðir til Suður-Grænlands í júlí og ágúst. Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar S.: 511 1515

ISAFOLD TRAVEL

**Ferð fyrir fjölskyldur**
"Siglt um Saltið" Litlir hópar - lifandi ferðir.
**Ferðaskrifstofan Ísafold, s. 544 8866. www.isafoldtravel.is**

ISAFOLD TRAVEL

**Ferðir fyrir sérhópa**
Litlir hópar - lifandi ferðir.
**Ferðaskrifstofan Ísafold, s. 544 8866. www.isafoldtravel.is**

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is



**Lax og Silungsveiði!**
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S 567-5204 og 660-6890.

## Hestamennska

Vélaborg ehf



**Hestaklippur**
Hestamenn nú er rétti tíminn til að raka undan faxi. Eigum hágæða LISTER rafmagnsklippur með hleðslurafhlöðu og 220 voltra. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 860

Vélaborg ehf



**Í hesthúsið !**
Drenmotturnar í hesthúsið komnar aftur, stærð: 75cm x 100cm x 5,5cm. Verð: kr. 5.980. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600

Til leigu nokkur pláss í góðu hesthúsi í Mosó. Sanngjörn leiga. Uppl. í s. 860 0860.

## Handavinna




www.hannyrdir.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi á svæði 109 til leigu, fullbúið húsgögnum. Allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, Stöð 2 og Sýn. Uppl. í síma 698 3211.

Lítil íbúð til leigu í Garðabæ. Reglusemi og skilvísi skilyrði. Verð 50 þús. Uppl. í s. 565 7055 & 662 1950.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í blokk við Grensásveg. Íbúðin er um 80 fm og laus nú þegar. Áhugasamir sendið inn nafn og símanr. á póstfang scg@in.is fyrir 20 feb.

Til leigu góð 2ja herbergja íbúð á svæði 104. Aðeins reglusamt og skilvíst fólk kemur til greina. Langtímaleiga. Uppl. í s. 899 0654.

Nýjar stórglæsilegar leiguíbúðir með öllum tækjum. Langtímaleiga. 2ja herbergja í Reykjavík. Sjá heimasíðu Átthaga ehf.: www.atthagar.is

Tveggja herbergja íbúð með húsgögnum á svæði 111 til leigu. Verð 70 þús. með hita og hússjóði. Laus strax. Uppl. í s. 820 9570 eftir kl. 17.

Herbergjaleiga á svæði 105 í fullum rekstri til sölu. Gott húsnæði og góðir leigjendur. Uppl. gefur Ásmundur í síma 565 8000 og 895 3000.

Stúdíóíbúð í vesturbænum, á jarðhæð, til leigu. Laus strax. Upplýsingar í síma 861 9164.

## Húsnæði óskast

26 ára kvk. með 1 barn, reglusöm. Vantar strax 2ja herb íbúð í Kópav. á verðb. 50 þ. Er með allt í grþ. Uppl. í s. 869 7383.

Óska eftir íbúðum með húsgögnum frá mars til 4. apríl. Uppl. í s. 511 2121 milli kl. 10 og 16 á daginn.

## Sumarbústaðir



Hús til leigu að Minni Borg Grímsnesi. Opnum fyrsta áfanga frístundabyggðar ferðaþjónustufyrirtækisins Minniborgir ehf. Allir velkomnir á kynningu á fyrstu húsunum laugardag og sunnudag 19. og 20 febrúar kl 12 til 18. Kaffi og meðlæti á staðnum. Hús frá Borgarhúsum ehf til sýnis á staðnum. www.minniborgir.is www.borgarhus.is.




## Geymsluhúsnæði




## Atvinnuhúsnæði

Til leigu frá 1/5 góðar skrifstofur m. tölvulögnum/ljósleiðara. Uppl. í s. 899 4670.

Meðleigjandi óskast. Athygli ehf. óskar eftir að komast í samband við aðila sem vill leigja skrifstofuherbergi með blaðamanni í lausamennsku. Upplýsingar veitir Valþór í síma 894 7252 og 515 5200.

Verkstæðispláss til leigu. S. 899 9066.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Halló Viltu vera þinn eigin herra?**
Óska eftir söluráðgjöfum um land allt til að selja Volare. Lítill stofnkostnaður auðvelt að byrja, enginn lager.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 volare@centrum.is www.volares.tk www.aloegel.tk**

**Atvinna - kvöldsölustarf !**
Mán - fös kl. 17:00 - 22:00
Góð laun + bónus og góð aðstaða.
**Getur hentað 18 ára - 70 ára + Nánari upplýsingar: bm@bm.is Sími 822 5052.**

**Óskum eftir starfsfólki á dag- og kvöldvaktir**
Við hjá Skúlason leitum að fólki á öllum aldri við símsvörun og úthringingar í fjölbreytt og skemmtileg verkefni í gangi. Dag- og kvöldvaktir í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Ef þú talar eitthvað Norðurlandamál er það kostur. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.
**Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

**Trésmiðir**
Óskum eftir að ráða trésmiði eða starfsmönnum vönum trésmíðum srax. Einnig vantar menn vana vinnu á trésmíðaverkstæði.
**Uppl. í síma 553 3322 & 699 5487.**

**Grill, söluturn & ísbúð.**
Óskum eftir að ráða starfsfólk í fullt starf. Helst vant. 18 ára og eldri.
**Frekari upplýsingar gefur Kristín í síma 862 9211.**

# Ertu að leita að góðum starfsmanni?

## Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja sérblöð bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

### En hverjir fá blöðin?

Við leituðum svara í fjölmiðla- og neyslukönnunum Gallups. Fjölmiðlakannanir Gallups eru gerðar í samvinnu við alla stærstu miðla landsins, Samtök auglýsenda og Samtök íslenskra auglýsingastofa, og eru viðurkenndar af þeim sem eina rétta aðferðin til að bera saman fjölmiðlanotkun landsmanna. Kannanirnar eru kynntar á heimasíðu Gallups sem niðurstöður en ekki túlkun.

| Lestur sunnudagsblaða, allir | 18-34 ára | 20-40 ára | 18-49 ára |
|---|---|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 60,1% | 60,3% | 63,4% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 32,5% | 35,5% | 42,9% |
| **Styrkur Fbl. umfram Mbl.** | **84,9%** | **69,6%** | **47,9%** |
| | | | |
| **Lestur sunnudagsblaða, konur** | **18-34 ára** | **20-40 ára** | **18-49 ára** |
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 61,4% | 60,1% | 62,0% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 28,4% | 31,6% | 41,1% |
| **Styrkur Fbl. umfram Mbl.** | **116,5%** | **90,0%** | **51,0%** |

65% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára **fletta ekki** sunnudagsblaði Morgunblaðsins **né heldur** 72% kvenna undir 35 ára aldri, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.

**1)** 95% heimila í Reykjavík og í nágrenni fá Fréttablaðið heim til sín á morgnana, sem þýðir að 95% þeirra sem eru í atvinnuleit fá atvinnublað Fréttablaðsins heim til sín á sunnudögum.

**2)** 48% heimila á sama svæði eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 52% þeirra sem eru á aldrinum 12-80 ára í atvinnuleit þurfa að fara út í búð og ná sér í Moggann ef þeir vilja skoða atvinnublaðið sem honum fylgir.

**3)** 72% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára búa á heimilum sem **EKKI** eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 72% landsmanna á aldrinum 20-40 ára sem eru í atvinnuleit ára þurfa að fara út í búð ef þeir vilja skoða atvinnublað Morgunblaðsins á sunnudögum.

**4)** Ungt fólk er í langflestum tilfellum markhópur atvinnuauglýsinga og svona les það sunnudagsblöðin, samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups í október síðastliðnum:

**Tvær spurningar:**
*Hversu sennilegt er að fólk í atvinnuleit lesi ekki atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu (95% þeirra fá blaðið)?*

*Er ekki kominn tími til að laga birtingar á atvinnuauglýsingum að nýjum veruleika á blaðamarkaði eins og öll stærstu fyrirtækin í landinu hafa gert með sínar venjubundnu auglýsingar?*

## Nauðungarsala til slita á sameign.

Föstudaginn 25. febrúar 2005 kl. 10:00 fer fram við lögreglustöðina í Grindavík, Víkurbraut 25, Grindavík nauðungarsala til slita á sameign á:

**„Hestvagni ásamt tilheyrandi fylgihlutum, svo sem aktygjum“.**

***Sýslumaðurinn í Keflavík.***

**Verkamenn**
Óska eftir verkamönnum í byggingarvinnu á stór- Reykjavíkursvæðinu. **Upplýsingar í síma 892 9661.**

**Tengslaviðskipti**
Kynning á tengslaviðskiptum. Erum að byggja upp netviðskipti á alþjóðavettvangi. Leitum að áhugasömu fólki á öllum aldri, sem er tilbúið að vinna með okkur og vera hluti að öflugri liðsheild. Þetta er eingöngu fyrir fólk sem vill ná árangri. **Áhugasamir hafið samband í síma 862 9055.**



**Charlott’ undirföt**
Gefðu sjáfri þér tækifæri, slástu í hópinn. Við viljum ráða nokkrum hressa sölufulltrúa, til að selja hin glæsilegu frönsku Charlott’ undirföt, fyrir dömur og herra. Auðveld söluvara- Frjáls vinnutími- Einstakt sölukerfi- Mikil endursala Engin sölureynsla áskilin. Við þjálfum þig. Áhugasamir sendi tölvupóst á: charlott@simnet.is eða í síma 568 2770

Hótel á Suðurlandi óskar eftir matreiðslumanni. Uppl. í s. 894 1420.

Snyrtifræðingur með meistararéttindi óskast. Áhugasamir hafið samband í síma 8691078 eða sendið póst á buni@toppnet.is

Papinos pizza óskar eftir röskum starfskröftum. Umsóknareyðublöð liggja fyrir á Papinos Pizzu Núpalind 1, eft. kl. 16.

Vantar mann í vinnu á dekkjaverkstæði. Vaka ehf. Uppl. í s. 696 8253.

Vélstjóri og háseti óskast á 115 tonna netabát sem rær frá Suðurnesjunum. Uppl. í s. 854 8764 & 845 1546.

Skipstjóra vantar á 25 tonna netabát sem er gerður út frá Þorlákshöfn. Upplýsingar í síma 892 3031.

Óska eftir röskri aðstoðarmanneskju í mötuneyti. Vinnutími frá 11-15. Uppl. í s. 868 2808 & 588 0010.

Starfsfólk óskast í hlutastarf, kvöld og helgarvaktir í grillsöluturni í Grafarvogi. Uppl. í s. 896 0360.

### Atvinna óskast

Tvítug stelpa óskar eftir vinnu. Er vön að vinna í eldhúsi og uppvaski. Uppl. í s. 696 2615.

Smiður í eldri kantinum óskar eftir innivinnu eða verkefnum. Uppl. í s. 847 9874.

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið

Ílöng silfurnæla með dökkum kringlóttum steini tapaðist líklega í nágrenni Neskirkju eða Hótel Sögu. Skilvís finnandi hafi samband í s. 862 4985.

### Einkamál







**Makaleit.is**
Fagleg leit. Tryggir árangur. Frí innskráning.




# AUGLÝSING

## um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014

Sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps auglýsir skv. 1 mgr. 21 gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að verulegri breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu hreppsins að Iðndal 2, Vogum frá og með föstudeginum 18. febrúar 2005 til og með 18. mars 2005.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingatillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 1. apríl 2005.

Hver sá sem eigi gerir athugasemdir innan tilgreinds frests telst samþykkur henni.

Vogum, 18. febrúar 2005.
Sveitarstjóri Vatnsleysustrandarhrepps
Jóhanna Reynisdóttir

## Tilkynning umframboðsfrest til stjórnarkjörs

**Samkvæmt 34. gr. laga Félags rafeindavirkja skal auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður félagsins tveimur mánuðum fyrir aðalfund.**

Stjórn félagsins er skipuð 7 mönnum, formanni, varaformanni, ritara og gjaldkera auk 3ja meðstjórnenda. Í trúnaðarráð skal kjósa 5 fulltrúa og jafnmarga til vara. Með hliðsjón af framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur er til kl. 16:00 föstudaginn 18. mars 2005. Skila ber framboðslista á skrifstofu félagsins fyrir þann tíma. Hverjum lista skal fylgja skrifleg staðfesting þeirra sem eru á listanum.

Reykjavík 16. febrúar 2005
Stjórn Félags rafeindavirkja

ATVINNA

# NÝFORM

## HÚSGAGNAVERSLUN – AFGREIÐSLA

Húsgagnaverslunin Nýform Reykjavíkurveg 66 Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Viðkomandi þarf að hafa þjónustulund, enskukunnáttu, tölvukunnáttu og vera heiðarlegur með góða framkomu.

Vinnutími getur orðið breytilegur en er alla virka daga frá 13 – 18. Skiflegar umsóknir sendis til afgr. Fréttablaðsins merkt Afgr. Nýform fyrir 25. febrúar.

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík og leiðrétting á áður birtri auglýsingu

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

### Sævarhöfði 21, Sorpa.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Sorpu að Sævarhöfða 21.
Tillagan gerir ráð fyrir að lóð stækki úr 5244 m$^2$ í 8284 m$^2$. Ekki verða byggð nein mannvirki á umræddri stækkun, notkun mun eingöngu takmarkast við móttöku á garðaúrgangi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Suður-Mjódd.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði ÍR í Mjódd.
Tillagan gerir ráð fyrir að ljósastólpar verði settir upp, mesta hæð er 18 m., við nýjan gerfigrasvöll við hlið núverandi keppnisvallar. Lýsingu verður beint inn á völl þannig að glýja frá þeim verður sem minnst. Við gerfigrasvöll verður gerður nýr byggingarreitur fyrir áhorfendastúku
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Reitur 1.151.4, Þjóðleikhúsreitur.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.151.4 sem afmarkast af Hverfisgötu, Ingólfsstræti, Lindargötu og Smiðjustíg.
Í tillögunni er gefin heimild til viðbygginga við Þjóðleikhúsið og Smiðjustíg 11 og að reisa nýbyggingu á lóðinni Smiðjustígur 13. Heimilt verður að gera minniháttar breytingar á húsum á reitnum án þess að breyta þurfi deiliskipulaginu. Gerð er tillaga að gangstétt við Smiðjustíg, að vestanverðu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

***Leiðrétting á auglýsingu sem birtist föstudaginn 11. febrúar, lóðarheiti Orkuveitu Reykjavíkur.***

### Bitruháls 2 - Réttarháls 2 á að vera Bitruháls 2 – Bæjarháls 1.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bitruháls 2, lóð Osta- og smjörsölunnar og Bæjarháls 1, lóð Orkuveitu Reykjavíkur. Að öðru leiti er áður birt auglýsing rétt.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 08:20 – 16:15, frá 18. febrúar til og með 1. apríl 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulagsfulltrúa, merkt viðkomandi svæði og undirritað með nafni, kennitölu og heimilisfangi, eigi síðar en 1. apríl 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 18. febrúar 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2600 • MYNDSENDIR 562 3219

## STYTTUR BÆJARINS




### Kristján IX

„Með frelsisskrá í föðurhendi þig fyrstan konung Guð oss sendi," orti séra Matthías um Kristján IX Danakonung. Styttan af Kristjáni stendur við Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg og sýnir konunginn afhenda Íslendingum stjórnarskrána. Hún er gerð af Einari Jónssyni myndhöggvara og var reist fyrir samskotafé árið 1915.

## KAUPVENJUR



Guðjón Þorsteinn Pálmarsson

# Spáir ekkert í notagildi hlutanna

Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, leikari í Saumastofunni 30 árum síðar, verslar mikið á eBay.

**Hver er uppáhaldsbúðin þín?**
eBay hefur tekið mikið af mínum tíma og ég hef keypt alveg fullt af drasli. Ég fann til að mynda eina æðislega búð á eBay sem heitir Matara design og keypti þar ein sex úr.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?**
Mér finnst skemmtilegast að kaupa svona drasl og dótarí sem maður getur leikið sér með. Keypti til dæmis eldgamla rússneska myndavél um daginn sem er ónotuð.

**Verslar þú mikið í útlöndum?**
Já. Á námsárum mínum í Lundúnum var ég fastagestur á flóamörkuðum og sérstaklega ef það var til styrktar góðum málefnum. Keypti þar eitt sinn rosalega flottan hermannajakka úr seinna stríðinu sem er framleiddur 1944 og er alveg æðislegur.

**Einhverjar venjur við innkaupin?**
Viðskiptin á eBay eru oft mjög persónuleg, þannig að ég hef það fyrir venju að vera kurteis og heiðarlegur, sem hefur skilað sér ríkulega til baka. Að öðru leyti reyni ég að pæla lítið í notagildi hluta þegar ég kaupi þá, og hef milljón sinnum verið spurður hvað í ósköpunum ég ætli að gera við hlutina sem ég kaupi.

**Skyndiákvarðanir þegar þú verslar?**
Já, það er alvarlegur sjúkdómur! Keypti til dæmis fjóra hnífa um daginn sem ég hef ekkert við að gera, en keypti þá bara af því ég fékk þá á eitt sent.




GUERLAIN
PARIS

kynnir nýja kremlínu
Success Model

- Fullkomin lína sem styrkir og stinnir andlitsvöðvana
- Lyftir slappri húð
- Mótar andlitið og gefu ljóma
- Vinnur á línum og hrukkum
- Gefur mikinn raka og vörn
- Sjáanlegur árangur á aðeins einni viku.

Guerlain gefur þér þessa glæsilegu gjöf með kaupum á kremi að eigin vali úr nýju SUCCESS MODEL línunni.

- GUERLAIN Snyrtibudda
- Cleansing Milk 50 ml
- Smoothing Toner 15 ml
- Moisturizing Mask 30 ml
- Secret Divin 3 ml
- L´Instant De Guerlain edp 1.5 ml

VERÐMÆTI GJAFAR ER 4.490.-
Gildir á öllum Guerlain útsölustöðum á meðan byrgðir endast.

KYNNING Í DAG FÖSTUDAG Í SNYRTIVÖRUVERSLUNINNI GLÆSIBÆ

Snyrtivöruverlun Glæsibæ – Hygea Kringlunni – Hygea Smáralind – Hygea Laugavegi – Lyf og Heilsa Kringlunni – Snyrtistofan Garðatorgi – Gár og heilsa Akureyri – Snyrtihús Bergdísar, Ólafsgeisla 65



Súkkulaði fyrir andlitið



Karin Herzog er fumkvöðull á sviði virkra súrefniskrema fyrir andlit og líkama.

Nú kynnum við undrakremlínuna; Finest Chocolate Line.



Af hverju er súkkulaði svona gott fyrir húðina?
Súkkulaði inniheldur mikið magn af efnum sem eru okkur nauðsynleg til góðrar húðumhirðu s.s.: járn, kalk, magnesíum, potassíum, vítamín A, B1, C, D og E. Kókó inniheldur auk þess mikið magn af afeitrandi efnum.
Öll þessi virku efni í bland við súrefni gera súkkulaðikremin frá Karin Herzog virkari en önnur krem.
Gerðu húðinni gott og fáðu þér súkkulaðikrem frá Karin Herzog!

ÞAÐ NÝJASTA OG HEITASTA Í SNYRTIVÖRU-HEIMINUM!

Karin Herzog
Finest Chocolate Line

Kynningar verða á eftirtöldum Lyfju stöðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Föstudagur 18. feb.** Lyfja, Lágmúla | **Fimmtudagur 24. feb.** Lyfja, Lágmúla | **Miðvikudagur 2. mars** Lyfja, Lágmúla | **Laugardagur 5. mars** Lyfja, Smáralind |
| **Þriðjudaginn 22. feb.** Lyfja, Smáratorgi | **Föstudagur 25. feb.** Lyfja, Smáratorgi | **Fimmtudagur 3. mars** Lyfja, Smáratorgi | |
| **Miðvikudagur 23. feb.** Lyfja, Lágmúla | **Þriðjudagur 1. mars** Lyfja, Lágmúla | **Föstudagur 4. mars** Lyfja, Smáratorgi | |

LYFJA
www.lyfja.is

GARÐATORGI | KRINGLUNNI | LAUGAVEGI | LÁGMÚLA | SETBERGI | SMÁRALIND | SMÁRATORGI | SPÖNGINNI | KEFLAVÍK | GRINDAVÍK

Geymið auglýsinguna - www.forval.is – www.karinherzog.is

# Félag leiðsögumanna og fagmennska stéttar

**STEFÁN HELGI VALSSON**
SKRIFAR UM LEIÐSÖGUMANNAFÉLAGIÐ

„Leiðsögunám á Íslandi fer fram á Birnubraut við það sem kallast Leiðsöguskóli Íslands og er innan veggja Menntaskólans í Kópavogi.“ Þetta kom fram í grein Péturs Sigurðssonar og Sólrúnar Jónsdóttur í Fréttablaðinu 9. febrúar sl. Hátt menntunarstig einkennir íslenska leiðsögumenn. Í núverandi árgangi nemenda í Leiðsöguskóla Íslands hafa nær 90% nemenda lokið háskólaprófi, iðnnámi eða starfsnámi. Átta prósent nemenda eru handhafar meistaragráðu og þrjú prósent hafa lokið doktorsprófi. Leiðsöguskóli Íslands var stofnaður árið 1976. Hann starfar samkvæmt námskrá útgefinni af menntamálaráðuneytinu og hefur verið til húsa í Menntaskólanum í Kópavogi frá árinu 1987. Markmið með stofnun skólans var að mennta íslenska leiðsögumenn á þann hátt að þeir standist gæðakröfur ferðamanna á hverjum tíma. Leiðsöguskóli Íslands hefur útskrifað um þúsund nemendur frá upphafi. Reglur skólans kveða á um að nemendur hafi náð 21 árs aldri áður en þeir hefja nám við skólann og að þeir hafi mjög gott vald á einu erlendu tungumáli auk íslensku. Tveir prófdómarar meta tungumálafærni umsækjenda. Notkun greinarhöfunda á orðinu „Birnubraut“ fyrir nám í Leiðsöguskóla Íslands er hvort í senn niðrandi og rangt. Niðrandi vegna þess

> **Notkun greinarhöfunda á orðinu „Birnubraut“ fyrir nám í Leiðsöguskóla Íslands er hvort í senn niðrandi og rangt. Niðrandi vegna þess að námið er uppnefnt og rangt vegna þess að sú Birna sem vitnað er til lét af störfum við skólann vorið 2002.**

að námið er uppnefnt og rangt vegna þess að sú Birna sem vitnað er til lét af störfum við skólann vorið 2002. Nafngreining og athugasemd sem beint var að starfsmanni Félags leiðsögumanna fjallar á óverðskuldaðan hátt um framgöngu hans á vettvangi alls óskyldum Félagi leiðsögumanna.

Um þessar mundir standa kjaraviðræður á milli Félags leiðsögumanna og Samtaka atvinnulífsins og Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Félag leiðsögumanna er sannarlega stéttarfélag og á aðild að ASÍ. Sátt hefur náðst um að félagar í Félagi leiðsögumanna njóti forgangs um atvinnu hjá þeim ferðaskrifstofum sem eru aðilar að samningnum. Auk augljósra hagsmuna leiðsögumanna af slíkum samningi geta ferðaskrifstofur treyst á að fá hæfa og vel menntaða leiðsögumenn til starfa allan ársins hring. Á aðalfundi Félags leiðsögumanna sem fram fór í febrúar í fyrra var staðfest að allir starfandi leiðsögumenn sem sækja um aðild að félaginu eigi rétt á inngöngu, greiði atvinnuveitendur 1% af launum þeirra til félagsins. Fagdeild innan Félags leiðsögumanna var stofnuð á sama fundi af félögum sem vilja aðgreina sig frá þeim sem ekki hafa staðist 444 klukkustunda nám við Leiðsöguskóla Íslands og þær ströngu kröfur sem þar eru gerðar. Vil ég benda Pétri og Sólrúnu á að hafa samband við formann Félags leiðsögumanna þessu til staðfestingar.

*Höfundur er leiðsögumaður, ferðamálafræðingur og kennari.*

## AF NETINU

### Sérlega tortryggileg herferð

Athygli hefur vakið sérlega tortryggileg herferð Og Vodafone á síðum dagblaðanna undanfarið. Er helst að skilja á þessum áróðri að Og Vodafone ætli sér að fá allt fyrir ekki neitt. Það er sérlega eftirtektarvert að sjá Baug í þessum auglýsingum höfða til landsbyggðarfólks. Fram hefur komið að Og Vodafone eru ekki á móti því að einkavæða Landssíma Íslands, hafa jafnvel talið þarft að flýta því ferli. En Og Vodafone eru á því að skilja eigi svokallað grunnnet frá við sölu símans og selja það sérstaklega. Hvaða hagsmunir liggja þar að baki? Er ekki nauðsynlegt að tryggja frjálsa samkeppni í fjarskiptum á Íslandi?

Fjarskiptafyrirtæki hafa víðast hvar í Evrópu verið seld úr ríkiseigu. Í því ferli hafa grunnnet hvergi verið aðskilin af þeirri ástæðu að hvergi var sú leið talin heppileg eða skynsamleg, hvorki fyrir fjarskiptamarkaðinn né neytendur.

**Einar Gunnar Einarsson á timinn.is**

### Mönnum bregður

[E]kki [er] laust við að mörgum bregði þegar rífa á 25 gömul hús bara sisona. Mörg þeirra eru vissulega breytt og hafa lítið menningarlegt gildi. En það getur ekki átt við um öll þessi hús [við Laugaveginn]. Og hér kemur til kasta vinstrigrænna í borgarstjórn, eins og svo oft áður. Vinstrigræn eru eina stjórnmálahreyfingin í borginni sem tilbiður ekki markaðslögmálin eins og skurðgoð. Við viljum standa vörð um almannahag og menningarleg gildi, sem eflaust stangast í einkum tilvikum á við hinn friðhelga eignarrétt. Við hljótum að vera talsmenn þess að setja rétti húseigenda til að rífa hús sín einhverjar skorður. Þess vegna hljóta fulltrúar VG í þeim nefndum og ráðum borgarinnar sem málið varðar að vera málsvarar þess að farið verði með gát í svona málum. Það tekur ekki langan tíma að rífa hús og afmá 100 ára sögu. En slík ákvörðun verður ekki tekin aftur. Menning og saga borgarinnar má ekki glatast í algleymi neyslu- og gróðahyggju sem mun hvort sem er vara stutt.

**Sverrir Jakobsson á vg.is/postur**

### Erlendir álitsgjafar í útvarpinu

Á Morgunvakt RÚV hefur verið opnað á nýjung sem ég kann að meta. Það er umfjöllun hins ágæta fréttamanns Jóns Ásgeirs Sigurðssonar um skrif álitsgjafa í erlendum fjölmiðlum. Jón Ásgeir fjallar um leiðaraskrif erlendra stórblaða og kemur víða við. Eins og gefur að skilja er maður stundum sammála hinum erlendu álitsgjöfum og stundum ekki. En eitt má segja og það er að þessi umfjöllun gefur innsýn í alþjóðlega umræðu. Sú umræða á að sjálfsögðu snertifleti við umræðu og viðhorf hér á landi.

**Ögmundur Jónasson á ogmundur.is**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.








**TONI MORRISON**
fæddist þennan dag árið 1931.

*„Ef þig sárlangar að lesa ákveðna bók, en hún hefur enn ekki verið skrifuð, þá verður þú að skrifa hana.“*

***- Toni Morrison er ein af örfáum einstaklingum sem hlotið hafa bæði Pulitzer-verðlaun og Nóbelsverðlaun fyrir skrif sín, en frægust er hún líklega fyrir bók sína The Color Purple.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

### *Gos hófst í Sveinagjá á Mývatnsöræfum*

Þennan dag árið 1875 hófst eldgos í Sveinagjá á Mývatnsöræfum, en sumir telja það hafa verið undanfara Öskjugossins sem hófst rúmum mánuði síðar. Það gos sem hófst í Dyngjufjöllum 29. mars 1875 er með mestu náttúruhamförum sem átt hafa sér stað á jörðinni. Upphaf vesturfara Íslendinga er oft rakið til þeirra miklu hamfara, en Öskjugosinu fylgi ógurlegt öskufall sem eyddi nær öllum jörðum á Jökuldal og olli tjóni mun víðar.
Eldgosið hófst raunar fyrst 3. janúar í Dyngjufjöllum og var það ásamt því í Sveinagjá í febrúar með þeim meiri sem sögur fara af, að því er frá greindi í ársannál Ísafoldar og birtist 4. febrúar 1876. „Dyngjufjallaeldinum vissu menn óglöggt hvað leið, þangað til annan í páskum, 29. marz, að afskaplegan öskumökk dreif þaðan austur yfir Múlasýslur. Lögðust við það 16 jarðir í eyði á Jökuldal efri, en stórskemmdir urðu á 200 jörðum öðrum. Nokkuð af öskunni barst austur um haf, til Noregs og jafnvel austur í Svíþjóð. Ekki sást eldur í Dyngjufjöllum eptir þetta, en mjög rauk úr þeim allt vorið og sumarið. Á Mývatnsöræfum gerði hverja goshríðina annarri stórkostlegri það sem eptir var vetrar, og leið skammt á milli. Síðan urðu gosin strjálli og bar ekki mikið á þeim fram eptir sumrinu. Þá efldist eldurinn aptur er leið á sumarið, og kom upp á nýjum stöðvum þar á fjöllunum; mun hann ekki hafa verið með öllu lagstur niður um árslokin,“ sagði í Ísafold.



**18. FEBRÚAR 1875**
Eldgos hófst í Öskju í Dyngjufjöllum.

## MERKISATBURÐIR

**1885** Bók Marks Twain um Ævintýri Stikilsberja-Finns kemur út í Bandaríkjunum.

**1910** 20 manns farast í snjóflóði í Hnífsdal. Margir slasast og eignatjón er mikið.

**1930** Amerískí stjörnufræðingurinn Clyde W. Tombaugh uppgötvar plánetuna Plútó.

**1934** Sjúkrahús Hvítabandsins vígt í Reykjavík.

**1964** Jarðskjálfti skekur Asoreyjar í austanverðu Atlantshafi. Skip glíma við miklar öldur við rýmingu San Jorge-eyju.

**2000** Hæstiréttur í Alabama í Bandaríkjunum úrskurðar að veitingastúlka sem fékk 10 milljón dollara lottóvinningsmiða í þjórfé þurfi ekki að deila vinningnum með samstarfsfólki sínu.



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Bjarnason**

stýrimaður, Hraunbæ 40, Reykjavík,

lést á heimili sínu mánudaginn 14. febrúar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 25. febrúar kl. 15.

**Halldór Ómar Sigurðsson, Laufey Guðrún Sigurðardóttir, Atli Sigurðsson, Berglind Sigurðardóttir, Hafrún Sigurðardóttir, Einar Björn Þórisson, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir, tengdamóðir, dóttir og amma,*

**Þórey Ólöf Halldórsdóttir**

Skálateig 1, Akureyri,

lést þriðjudaginn 15. febrúar. Jarðarför auglýst síðar.

**Halldóra Steinunn Gestsdóttir.**
**Katrín Anna Sigurðardóttir, Sigurður Jóhann Sigurðsson.**
**Margrét Harpa Jónsdóttir.**
**Sólrún Dögg Jónsdóttir,**
**Halldór Árnason,**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**



†

*Útför*

**Axels Emils Gunnlaugssonar**

sem lést 10. febrúar síðastliðinn,

hefur farið fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á sjóð til styrktar sleðakaupa vetraríþrótta fatlaðra.

Íþróttasamband fatlaðra – kt. 620579-0259.
Bankanúmer 313 – 13 – 710623.

**Aðstandendur.**



†

**Sigurgeir Hannesson**

bóndi, Stekkjardal,

sem lést á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi 8. febrúar, verður jarðsunginn frá Blönduósskirkju laugardaginn 19. febrúar kl. 13.00. Jarðsett verður á Svínavatni. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnunina Blönduósi.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Hanna Jónsdóttir.**

**TÍMAMÓT**: ÓHEFÐBUNDIÐ FIMMTUGSAFMÆLISBOÐ

# Kynnir nýja ritgerð

Stefán Jón Hafstein, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur og formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, notar tækifærið á fimmtugsafmælisdaginn sem er í dag og kynnir nýja ritgerð sem hann hefur skrifað. „Nei, það er svo sem ekki tilviljun að þessi dagsetning varð fyrir valinu,“ segir hann, en ritgerðin, sem er um 60 til 70 síður, kemur út á heimasíðunni **www.stefanjon.co.is**. „Hún fjallar um jafnaðarmennsku á nýrri öld,“ segir Stefán Jón og tekur fram að í ritgerðinni sé horft lengra en til nánustu framtíðar í stjórnmálaþróun. „Ég verð þess vegna ekki með afmælisboð í hefðbundnum skilningi, heldur geta vinir, samherjar og aðrir sem áhuga hafa á, komið á kynningarfyrirlestur í Iðnó klukkan hálf fimm.“

Stefán Jón segir að honum hafi fundist hann skuldbundinn til að upplýsa um framtíðarsýn sína og þess vegna ráðist skrifin. „Nú er maður búinn að starfa í pólitík og koma fram sem álitsgjafi í hinum og þessum málum og mér fannst ég skulda kjósendum mínum að segja hvernig maður hugsar um framtíðina sem jafnaðarmaður.“ Þá vísar hann því á bug að útgáfa ritgerðarinnar tengist á einhvern hátt breytingum eða valdabaráttu innan Samfylkingarinnar. „Þetta er ekki hugsað sem innlegg í formannsslaginn og kom til löngu áður en maður fór að hugsa um hann. Í rauninni er þetta bara sjálfsprottin þörf hjá mér. Þetta er meiri framtíðarsýn og til lengri tíma litið en næsta landsfundar.“

Smíði ritgerðarinnar hófst síðasta haust og hefur staðið í vetur. „Ég ætlaði í haust að vera duglegur að skrifa vikulega pistla á heimasíðuna, en datt svo í hug að sleppa því bara og skrifa meira stefnuplagg í staðinn. Maður er hvort eð er alltaf í fjölmiðlum og verið að spyrja mann álits á hinu og þessu,“ segir Stefán Jón og kvaðst í ljósi þess hve margir hafi verið teknir að blogga hafa ákveðið að sleppa því bara alveg sjálfur. „Hugsunin var því að tengja saman stærri hugmyndir og ná saman þræðinum í einhverju samhengi,“ segir hann og kveður til greina koma að láta prenta ritgerðina síðar meir. Fyrst um sinn verður hún hins vegar aðeins aðgengileg á heimasíðu hans. „Þetta er sett inn meira sem umræðuplagg,“ segir hann og ætlar að taka allar athugasemdir sem berast vegna ritgerðarinnar til athugunar. „Svo er heldur aldrei að vita nema einhverjum takist að fá mann til að skipta um skoðun í einhverjum málum.“



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**STEFÁN JÓN HAFSTEIN** Stefán Jón, sem er fimmtugur í dag, heldur fyrirlestur í Iðnó klukkan hálffimm og kynnir nýja ritgerð þar sem er að finna framtíðarsýn hans á stjórnmálaþróun í landinu.

## ANDLÁT

**Herborg Laufey Gestsdóttir**, fyrrverandi bókavörður, hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum, lést þriðjudaginn 8. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Þuríður Sigurðardóttir**, frá Hátúnum, lést föstudaginn 11. febrúar.

**Stefán Björgvin Guðmundsson**, frá Dratthalastöðum, lést laugardaginn 12. febrúar.

**Leifur Kristinn Guðjónsson**, Dúfnahólum 2, Reykjavík, lést mánudaginn 14. febrúar.

**Eiríkur Jónsson**, frá Berghyl, Álftarima 20, Selfossi, lést þriðjudaginn 15. febrúar.

**Friðgeir Grímsson**, verkfræðingur, fv. öryggismálastjóri ríkisins, Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Sundlaugavegi 24, Reykjavík, lést þriðjudaginn 15. febrúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Haraldur Guðmundsson**, flugumferðarstjóri, Háholti 23, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

13.00 **Jón Valdimar Kristjánsson**, frá Stöðvarfirði, Hraunbæ 103, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju.

13.00 **Rósbjörg Sigurðardóttir**, Nesvegi 67, frá Hellissandi, verður jarðsungin frá Neskirkju.

13.30 **Sigurlína Dagný Sigurjónsdóttir (Lóa)**, Gránufélagsgötu 41, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Ingibjörg Hjörleifsdóttir**, Holtsgötu 10, Njarðvík, verður jarðsungin frá Ytri-Njarðvíkurkirkju.

15.00 **Helga Jónína Dagbjartsdóttir**, Hrafnistu, Reykjavík, áður Bergstaðastræti 48a, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

15.00 **Þórdís Guðmundsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Eir, verður jarðsungin frá St. Jósefskirkju, Hafnarfirði.


**15% afsláttur**
**af legsteinum**
**gegn staðgreiðslu**
**í janúar og febrúar**

**Sendum myndalista**



***MOSAIK***
***Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is***

**Minningarkort Hjartaverndar**
**535 1825**
HJARTAVERND


Tilboðin gilda til sunnudags 20. feb. eða meðan birgðir endast
Forskot á konudaginn
10 túlípanar í búnti
659 KR.
KONUDAGSPLANTAN:
Ástareldur
Um 11 sm há planta
499 KR.
Nýtt kortatímabil!
RAUÐ EPLI
69 kg KR.
VATNSMELÓNUR
98 kg KR.
GULAR MELÓNUR
98 kg KR.
GUL EPLI
79 kg KR.
JONAGOLD EPLI
69 kg KR.
GRÆN/RAUÐ VÍNBER
259 kg KR.
159 200g brúskur KR.
Grandsalat
LÍFRÆN
RÆKTUN
GRÆN/RAUÐ PAPRIKA
198 kg KR.
BÓNUS
Furuhnetur
100g
149 100g KR.
APPELSÍNUR
79 kg KR.
Ástareldur og ljúfmeti
BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.865 **-0,47%**

**Fjöldi viðskipta:** 316
**Velta:** 4.389 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Hampiðjan** | 3,33% | **Jarðboranir** | -0,96% |
| **Austurbakki** | 2,16% | **KB banki** | -0,94% |
| **Landsbankinn** | 1,02% | **Össur** | -0,57% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,00 -0,47% ... Atorka 6,05 +0,83% ... Bakkavör 26,90 – ... Burðarás 13,60 – ... Flugleiðir 14,20 +0,35% ... Íslandsbanki 12,45 -0,40% ... KB banki 528,00 -0,94% ... Kögun 49,30 +1,02% ... Landsbankinn 14,90 +1,02% ... Marel 54,80 -0,36% ... Medcare 6,23 – ... Og fjarskipti 3,90 -0,26% ... Samherji 11,25 +0,45% ... Straumur 10,15 -0,49% ... Össur 87,00 -0,57%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### United ríkast

Enska knattspyrnustórveldið Manchester United kann að hafa misst af meistaratitlinum þar í landi í ár – þótt ekkert skyldi útiloka í þeim efnum. Félagið ber hins vegar höfuð og herðar yfir keppinauta sína ef litið er til fjárhagslegs styrks. I gær var birtur listi yfir tuttugu tekjuhæstu knattspyrnulíð heims og þar trónir United á toppinum. Tekjur félagsins í fyrra námu 171,5 milljónum punda, sem samsvarar um tuttugu milljörðum króna. Í öðru sæti er spænska stórliðið Real Madrid, sem stekkur upp um tvö sæti á listanum. AC Milan er í þriðja sæti. Fjórða ríkasta félagið er Chelsea en árið 2003 var félagið í tíunda sæti. Ítalska félagið Juventus er í fimmta sæti og fellur úr öðru sæti frá árinu 2003.



### Lítið stuð í skuldabréfum

Athygli hefur vakið á markaði að viðskipti með skuldabréf hafa verið lítil í upphafi árs. Í gær fjallaði greiningardeild Íslandsbanka um þessa þróun í Morgunkorni. Greiningardeildin segir að skýring ládeyðunnar sé sú að tveir stærstu kaupendur skuldabréfa haldi nú að sér höndum. Annars vegar er um að ræða lífeyrissjóði. Ef þeir kaupa skuldabréf með minni en 3,5 prósent ávöxtunarkröfu hefur það neikvæð áhrif á stöðu þeirra við uppgjör. Hinn hópurinn sem heldur að sér höndum er erlendir fjárfestar. Sterk staða krónunnar veldur því að þeir telja íslensku skuldabréfin dýr um þessar mundir en greiningardeildin á von á því að sú þróun snúist við þegar gengi krónunnar veikist.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Björgólfur Thor Björgólfsson** mun setjast í stjórn sænska fjárfestingarbankans **Carnegie** en **Burðarás** er stærsti hluthafinn í félaginu með 20 prósent hlut.

Gengi krónunnar hélt áfram að styrkjast á mörkuðum í gær og fór gengisvísitalan í 110,80 í lok dagsins.

Hagnaður **Opinna kerfa** var 225 milljónir króna á síðasta ári en árið 2003 skilaði rekstur félagsins 187 milljón króna tapi. **Kögun** keypti **Opin kerfi** á síðasta ári.

Í Lundúnum hækkaði **FTSE** um 0,08 prósent og í Þýskalandi hækkaði **Dax** um 0,02 prósent. Í Japan lækkaði **Nikkei** um 0,16 prósent.

# Ríkið eignast Landsvirkjun

**Í gær var undirrituð viljayfirlýsing milli eigenda Landsvirkjunar um að ríkið eignist fyrirtækið allt. Enn á eftir að semja um verð.**

Ríkið mun kaupa Reykjavíkurborg og Akureyri út úr Landsvirkun. Gert er ráð fyrir að kaupin gangi í gegn fyrir næstu áramót og að samið verði um kaupverð fyrir 30. september.

Viljayfirlýsing þessa efnis var undirrituð í gær. Við sama tækifæri kom fram að til stendur að sameina Landsvirkjun öðrum orkufyrirtækjum í eigu ríkisins; Rarik og Orkubúi Vestfjarða. Enn fremur er gert ráð fyrir að það félag verði gert að hlutafélagi, sem einnig gefur færi á því að aðrir en ríkið eignist hlutdeild í rekstrinum.



**LÍST VEL Á SAMEININGU** Friðrik Sophusson forstjóri segir að hjá Landsvirkjun lítist mönnum vel á sameiningu við Rarik og Orkubú Vestfjarða.

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að sér lítist vel á þá áætlun sem undirrituð var í gær. „Mér sýnist eðilegt að Reykjavíkurborg og Akureyri, sem reka önnur orkufyrirtæki, hverfi úr fyrirtækinu og mér líst mjög vel á að sameina Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða. Ég tel að í því felist margir möguleikar. Jafnframt tel ég eðlilegt að unnið verði að því að gera nýtt félag að hlutafélagi þegar tímar líða fram enda gefur það möguleika á hlutafé frá öðrum en ríkisvaldinu,“ segir Friðrik.

Hann nefnir sérstaklega að hann telji lífeyrissjóði líklega til að vilja fjárfesta í orkufyrirtækjum. „Rekstur orkufyrirtækja horfir til langs tíma og það gera lífeyrissjóðir líka þannig að þátttaka lífeyrissjóða í orkufyrirtækjum ætti að koma mjög vel út,“ segir hann.

Við kaup ríkisins á hlut Reykjavíkur og Akureyrar á hlut þeirra í Landsvirkjun verður samið um greiðslur til langs tíma og verða þær notaðar til að mæta lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaganna. Hlutur ríkisins í Landsvirkjun er nú 50 prósent, Reykjavíkurborg á 45 prósent og Akureyri 5 prósent.

- þk




**HÖFUÐSTÖÐVAR LANDSVIRKJUNAR** Til stendur að sameina orkufyrirtæki í eigu ríkisins undir einn hatt. Stefnt er að því að gera Landsvirkjun að hlutafélagi þótt það verði ekki fyrr en í fyrsta lagi árið 2008.


AÐALFUNDUR

BAKKAVÖR GROUP HF. 2005



Aðalfundur Bakkavör Group hf. verður haldinn föstudaginn 25. febrúar 2005, kl. 17 í Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

**Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi á síðastliðnu ári.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til samþykktar.
3. Breytingar á samþykktum.
4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu.
5. Ákvörðun um stjórnarlaun.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
9. Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu stjórnar og endurskoðanda munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, viku fyrir aðalfundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

Stjórn Bakkavör Group hf.

BAKKAVÖR

bakkavor.com

TUNGLIÐ / Ljósm. Ari Magg



SAFNANÓTT 18. FEBRÚAR

FRÁ KL. 18:00 - 24:00

TÍMATAFLAN SÝNIR MÍN. YFIR HEILA KLST.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árbæjarsafn | 0 | Árbæjarsafn | 30 |
| Rafheimar | 5 | Gerðuberg | 35 |
| Listas. Sigurjóns Ólafs. | 12 | Perlan / Sögusafn | 44 |
| Ásmundarsafn | 16 | Norræna húsið | 47 |
| Kjarvalsstaðir | 21 | Þjóðminjasafnið | 49 |
| Listasafn ASÍ | 24 | Borgarbókasafn | 52 |
| Listasafn Íslands | 27 | Þjóðmenningarhús | 54 |
| Þjóðmenningarhús | 29 | Listasafn Íslands | 56 |
| Borgarbókasafn | 31 | Listasafn ASÍ | 59 |
| Þjóðminjasafnið | 34 | Kjarvalsstaðir | 2 |
| Norræna húsið | 36 | Ásmundarsafn | 7 |
| Perlan / Sögusafn | 40 | Listas. Sigurjóns Ólafs. | 41 |
| Gerðuberg | 49 | Rafheimar | 19 |
| Árbæjarsafn | 54 | Árbæjarsafn | 24 |

S Strætó

Strætó mun aka á milli safna í kvöld frá kl. 18:00 til 24:00

Þjónustu- og upplýsingasími 540 2700 www.bus.is

BIÐSTÖÐVAR AKSTURSSTEFNA




Góða skemmtun!

AUGLÝSINGASTOFA E.BACKMAN

# Nýtt nafn á Tölvumyndir

Hugbúnaðarfyrirtækið Tölvumyndir heitir nú TM Software. Friðrik Sigurðsson forstjóri segir breytinguna vera gerða vegna aukinna umsvifa félagsins erlendis en nýja nafnið hefur verið notað á alþjóðlegum vettvangi síðan 1999.

TM Software er eitt helsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Hjá félaginu starfa fjögur hundruð manns, þar af tæpur helmingur erlendis. Velta fyrirtækisins árið 2004 var um þrír og hálfur milljarður króna.Félagið leggur nú mikla áherslu á sölu sérhæfðs hugbúnaðar í heilbrigðisgeiranum.

Til stendur að skrá fyrirtækið á markað í Kauphöll Íslands síðar á árinu. - þk

# SPRON hagnast um 1,5 milljarða

**Hagnaðurinn er 80 prósentum meiri en 2003 en stærstur hluti hans er vegna fjárfestinga.**

Hagnaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í fyrra var 1.465 milljónir króna á síðasta ári. Hagnaðurinn árið 2003 var 804 milljónir. Aukningin er ríflega áttatíu prósent milli ára.

Hagnaður Sparisjóðsins er fyrst og fremst kominn til vegna gengishagnaðar á hlutabréfaeign fyrirtækisins. Gengishagnaður var 1,7 milljarðar í fyrra.

„Það hefur verið mikil gróska hjá okkur undanfarin misseri og síðasta ár var engin undantekning þar á. Við höfum kynnt ýmsa nýja þætti til sögunnar í okkar þjónustu og það hefur gengið mjög vel. Eins hefur þróun á þeim fjárfestingum sem við höfum lagt í skilað sér mjög vel. Gengishagnaður skilar langmestu af þeim hagnaði sem við vorum með,“ segir Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri.

Stjórn Sparisjóðsins mun gera tillögu um að stofnfjáreigendur fái greiddan 25,5 prósenta arð og að nafnverð stofnfjár verði hækkað um fimm prósent. - þk



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**GUÐMUNDUR HAUKSSON** Sparisjóðsstjóri SPRON er ánægður með 1,5 milljarða króna hagnað á rekstrinum í fyrra.



**HAGNAÐIST UM TÆPA TVO MILLJARÐA** Þótt afkoma af vátryggingarekstri TM hafi ekki verið góð í fyrra var hagnaður félagsins töluvert meiri en árið áður.

# Hagnaður undir spám

Tryggingamiðstöðin hagnaðist um 1.980 milljónir króna í fyrra. Niðurstaðan er örlítið undir spám greiningardeilda bankanna.

Hagnaðurinn jókst frá því árið 2003 þegar hann var 1.424 milljónir. Innheimt iðgjöld fyrirtækisins lækkuðu um ríflega 350 milljónir milli ára en tjón urðu meiri en þá. Í tilkynningu stjórnar félagsins til Kauphallarinnar í gær kom fram að afkoma af vátryggingastarfseminni hafi ekki verið viðunandi í fyrra.

Það sem skýrir aukinn hagnað er fyrst og fremst fjármálastarfsemi en gott gengi í hlutabréfaviðskipum skilaði Tryggingamiðstöðinni rúmlega 2,3 milljörðum í tekjur, samanborið við ríflega 1,1 milljarð árið áður.

Stjórn TM leggur til að greiddur verði 100 prósenta arður en hlutafé í félaginu er 932 milljónir króna. Tæpur helmingur hagnaðar verður því greiddur út sem arður. - þk

**SPÁR UM AFKOMU TRYGGINGAMIÐSTÖÐVARINAR***

| | |
|---|---|
| KB banki | 2.100 |
| Landsbanki | 2.035 |
| Íslandsbanki | 2.150 |
| **Niðurstaða** | **1.980** |

* í milljónum króna

# Medcare í plús

Medcare Flaga skilaði hagnaði á síðasta ári í fyrsta sinn síðan árið 2000. Hagnaðurinn var þó ekki mikill eða þrjátíu þúsund Bandaríkjadalir, sem samsvarar tæplega tveimur milljónum íslenskra króna.

Á árinu 2003 tapaði Medcare 515 þúsund Bandaríkjadölum – um þrjátíu milljónum miðað við gengið krónunnar nú. Sé hins vegar litið á reksturinn án afskrifta, skatta og fjármagnsliða, var hagnaðurinn 879 þúsund dalir, sem samsvarar ríflega fimmtíu milljónum króna. Þetta er töluvert mikill viðsnúningur frá niðurstöðunni árið 2003.

Tekjur fyrirtækisins jukust um 38 prósent á milli ára og fóru í 26,4 milljónir dala – um einn og hálfur milljarður króna.

Medcare framleiðir margs konar hátæknibúnað sem notaður er í heilbrigðisgeiranum. - þk





Fíton/SÍA FI011895

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2005 OG LAUNAKÖNNUN VR

Þú græðir á því að svara!

Val á fyrirtæki ársins eykur metnað stjórnenda og bætir aðstæður fólks á vinnumarkaði. Launakönnun VR gefur raunhæfa mynd af launum fólks í þinni grein og auðveldar þér að fá eðlileg laun fyrir þitt vinnuframlag. **Við hvetjum þig til að svara könnuninni!**

**Nánari upplýsingar á www.vr.is**

Starf okkar **eflir** þitt starf

VR

**sport**
sport@frettabladid.is

**Við vorkennum...**

... Guðjóni Þórðarsyni, þjálfara bikarmeistara Keflavíkur, sem hefur mátt sjá á bak hverjum lykilmanninum á fætur öðrum úr herbúðum félagsins. Sá nýjasti er Stefán Gíslason, sem er búinn að ná samkomulagi um þriggja ára samning við norska félagið Lyn.



**Við óskum...**

FH til hamingju með sigurinn á opna Reykjavíkurmótinu í gær, þar sem liðið vann Val í úrslitaleik 2-1. Atli Viðar Björnsson og Ólafur Páll Snorrason skoruðu mörk FH, en Valsmenn fögnuðu engu að síður Reykjavíkurmeistaratitlinum þar eð þeir voru efstir Reykjavíkurliða.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

15 16 17 **18** 19 20 21

**Föstudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **FH** og **Fram** mætast í Kaplakrika í 1. deild karla í handbolta.
- 19.15 **Selfoss** og **Stjarnan** mætast á Selfossi í 1. deild karla í handbolta.
- 19.15 **Grótta/KR** og **Afturelding** mætast á Seltjarnarnesi í 1. deild karla í handbolta.
- 19.15 **Þór Þorlákshöfn** og **Þór Akureyri** mætast í Þorlákshöfn í 1. deild karla í körfubolta.
- 20.15 **Stjarnan** og **Ármann/Þróttur** mætast í Ásgarði í 1. deild karla í körfubolta.
- 21.00 **KS** og **Fjarðarbyggð** mætast í Boganum í Powerade-mótinu í fótbolta.

### LEIKIR

- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 18.00 **Upphitun** á Skjá einum.
- 19.00 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- 19.30 **Motorworld** á Sýn.
- 20.00 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn.
- 20.30 **Enski bikarinn** á Sýn. Upphitun fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.
- 21.00 **Bandaríska mótaröðin í golfi 2005** á Sýn.
- 21.30 **World Supercross** á Sýn.

# Vonar að aganefndin haldi trúverðugleika

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, treystir aganefnd sambandsins þrátt fyrir að formaður nefndarinnar hafi viðurkennt mistök þegar dómurinn yfir Roland Eradze var kveðinn upp.

**HANDBOLTI** Það kom óneitanlega á óvart þegar Karl V. Jóhannsson, formaður aganefndar HSÍ, viðurkenndi í viðtali við Fréttablaðið í gær að hann og kollegar hans í aganefndinni hefðu gert mistök þegar þeir dæmdu Roland Eradze, markvörð ÍBV, í átján daga bann fyrir að ganga berserksgang og ógna Gísla Hlyni Jóhannssyni, dómara leiks ÍR og ÍBV á laugardaginn.

Karl var óvenju opinskár í viðtalinu og viðurkenndi að dómurinn hefði verið of vægur. „Eftir á að hyggja fórum við of mjúkum höndum um Roland og það hefði sennilega verið réttlætanlegt að setja hann í eins til eins og hálfs mánaðar bann. Ég get alveg tekið undir þá gagnrýni sem hefur verið beint að okkur og það er alveg ljóst að það verður tekið harðar á svona málum í framtíðinni," sagði Karl í samtali við Fréttablaðið.

Fréttablaðið hafði samband við Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóra HSÍ, og spurði hann hvort aganefndin hefði einhvern snefil af trúverðugleika eftir játningar Karls um að dómurinn hefði verið of vægur.




**EINAR ÞORVARÐARSON** Treystir Karli V. Jóhannssyni, formanni aganefndar HSÍ, og félögum hans þrátt fyrir að Karl hafi viðurkennt mistök í máli Rolands Eradze.

„Ég vona að aganefndin haldi trúverðugleika sínum. Hingað til hefur aganefndin frekar verið gagnrýnt fyrir of mikla hörku í dómum sínum þannig að það kveður við nýjan tón. Það er hins vegar klárt mál að það er vandamál á ferðinni þegar aganefndin treystir sér ekki til að dæma mann í lengra bann vegna laganna þótt hún telji að hann eigi það skilið. Það er verkefni aganefndar að bregðast við því, skila tillögum fyrir ársþingið sem er í mars og fá breytingar samþykktar til að hægt sé að dæma menn í það bann sem þeir eiga skilið," sagði Einar.

Einar sagðist aðspurður bera fullt traust til meðlima aganefndar þrátt fyrir mistökin.

„Ég hef treyst þessum mönnum hingað til og geri það enn. Það er reyndar ekki í mínum verkahring að fjalla um nefndina og ég geri ráð fyrir að þeirra störf verði lögð fyrir ársþingið," sagði Einar.

oskar@frettabladid.is

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Intersportdeildin í körfu*

| | |
|---|---|
| SKALLAGRÍMUR–FJÖLNIR | 111–74 |

| | |
|---|---|
| HAMAR/SELFOSS–TINDASTÓLL | 98–93 |
| GRINDAVÍK–KEFLAVÍK | 92–109 |

**Stig Grindavíkur:** Darrel Lewis 23, Páll Axel Vilbergsson 21, Gary Taylor 19.
**Stig Keflavíkur:** Nick Bradford 22, Anthony Glover 19, Magnús Guðmundsson 18.

| | |
|---|---|
| KR–HAUKAR | 98–90 |

**Stig KR:** Cameron Echols 33 (14 frák), Aaron Harper 29 (10 frák).
**Stig Hauka:** Michael Manciel 30 (15 frák) Demetric Shaw 27 (10 frák)

| | |
|---|---|
| ÍR–KFÍ | 113–82 |

**Stig ÍR:** Grant Davis 28 (11frák), Theo Dixon 16, Fannar Helgason 14 (10 frák).
**Stig KFÍ:** Joshua Helm 43 (16 frák, 4 stolnir), Pétur Sigurðsson 19.

| | |
|---|---|
| SNÆFELL–NJARÐVÍK | 88–84 (frl. 78–78) |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | 18 | 15 | 3 | 1665–1436 | 30 |
| **SNÆFELL** | **18** | **14** | **4** | **1584–1460** | **28** |
| FJÖLNIR | 18 | 12 | 6 | 1681–1652 | 24 |
| **NJARÐVÍK** | **18** | **12** | **6** | **1625–1438** | **24** |
| SKALLAGR. | 18 | 10 | 8 | 1569–1498 | 20 |
| **ÍR** | **18** | **10** | **8** | **1648–1618** | **20** |
| KR | 18 | 9 | 9 | 1613–1566 | 18 |
| **GRINDAVÍK** | **18** | **8** | **10** | **1650–1694** | **16** |
| HAM./SELF. | 18 | 7 | 11 | 1633–1686 | 14 |
| **HAUKAR** | **18** | **6** | **12** | **1553–1576** | **12** |
| TINDAST. | 18 | 4 | 14 | 1511–1711 | 8 |
| **KFÍ** | **18** | **1** | **17** | **1494–1891** | **2** |

### *DHL-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| ÍBV–VÍKINGUR | 29–23 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HAUKAR | 17 | 14 | 2 | 1 | 504–396 | 30 |
| **ÍBV** | **17** | **14** | **0** | **3** | **498–431** | **28** |
| STJARNAN | 17 | 8 | 3 | 6 | 431–406 | 19 |
| **VALUR** | **17** | **9** | **0** | **8** | **411–412** | **18** |
| FH | 17 | 6 | 4 | 7 | 451–476 | 16 |
| **GRÓTTA/KR** | **17** | **5** | **0** | **12** | **385–430** | **10** |
| VÍKINGUR | 17 | 4 | 0 | 13 | 407–451 | 8 |
| **FRAM** | **17** | **3** | **1** | **13** | **382–467** | **7** |





TM ÞAKKAR GÓÐAR VIÐTÖKUR Á NÝJUM OG EINFALDARI BÍLATRYGGINGUM

Í júní 2004 kynnti TM nýjar og breyttar bílatryggingar. Bónuskerfið var lagt niður og teknar upp einfaldari og sanngjarnari tryggingar sem viðskiptavinir og aðrir bíleigendur kunna vel að meta.

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN – *þegar mest á reynir!* · SÍMI 515 2000 · tm@tmhf.is · www.tmhf.is

# Aganefnd HSÍ er vanhæf



**UTAN VALLAR**
AGANEFND HSÍ OG REGLUGERÐ FYRIR AGANEFND

**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

Með dómi sínum í máli Rolands Vals Eradze sannaði aganefnd HSÍ að hún er algjörlega vanhæf og engan veginn fær um að sinna starfi sínu. Karl V. Jóhannsson, formaður nefndarinnar, játar það í raun sjálfur í viðtali við Fréttablaðið í gær. „Eftir á að hyggja fórum við of mjúkum höndum um Roland. Við komumst hins vegar að þessari niðurstöðu og henni verður ekki breytt,“ sagði Karl í viðtalinu.

Úrskurður aganefndarinnar er skandall og eftir frammistöðu sína í tveim stórum málum í vetur hefur aganefnd HSÍ hefur misst allan trúverðugleika. Sá trúverðugleiki verður ekki endurheimtur nema þeir ágætu menn sem sitja í nefndinni standi upp og segi af sér. Það gerist vonandi sem fyrst því þessum herramönnum er ekki stætt á að vera í nefndinni lengur.

Það er ekki eingöngu aganefndin sem er vanhæf heldur er reglugerðin sem hún þarf að fara eftir meingölluð. Handboltaáhugamönnum hefur verið tíðrætt um að ef Roland hefði fengið hinn svokallaða kross hefði hann fengið miklu lengra bann. Það eru skiptar skoðanir um það. Krossinn, eða brottvísun, gefur átta refsistig en rautt spjald fimm refsistig. Leikmenn fá eins leiks bann hvort sem þeir fá fimm eða átta refsistig. Það er ekki fyrr en leikmenn komast í tíu refsistig sem þeir fá þriggja leikja bann. Þess vegna varð aganefndin að beita þessu tímabundna banni. Þvílíkt rugl.

Þetta refsistigakerfi gengur ekki upp og er vont aðstoðartæki fyrir aganefndina sem gerir hennar starf í raun erfiðara. Þetta kerfi er tóm steypa og það er kominn tími til að kasta því fyrir róða og taka upp nútímalegra kerfi sem auðveldar störf aganefndar.

Betra væri að hafa almennar reglur fyrir minni sakir eins og rauð spjöld fyrir þrjár tveggja mínútna brottvísanir en svo væri tekið sérstaklega á hverju máli þar sem bein brottvísun á sér stað. Algjörlega óháð einhverjum refsistigum.

Væri hægt að styðjast við álíka viðmið og aganefndin notar í dag þegar ákveða á lengd leikbanna. Í stað þess að fara eftir flóknum refsistigaskala væri hægt að flokka brot leikmanna eftir grófleika og brot í ákveðnum flokkum geta svo numið allt að ákveðið löngu leikbanni. Skýrar línur og engar flækjur sem gera vinnu aganefndar erfiðari en hún er fyrir.

Annað atriði sem nauðsynlega þarf að laga er sú staðreynd að ekki er hægt að áfrýja dómum sem eru styttri en eitt ár. Það er lítil sanngirni í þeirri reglu því um síðir geta komið fram sönnunargögn sem varpað geta nýju ljósi á umdeild mál. Við höfum eitt skýrt dæmi um það síðan í vetur. Það víða pottur brotinn í íslenskum handboltaheimi og forystumenn handknattleiksmála verða að bretta upp ermar og taka þessi mál föstum tökum á næsta ársþingi svo við getum verið laus við álíka uppákomur næsta vetur.

henry@frettabladid.is

Átaksvika vegna heimilisofbeldis 14. – 21. febrúar

BÝRÐU VIÐ OFBELDI Á HEIMILINU?

1717

Hringdu í **1717** – Hjálparsíma Rauða krossins

Við hlustum á þig
Við upplýsum um úrræði
Við bendum þér á leiðir út úr vandanum

**1717 - Hjálparsími Rauða krossins** er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem finnst þeir vera í vanda og þurfa einhvern til að tala við. Símtal í 1717 er gjaldfrjálst og kemur hvergi fram á símreikningum.

Síminn er bakhjarl 1717 - Hjálparsíma Rauða kross Íslands.

Rauði kross Íslands




**Enginn bónus – lægri iðgjöld**
Iðgjaldaskráin einfölduð og lækkuð um allt að 75% hjá öllum.

**Enginn bónusmissir**
15.000 kr. iðgjaldsálag einu sinni í stað þess að missa bónus vegna tjóns.

**Allir eru jafnir**
TM gefur ungu fólki tækifæri til að sanna sig sem ábyrgir bílstjórar.

**TM-Öryggi**
Nóg að tryggja bílinn til að fá TM-Öryggi og hagkvæmari kjör.

TM

BÍLAR






# STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Sveitasnakk?

**BIRGIR ÖRN STEINARSSON** DÁIST AÐ SVEITARÓMANTÍKINNI, EN AÐEINS OF SEINT.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Hefur engum dottið í hug að rannsaka af hverju allar stærstu poppstjörnurnar á Íslandi eru utan af landi? Birgitta Haukdal er frá Húsavík, Jónsi frá Akureyri, Á móti sól frá Hveragerði og Egilsstöðum (held ég), Nylon-flokkurinn var búin til af Herra Selfossi, Vignir úr Írafári og Gummi Jóns úr Sálinni eru af landsbyggðinni líka.

Af hverju gengur landsbyggðarpoppurunum svona vel í bænum? Ég er með nokkrar kenningar.

Fyrst og fremst voru þeir aldir upp á sveitaböllunum. Aðalsjarminn var á þeim. Eins og allir listamenn eru landsbyggðapopparar draumóramenn. Og vegna þess að þeir komu úr enn minna samfélagi en við erum vön í ofvaxna fiskiþorpinu Reykjavík, þá náðu draumar þeirra ekki lengra. Að minnsta kosti virðist metnaður þeirra ekki liggja út fyrir fyllerísskemmtanirnar, hvað þá landsteinana. Draumurinn nær ekki lengra en að komast í Gísla Martein eða Eurovision.

Eða kannski hefur fólk á landsbyggðinni bara betra peningavit en draumóramennirnir í Reykjavík? Þá dreymir um að lifa á tónlist sinni en eru of miklir listamenn til þess að beygja sig undir reglur íslensku sveitaballanna. Hey, aldrei spilaði Björk í Njálsbúð... eða hvað? Ætli hún hafi einhvern tímann sungið Long Train Running á balli?

Það eru nánast engir peningar í íslenskri tónlist. Sorrí krakkar, að ég sé að eyðileggja rokkstjörnudrauma ykkar en áður en þið farið í þennan bransa þurfið þið að velta því fyrir ykkur hvort þið séuð reiðubúin til þess að vinna í pulsuvagni á endanum, ...hmm eða sem blaðamenn? Fólkið í sveitinni veit alltaf best, er það ekki? En hvað sem þið veljið, verið reiðubúin til þess að elta drauma ykkar alla leið. Sama hversu langt, eða stutt, þeir ná.

Með ódauðlegum orðum Bag of Joys: „Sveitasnakk, já sveitasnakk. Kauptu þér sveitasnakk, sveitasnakk í gleri. Takk.“ ■

## myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Överli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**PÚ OG PA** Eftir SÖB




**KJÖLTURAKKAR** Eftir Patrick McDonnell




**BARNALÁN** Eftir Kirkman/Scott




Strákar!!
konudagurinn er á sunnudag
Stór og fallegur humar
Risarækjur á spjóti
Risahörpuskel
Allir rómantískir karlmenn fá
Duni
kerti í kaupbæti.
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
- ástin byrjar í maganum -
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga 10-14:30


Sims 2, University!
AUKAPAKKI
PC CD-ROM
The SIMS 2
UNIVERSITY
EXPANSION PACK
EA GAMES
12+
www.pegi.info
500kr.
Gildir sem 500 króna inneign upp í Sims 2, University aukapakka!
Tölvuleikir
VÆNTANLEGUR!
Tryggðu þér eintak úr fyrstu sendingu með 500kr. inneign!
S·K·Í·F·A·N
...skemmtir þér ; )
Skífan Laugavegi 26 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

# bíó

**Ómissandi á DVD**
Bresku gamanþættirnir um Svörtu nöðruna, Blackadder, fást nú allir saman í einum DVD-pakka. Þáttaraðirnar eru fjórar og rúmast hver þeirra á einum diski. Þeir hjá BBC eru nískir á aukaefnið en þessir diskar eru engu að síður jafn ómissandi í öll alvöru DVD-söfn og Sjálfstætt fólk er í Laxness-safn hvers heimilis.



*„Here lies Edmund Blackadder, and he's bloody annoyed.“*

***- Rowan Atkinson verður sjaldan kjaftstopp í hlutverki Blackadder. Hér ákveður hann hvað skuli standa á legsteini hans þegar hann sér fram á að týna lífi í skotgröfum í fyrri heimsstyrjöldinni.***




# Stormasöm ævi tónlistarsnillings

Kvikmyndin Ray er byggð á ævi tónlistarmannsins blinda Ray Charles sem lést síðasta sumar, 73 ára gamall. Hefur myndin vakið mikla athygli síðan hún var frumsýnd í Bandaríkjunum, sér í lagi fyrir frammistöðu Jamie Foxx í aðalhlutverkinu. Hann var nýverið tilnefndur til Óskarsverðlauna en einnig hlaut Ray fimm aðrar tilnefningar, þar á meðal sem besta myndin.

Myndin hefst á því þegar hinn munaðarlausi Ray stígur einn upp í rútu á leið frá Flórída til Seattle þar sem hann vill gerast alvöru djasspíanisti. Eftir að hafa átt erfitt með að koma undir sig fótunum fær hann útgáfusamning hjá plötufyrirtækinu Atlantic Records og fljótlega fer stjarna hans að rísa. Áhorfendur fá einnig að kynnast baráttu hans við eiturlyfin og erfiðum ástarsamböndum hans. Allan þennan tíma reynir Ray að horfast í augu við atvik sem átti sér stað er hann var fimm ára þegar bróðir hans George fórst af slysförum og hann fór smám saman að missa sjónina. Átti þetta atvik eftir að hafa langvarandi áhrif á feril hans sem tónlistarmann og atorku hans á því sviði.

Á meðal frægustu slagara hins brosmilda Charles voru I Got a Woman, Georgia on My Mind, Hit the Road Jack, Unchain My Heart og I Can't Stop Loving You. Einkenndist ferill hans af því að prófa mismunandi tónlistarstíla og lét hann ekki festa sig við eina stefnu. Hann var einn fyrsti tónlistarmaðurinn til að spila gospellög og setja við þau texta sem ekki tengdust Guði almáttugum. Charles var fjölhæfur með eindæmum og prófaði margs konar tónlist, meðal annars gospel, R&B, sál, rokk og ról, kántrí, djass og blús.



**RAY** Jamie Foxx þykir fara á kostum í hlutverki sínu sem tónlistarmaðurinn Ray Charles.

Charles var alla tíð mikill kvennamaður. Hann skildi við báðar eiginkonur sínar og var einhleypur frá árinu 1952. Hann eignaðist tólf börn og tuttugu barnabörn. Í tuttugu ár var hann háður heróíni, en hætti árið 1965 eftir að hann var handtekinn á flugvelli í Boston. Eftir það samdi hann meðal annars lögin I Don't Need No Doctor og Let's Go Get Stoned. Þess má geta að Ray fékk á dögunum átta Grammy-verðlaun fyrir dúettaplötu sína, sem var sú síðasta sem hann tók upp áður en hann lést.

Auk Jamie Foxx fara þær Regina King og Kerry Washington með helstu hlutverk í Ray. Leikstjóri er Taylor Hackford, sem sló í gegn árið 1982 með myndinni An Officer and a Gentleman með Richard Gere í aðalhlutverki. Einnig hefur hann meðal annars leikstýrt Agains All Odds, Dolores Claiborne, The Devil's Advocate og Proof of Life. ■

DAGSKRÁ FÖSTUDAGINN 18. FEBRÚAR

7:00 GÓÐAN DAG
SIGURÐUR G. TÓMASSON
Kemur þjóðinni á fætur með fréttum og spjalli.
Gissur Sigurðsson flytur fréttir á 15 mínútna fresti.

9:00 DAGMÁL ODDS ÁSTRÁÐSSONAR
OG RAGNHEIÐAR GYÐU JÓNSDÓTTUR
Lífið í landinu, menning, listir, fróðleikur og viðtöl.
Fréttir á 30 mínútna fresti.

12:00 FRÉTTIR FRÁ FRÉTTASTOFUNNI
HÁDEGISÚTVARPIÐ
Í umsjón Sigmundar Ernis Rúnarssonar og
Sigurjóns M. Egilssonar.

13:00 HRAFNAÞING
Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
Fréttir kl. 13:30 og 14:00.

14:00 BIRTA
Í umsjón ritstjórnar Birtu.
Fréttir kl. 15:00.

15:00 ALLT & SUMT MEÐ
HALLGRÍMI THORSTEINSSYNI
OG HELGU VÖLU HELGADÓTTUR
Dægurmálaþáttur.
Fréttir á 30 mínútna fresti.

18:00 Á KASSANUM
Yfirlit dagsins með Illuga Jökulssyni.

18:30 FRÉTTIR OG ÍSLAND Í DAG

19:30 19:30 Góðan dag (e) | 21:00 Dagmál (e) | 23:30 Hádegisútvarpið (e)
00:10 Hrafnaþing (e) | 01:00 Birta (e) | 01:55 Allt & sumt (e)
04:20 Á kassanum (e) | 04:50 Góðan dag | 07:20 Dagmál (e)



# Góðum ástarsamböndum stefnt í hættu

Er mannfólkinu ætlað að eiga sama makann alla ævi? Hvað fær fólk til að stofna góðu ástarsambandi í hættu þar sem gagnkvæm ást ríkir? Er það mögulegt að elska meira en eina manneskju á sama tíma? Þessum og mörgum fleiri spurningum reynir leikstjórinn reyndi Mike Nichols að svara í kvikmyndinni Closer, sem verður frumsýnd hér á landi í kvöld.

Nichols, sem á að baki myndir á borð við The Graduate, The Birdcage og Working Girl, fjallar hér um eðli ástarsambanda og hvernig hægt sé að halda tryggð við maka sinn.

Myndin, sem er hlaðin stórstjörnum í helstu hlutverkum, fjallar um breska blaðamanninn Dan (Jude Law) sem kynnist bandarísku fatafellunni Alice (Natalie Portman) eftir að hún verður fyrir leigubíl. Þau verða ástfangin en fljótlega fer Dan að girnast bandaríska ljósmyndarann Önnu (Julia Roberts). Anna hittir nokkru síðar breska lækninn Larry (Clive Owen) og þau verða ástfangin þrátt fyrir mótbárur Dans. Ýmislegt gerist í kjölfarið og ljóst er að einhverjir eiga eftir að fara illa út úr þessari ástarflækju.

Bæði Natalie Portman og Clive Owen eru tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sín í myndinni. Þau hlutu bæði Golden Globe-verðlaunin á dögunum auk þess sem Owen fékk bresku Bafta-verðlaunin fyrir frammistöðu sína. ■



**ALICE OG LARRY** Natalie Portman og Clive Owen í hlutverkum sínum í Closer. Þau eru bæði tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína.

# Loksins kominn á flug

Eftir að hafa getið sér gott orð fyrir uppistand sitt og leikið í nokkrum lítt áberandi kvikmyndum má segja að ferill Jamie Foxx sé loksins kominn á flug.

Foxx, sem er 38 ára, vakti mikla athygli fyrir hlutverk sitt í mynd Olivers Stone, Any Given Sunday, árið 1999, en það var ekki fyrr en hann lék leigubílstjórann Max í Collateral á móti Tom Cruise sem hann sló virkilega í gegn. Foxx þarf ekki hafa áhyggjur á næstunni því hann var nýlega ráðinn í hlutverk Ricardo Tubbs í væntanlegri kvikmynd byggðri á þáttunum Miami Vice. Þar verður mótleikari hans Colin Farrell. Tvær aðrar myndir, Stealth og Jarhead, eru einnig í burðarliðnum hjá Foxx. ■



**JAMIE FOXX** Foxx var þekktur grínisti áður en hann sló í gegn á hvíta tjaldinu.

**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



**Ray**
Internet Movie Database – 7,9/10
Rottentomatoes.com – 82% = Fersk
Metacritic.com – 73/100



**Closer**
Internet Movie Database – 7,2/10
Rottentomatoes.com – 68% = Fersk
Metacritic.com – 65/100


Velkomin



SIEMENS

**Verið velkomin í 600 fm. sýningarsal**
í Mörkinni 1 með innréttingum
frá JKE Design í Danmörku

Opið um helgina
laugardag og sunnnudag frá kl. 11 - 17

JKE DESIGN

*Óteljandi möguleikar*

Mörkin 1 · 108 Reykjavík · Sími: 515 0700

**!** *Tónlistargjörningurinn **Hanaegg** verður frumfluttur í Listasafni ASÍ klukkan klukkan **20.30** og síðan endurfluttur klukkan **22.30**. Um er að ræða frumflutning á tónverki eftir **Þuríði Jónsdóttur** fyrir rafhljóð og mezzósópran. Verkið er samið sérstaklega fyrir **Ásgerði Júníusdóttur** mezzósópran inn í myndverk **Ólafar Nordal** sem nú er til sýnis í Listasafni ASÍ.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Karólína í Grafíksafninu



Karólína er myndlistarmaður ársins hjá Grafíkvinum og Íslenskri grafík. Í kvöld verður opnuð í Grafíksafni Íslands sýning á grafíkverkum og vatnslitamyndum eftir hana. Sýningin er jafnframt liður í Vetrarhátíð og safnanótt sem efnt er til í kvöld í nánast öllum söfnum borgarinnar.

Grafíksafnið er til húsa að Tryggvagötu 17, Hafnarhúsinu svonefnda, en inngangurinn er hafnarmegin á húsinu.

Karólína er einn af virtustu myndlistarmönnum landsins og hefur vakið töluverða athygli utan landsteinanna. Ein mynda hennar, Spil, verður seld í hundrað eintökum, tölusettum og árituðum af Karólínu. Myndin verður seld til styrktar verkstæði Íslenskrar grafíkur, sem er til húsa á sama stað og Grafíksafnið í Hafnarhúsinu. Þar hafa grafíklistamenn aðstöðu til að vinna að list sinni.

Sýning Karólínu í Grafíksafninu stendur til 6. mars og verður opin frá fimmtudegi til sunnudags klukkan 14 til 18.

## EKKI MISSA AF…



… pönksveitunum **Vonbrigðum, Fræbblunum** og **Taugadeildinni** sem verða óstöðvandi á Grand Rokk í kvöld.

… **Tilfinningatorginu**, sem verður haldið á Hressó á morgun á milli klukkan 14 og 18. Þar gefst fólki kostur á að bera tilfinningar sínar á torg, stórar og smáar, í gríni og alvöru.

… sýningunni **Karlmenn til prýði** sem **Dagný Guðmundsdóttir** opnar við Ægisgarð í Reykjavík á morgun.




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**PÁLL STEINGRÍMSSON** Sýnir glefsur úr fimm stuttmyndum sínum í Þjóðmenningarhúsinu allt kvöldið. Þar gefst fólki einnig tækifæri til að skrifa með fjaðurstaf á kálfskinnsbút.

# Safnarölt til miðnættis

Safnanótt er nýjung í menningarlífi Reykjavíkur, sem efnt er til í tengslum við Vetrarhátíð í kvöld. Nánast öll söfn borgarinnar verða opin til miðnættis og aðgangur er ókeypis þannig að nú er kjörið tækifæri til að bregða sér á safnarölt í borginni.

Til þess að auðvelda fólki að komast á milli verður sérstakur strætisvagn í förum á milli safnanna frá klukkan 18 til 24 og að sjálfsögðu er ókeypis að taka sér far með honum.

Í flestum safnanna verður einhver dagskrá, leiðsögn listfræðinga um sýningarnar, fyrirlestrar, ljóðalestur og tónlistarflutningur af ýmsu tagi.

Safnanóttin verður sett í Árbæjarsafni klukkan 17.30 og síðan rekur hver viðburðurinn annan alveg til miðnættis.

Í Norræna húsinu hefst til dæmis klukkan átta Criss Cross-kvikmyndasýning með heimildarmyndum, stuttmyndum, myndbandsverkum og kvikmyndum myndlistarmanna. Meðal annars verður sýnd heimildarmyndin The Five Obstructions sem Jørgen Leth og Lars von Trier gerðu árið 2003.

Í Rafheimum, safni Orkuveitu Reykjavíkur við Rafstöðvarveg, verður hægt að prófa fjöldamörg ný og spennandi tæki auk þess sem stjörnuskoðun fer fram fyrir utan safnið.

Í Borgarbókasafninu í Gerðubergi í Breiðholti hefst ljóðastund klukkan 19.30 þar sem Ingibjörg Haraldsdóttir, Kristín Eiríksdóttir og Sigfús Bjartmarsson lesa.

Klukkan níu flytja Gerður Bolladóttir sópran og Sophie Schoonjans hörpuleikari íslensk þjóðlög og sönglög frá síðustu öld í Listasafni Einars Jónssonar við Njarðargötu.

Í Kúlunni, hinu sérkennilega rými í Ásmundarsafni við Sigtún, ætlar síðan Sverrir Guðjónsson söngvari að kanna hljóðrými með söng sínum, og hefst sú könnunarferð einnig klukkan níu.

Þá verða þrjár myndlistarsýningar opnaðar á safnanótt í kvöld. Í Grafíksafni Íslands verður opnuð sýning á verkum Karólínu Lárusdóttur og í aðalsafni Borgarbókasafnsins í Grófarhúsi verður opnuð sýning á verkum Sigríðar Ólafsdóttur. Þá verður opnuð sýning á ljósmyndum Katrínar Elvarsdóttur í SÍM, Hafnarstræti 16.

Er þá aðeins fátt eitt talið af því sem í boði er fyrir menningarþyrsta borgarbúa. ■




## Frelsarinn



**ORRUSTUÞOTA** Ein af ljósmyndum Katrínar Elvarsdóttur.

„Þetta eru draumkenndar myndir, svolítið ævintýralegar,“ segir Katrín Elvarsdóttir, sem í kvöld opnar sýningu á ljósmyndum í SÍM-salnum við Hverfisgötu.

Myndirnar tók hún fyrir tveimur árum úti í New York á stóru herminjasafni sem er afar vinsælt hjá Bandaríkjamönnum.

„Þarna eru til sýnis mörg helstu farartæki og vopn bandaríska hersins allt frá fyrri heimsstyrjöldinni og til Persaflóastríðsins. Þarna er til dæmis risaflugmóðurskip, um fimmtíu orrustuflugvélar og kafbátar. Þegar ég tók myndirnar var þarna mikið af feðgum að skoða.“

Sýninguna nefnir Katrín Frelsarann og vísar þar til leiðtoga Bandaríkjanna og fleiri vestrænna ríkja sem sjá sjálfa sig í hlutverki frelsarans.

„Það er mikil hetjudýrkun sem tengist þessu og þangað koma strákar sem vilja vera hetjur og sjá þetta í hillingum. Þetta tengist beint tölvuleikjunum og öðru því sem þeir eru að leika sér með.“ ■

# Tilraun með hljóð

Kúlan í Ásmundarsafni við Sigtún er þekkt fyrir afar sérstæðan hljómburð. Í kvöld klukkan níu ætlar Sverrir Guðjónsson söngvari að kanna hljóðrými Kúlunnar og fremja þar raddskúlptúr sem hann kallar einfaldlega Raddir.

„Ég nota alls konar hljóð og óhljóð sem ég framkvæmi með röddinni. Síðan nota ég textann Sumri hallar, hausta fer sem verður eins konar leiðistef,“ segir Sverrir, sem verður einn á ferð, kannski með eina handtrommu en lætur annars röddina duga. Áheyrendur verða niðri og heyra hljóðin berast að ofan.

„Síðan verður fólki boðið upp og það getur prófað sjálft.“

Sverrir hefur áður gert tilraunir með hljóðið í Kúlunni og oft tekið þar upp tónlist, til dæmis fyrir mynd um Tyrkjaránið og Hamlet-sýninguna sem fékk menningarverðlaun.

„Þetta er alveg hreint magnað kúlurými. Hljóðið berst þarna mjög sérkennilega um. Það tvöfaldast á mörgum stöðum og ferðast meðfram veggjum.“



**SVERRIR KANNAR KÚLUNA** Sverrir Guðjónsson kannar hljómburð Kúlunnar í Ásmundarsafni á Vetrarhátíð í kvöld.

## Söfnin á safnanótt

| | |
|---|---|
| Árbæjarsafn, | Kistuhyl 4. |
| Borgarbókasafnið Gerðubergi, | Gerðubergi 3-5. |
| Borgarbókasafnið Aðalsafn | Grófarhúsi, Tryggvagötu 15. |
| Gallerí Humar eða frægð, | Kjörgarði, Laugavegi 59. |
| Grafíksafn Íslands, Hafnarhús, | Tryggvagötu 17. |
| Listasafn Einars Jónssonar, | Njarðargötu. |
| Listasafn ASÍ, | Freyjugötu 41. |
| Listasafn Íslands, | Fríkirkjuvegi 7. |
| Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, | Tryggvagötu 17. |
| Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir, | Flókagötu. |
| Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn, | Sigtúni. |
| Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, | Laugarnestanga 70. |
| Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Grófarhús, | Tryggvagötu 15. |
| Menningarmiðstöðin Gerðuberg, | Gerðubergi 3-5. |
| Norræna húsið | |
| Nýlistasafn, | Laugavegi 26. |
| Rafheimar, | Rafstöðvarvegi. |
| Safn, | Laugavegi 37 |
| SÍM, | Hafnarstræti 16. |
| Sævar Karl, | Bankastræti 7. |
| Sögusafnið, | Perlunni. |
| Yzt, | Laugavegi 40. |
| Þjóðmenningarhús, | Hverfisgötu 15. |
| Þjóðminjasafn Íslands, | Suðurgötu 41. |



**FAGIN OG ÓLIVER** Úr sýningu Leikfélags Akureyrar.

# Óliver Twist framlengdur

Söngleikurinn Óliver hefur notið þvílíkra vinsælda hjá Leikfélagi Akureyrar að ákveðið hefur verið að framlengja sýningartímann um mánuð og fresta næstu frumsýningu í leikhúsinu sem því nemur.

Allra síðustu sýningar verða laugardaginn 26. mars, en vegna anna listamanna verður ekki hægt að framlengja sýningartímann frekar.

Söngleikurinn Óliver er eftir Lionel Bart, byggður á sígildri sögu Charles Dickens um munaðarleysingjann Oliver Twist.

Óliver er leikinn af Gunnari Erni Stephenssen en Ólafur Egill Egilsson leikur Fagin, sem rekur þjófagengi lítilla drengja í Lundúnum. Þýðingu gerði Gísli Rúnar Jónsson, en leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

Næsta frumsýning hjá Leikfélagi Akureyrar verður Pakkið á móti eftir Henry Adams í leikstjórn Agnars Jóns Egilssonar. Frumsýning er áætluð í byrjun apríl. ■



## MÝRARLJÓS
### SANNKÖLLUÐ LEIKHÚSVEISLA!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

■ Stóra sviðið kl. 20.00

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
3. sýn. í kvöld fös. 18/2 **örfá sæti laus**, 4. sýn. sun. 20/2 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 24/2 **örfá sæti laus**, 6. sýn. sun. 27/2 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fim. 3/3 **örfá sæti laus**, 8. sýn. sun. 6/3 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/3 **nokkur sæti laus**.

**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - *Thorbjörn Egner*
Lau. 19/2 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 20/2 kl. 14:00 **uppselt**, **aukasýning lau. 26/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 27/2 kl. 14:00 **uppselt**. **Síðustu sýningar.**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 19/2 **uppselt**, lau. 26/2 **uppselt**, fös. 4/3 **uppselt**, fös. 11/3 **uppselt**, fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **örfá sæti laus**, lau. 2/4 **nokkur sæti laus**, sun. 3/4.

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
11. sýn. fös. 25/2 **nokkur sæti laus**, lau. 5/3, fim. 10/3. **Sýningum fer fækkandi.**

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

**NÍTJÁNHUNDRUÐ** - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Lau. 19/2 **örfá sæti laus**, lau. 26/2. **Sýningum fer fækkandi.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
**Frumsýning fim. 24/2 uppselt**, sun. 27/2, fim. 3/3, sun. 6/3, sun. 12/3.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00

**BÖNDIN Á MILLI OKKAR** - *Kristján Þórður Hrafnsson*
Sun. 20/2 **örfá sæti laus**, fim. 24/2 **nokkur sæti laus**. **Aðeins þessar tvær sýningar eftir**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**


## LEIKLIST

# Bjó sér til nýja foreldra

Í kvöld verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu nýtt leikrit, Segðu mér allt, eftir Kristínu Ómarsdóttur. Kristín hefur greinilega verið öflug í leikritaskrifum undanfarið, því einungis fáeinar vikur eru frá því að annað leikrit eftir Kristínu, Spítalaskipið, var frumsýnt af Nemendaleikhúsinu.

Segðu mér allt fjallar um tólf ára stúlku, Guðrúnu, sem er lömuð fyrir neðan mitti og bundin við hjólastól.

„Hún er frekar óánægð með foreldra sína og finnst þeir ekki alveg standa sig í stykkinu," segir Álfrún Örnólfsdóttir, sem fer með hlutverk Guðrúnar. „Hún býr sér því til nýja foreldra sem heita Barbí og Mark. Þau eru ofboðslega bleik og sykursæt, mjög skemmtileg og falleg, alveg eins og hún vill hafa foreldra sína. Fyrirmyndarforeldrar og fullkomnir í alla staði."



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BLEIKU FYRIRMYNDARFORELDRARNIR** Álfrún Örnólfsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir og Þór Túlinius í hlutverkum sínum í „Segðu mér allt", nýju leikriti eftir Kristínu Ómarsdóttur sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu í kvöld.

Guðrún flýr inn í þessa bleiku draumaveröld hvenær sem færi gefst, en þegar á líður kemst hún ekki hjá því að takast á við raunveruleikann og reyna að hafa stjórn á draumum sínum.

Þau Edda Björg Eyjólfsdóttir og Þór Tulinius leika draumaforeldrana, en með hlutverk hinna raunverulegu foreldra Guðrúnar fara þau Ellert Ingimundarson og Marta Nordal.

Hugsanlega eru þau ekkert verri foreldrar en gengur og gerist, en þegar börn komast á unglingsárin finnst þeim jafnan aðrir foreldrar vera betri en manns eigin.

„Maður sér alltaf betur vankantana á sínu eigin fólki. Foreldrar hennar eru alltaf að rífast og mamma hennar tekur geðvonskuköst af og til. Síðan verður hún töluvert var við kynlíf þeirra, sem er erfitt fyrir hana. Hún heyrir til þeirra og tekur eftir því þegar þau sýna hvort öðru ástaratlot."

Kynlíf kemur töluvert við sögu í þessu leikriti, enda er Guðrún að komast á kynþroskaaldur og því fylgja vangaveltur sem flestir ættu að kannast við.

„Hún er lömuð fyrir neðan mitti og upp á aðra komin og fer náttúrlega að spá í hvernig hennar kynlíf verður þegar fram í sækir. Hún leysir þetta með því að fá ímynduðu foreldrana til að útskýra þetta fyrir henni."

Álfrún er nýkomin frá Berlín þar sem henni var boðið að taka þátt í „Shooting Star" hópnum, sem er hópur ungra leikara sem vakið hafa athygli á árinu. Þetta er hennar fyrsta hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

Hún segir æfingarnar á leikriti Kristínar hafa verið óskaplega skemmtilegar.

„Þetta hefur verið frábært æfingatímabil, við erum öll búin að skemmta okkur mjög vel. Þetta er svo skemmtilegur texti hjá Kristínu."

Leikstjóri sýningarinnar er Auður Bjarnadóttir, leikmynd og búninga gerir Rebekka A. Ingimundardóttir og hljóðmynd er í höndum Hákonar Leifssonar. ■


## TOSCA

Landsbankinn

3. sýn. 18. feb. kl **20 – Uppselt** • 4. sýn. 20. feb. kl. **19 – Uppselt**
5. sýn. 25. feb. kl. **20 – Örfá sæti laus** • 6. sýn. 27. febrúar kl. **19 – Örfá sæti laus**
7. sýn. 4. mars kl. **20 – Örfá sæti laus** • 8. sýn. 6. mars kl. **19 – Örfá sæti**
9. sýn.12. mars kl. **19 – Örfá sæti laus.**
**Ekki er hleypt inn í salin eftir að sýningin hefst**

**Tosca** – Vetrarkvöld með Puccini og Verdi, í Laugarborg mið. 23. febrúar kl. 20.30
Elín Ósk Óskarsdóttir, sópran, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, tenór og Kurt Kopecky, píanó flytja aríur og dúetta úr Toscu og úr öðrum óperum eftir Puccini og úr óperum eftir Verdi.
**Miðasala á netinu: www. opera.is**

www.opera.is | midasala@opera.is | **Sími miðasölu: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.





VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Lau. 19/02 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Lau. 26/02 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

15 16 17 **18** 19 20 21

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 **Dandaleon**, sem er dúett þeirra Steina og Petters úr Hjálmum, spilar á Kaffi Hljómalind.

☐ 20.30 Tónlistargjörningurinn **Hanaegg** verður frumfluttur í Listasafni ASÍ, þar sem nú standa yfir sýningar Ólafar Nordal og Óskar Vilhjálmsdóttur. Gjörningurinn er samvinnuverkefni þeirra **Þuríðar Jónsdóttur** tónskálds, **Ásgerðar Júníusdóttur** söngkonu og **Ólafar Nordal**.

☐ 22.00 Hljómsveitin **DCS** flytur þvottekta indverska Bhangra-gleðitónlist í Nasa við Austurvöll. Á miðnætti hefst síðan ball á Nasa með gleðisveitinni **Bermuda**.

☐ 22.30 Tónlistargjörningurinn **Hanaegg** verður fluttur öðru sinni í Listasafni ASÍ, þar sem nú standa yfir sýningar Ólafar Nordal og Óskar Vilhjálmsdóttur. Gjörningurinn er samvinnuverkefni þeirra **Þuríðar Jónsdóttur** tónskálds, **Ásgerðar Júníusdóttur** söngkonu og **Ólafar Nordal**.

☐ 23.00 **Vonbrigði, Fræbbblarnir** og **Taugadeildin** á Grand Rokk.


## BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT**
Lau 19/2 kl 20 - **UPPSELT**
Fö 25/2 kl 20
Lau 26/2 kl 20, Fö 4/3 kl 20,
Lau 5/3 kl 20, Su 13/3 kl 20
Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
***Sýningar halda áfram eftir páska.***

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Su 20/2 kl 14
Su 27/2 kl 14
Su 6/3 kl 14 - **Aukasýning** ***Síðustu sýningar***

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Frumsýning í kvöld kl 20 - **UPPSELT**
Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20, Su 27/2 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 20/2 kl 20, Su 27/2 kl 20

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA - UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið - kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna** - gildir ekki á barnasýningar

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Su 20/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 24/2 kl 20, Fö 25/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 3/3 kl 20, Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20,
Fi 10/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20
***Allra, allra síðustu sýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20, Su 6/3 kl 20
***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**AMERICAN DIPLOMACY**
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Forsýning Má 21/2 kl 20 - kr. 1.000
Forsýning Þri 22/2 kl 20 - kr. 1.000
Aðalæfing Mi 23/2 kl 20 - kr. 1.000
Frumsýning Fi 24/2 kl 20 - **UPPSELT**
Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson.* Í samstarfi við TÓBÍAS.
Fö 18/2 kl 20 - **UPPSELT**, Fö 25/2 kl 20,
Mi 2/3 kl 20

**VESTURFARARNIR - NÁMSKEIÐ**
**Í samstarfi við Mími - símenntun**
Mi 23/2 - Böðvar Guðmundsson
Innifalið: Boð á Híbýli vindanna

**15:15 TÓNLEIKAR**
**HILDIGUNNUR HALLDÓRSDÓTTIR**
**SÓLÓ - KYNSLÓÐABIL FIÐLUNNAR**
Lau 19/2 kl 15:15

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
**Frumsýning** Fö 4/3 kl 20,
Su 6/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Su 12/3 kl 20,
Fö 18/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga






HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
**Frumsýning 19/2 uppselt**
Fös 25/2 nokkur sæti laus
Lau 26/2
Sun 27/2
Upplýsingar og miðapantanir í síma **555 2222**
**www.hhh.is**



**SPÍTALASKIPIÐ**
NEMENDALEIKHÚSIÐ
eftir Kristínu Ómarsdóttur
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR !!!
Fös. í kvöld kl. 20 - UPPSELT
Lau. 19. feb. kl. 20
...hér er áhrifamikið, merkilegt, íslenskt leikverk – hér koma loksins fram ungir leikarar sem eiga eitthvert mikilvægt erindi við okkur áhorfendur! María Kristjánsdóttir, Mbl
Miðaverð 1000 kr.
Sýnt í Smiðjunni - Sölvhólsgötu 13
552-1971 - leiklistardeild@lhi.is
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS





Ávaxtakarfan í Austurbæ
Sun 20.Feb kl.14:00 örfá sæti laus
Sun 27.Feb kl.13:30 örfá sæti laus
Sun 27.Feb kl.16:30 örfá sæti laus
Sun 06.Mars kl.13:30 örfá sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga
www.midi.is



GERÐUBERG




**Safnanótt á Vetrarhátíð kl. 18-24**
Sýningar hússins skoðaðar með vasaljósi í myrkri.
Dean Ferrel kontrabassaleikari og Pétur Grétarsson slagverksleikari flytja tónljóð kl. 18.

**ROSEMARIE TROCKEL**
Ljósmyndir · Skúlptúrar · Teikningar
Myndbönd

**SIGRÍÐUR Í VIGUR**
sýnir listaverk úr mannshári í Boganum

**www.gerduberg.is**



**Tenórinn**
Sun. 20. feb. kl. uppselt
Sun. 27. feb. kl. örfá sæti
Sun. 6. mars kl. 20
**Sýningum fer fækkandi**

**Vetrarhátíð - Grímuball**
Bardukha og Andrea Jónsdóttir laugardaginn **19. febrúar**.

**Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:**
**Ástandið**
**Sögur kvenna frá hernámsárunum**
Sunnudagur 20/2 kl.14.00
Miðvikudagur 23/2 kl.14.00
Sunnudagur 27/2 kl. 14.00

IÐNÓ
*Miðasala í síma 562 9700*
***www.idno.is***

■ TÓNLIST

# Spilar indverska Bhangra-tónlist

Hljómsveitin DCS, sem telur níu breska hljóðfæraleikara sem eiga allir indverska foreldra, heldur tónleika á skemmtistaðnum Nasa á föstudagskvöld í tilefni af Vetrarhátíð Reykjavíkur.

DCS hefur unnið síðustu 20 ár við að gera sína eigin Bhangra-tónlist, sem varð til sem hluti af uppskeruhátíðarhöldum í Punjab-héraði á Indlandi fyrir nær 200 árum. Á níunda áratugnum fór hljómsveitin að blanda saman hefðbundnum indverskum ásláttar- og strengjahljóðfærum við nýtískulegri vestræn hljóðfæri eins og rafmagnsgítara og plötusnúðagræjur. Textarnir eru sungnir bæði á punjabi, hindí og á ensku og fjalla langflestir um konur, dans og skemmtanir.

Undanfarin ár hefur hljómsveitin haldið tónleika vítt og breitt um Evrópu sem hafa gert mikla lukku. Hefur hún hlotið mörg tónlistarverðlaun og gefið út fjölmargar plötur, þar á meðal Old Skool / Noo skool= DCS flava sem nýverið kom út.



**DCS** Hljómsveitin blandar indverskum hljóðfærum við nýtískulegri vestræn hljóðfæri á borð við rafmagnsgítara og plötusnúðagræjur.

Sif Gunnarsdóttir, verkefnastjóri Vetrarhátíðarinnar, sá hljómsveitina á árlegri heimstónlistarhátíð í Osló í fyrra og hreinlega varð að fá hana hingað til lands.

„Þeir eru alveg rosalega flottir og mjög lifandi á sviði,“ segir Sif. „Þeir kenna manni spor og fljótt eru allir farnir að taka þátt í indverskum handahreyfingum. Ef Norðmenn verða dansfífl við þetta hljóta Íslendingar að verða það líka.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og er aðgangur ókeypis. Dúettinn Súkkat hitar upp og gleðisveitin Bermúda mun síðan taka við af DCS og halda uppi fjörinu fram á rauða nótt. ■

■ ■ LEIKLIST

☐ 20.00 **Segðu mér allt** heitir nýtt leikrit eftir **Kristínu Ómarsdóttur**, sem Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir í Borgarleikhúsinu.

☐ 21.00 **Týnda teskeiðin** eftir **Kjartan Ragnarsson** í leikstjórn **Valgeirs Skagfjörð** verður frumsýnd í Gamla Mjólkursamlaginu við Skúlagötu í Borgarnesi.

■ ■ SKEMMTANIR

☐ 23.00 Hinn einni sanni **Geirmundur Valtýsson** skemmtir á Kringlukránni með hljómsveit sinni.

☐ Hljómsveitin **Fimm á Richter** leikur fyrir dansi í Klúbbnum við Gullinbrú.

☐ **Rúnar Þór** og hljómsveit verða í Vagninum á Flateyri.

☐ **Hermann Ingi** jr skemmtir á Café Catalinu í Kópavogi.

☐ **Rokksveit Rúnars Júlíussonar** heldur uppi dúndrandi skemmningu í Vélsmiðjunni á Akureyri.

☐ Dúettinn **Halli** og **Kalli** spilar á Ara í Ögri.

☐ Teknóveiska á de Palace með **Jóni Fri** og **Óla Ofur**.

☐ **Atli skemmtanalögga** og **Áki Pain** á Pravda.

☐ **Matti á X-inu** ræður ríkjum á 22.

■ ■ VETRARHÁTÍÐ

☐ 11.30 Útivistarklúbburinn **Göngugarparnir** gengur á vit álfa og huldufólks frá styttu Jóns Sigurðssonar á Austurvelli. Allir mega taka þátt í ævintýrinu.

☐ 12.15 Einsöngstónleikar burtfararnema í Söngskólanum í Reykjavík, Snorrabraut 54.

☐ 18.00 Vesturfarasetrið á Vetrarhátíð. **Loretta Bernhoft**, konsúll í Mountain ND flytur ávarp á sýningu Vesturfarasetursins í Ráðhúsi Reykjavíkur. Einnig verður frumsýnd Vesturfaramynd **Sveins M. Sveinssonar**: Íslendingar í Norður Dakóta.

☐ 19.00 **Freestylekeppnin 2005** verður í Austurbæ við Snorrabraut. Keppt er í hópa- og einstaklingskeppni í aldurshópnum 13-16 ára.

☐ 20.00 Villtir útgáfutónleikar **Tony the pony** og **Lada Sport** trylla gesti í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5.

☐ 20.00 **Súkkat** hitar upp fyrir erlenda gesti Vetrarhátíðar á Nasa við Austurvöll.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.






















Háskólabíó
JAMIE FOXX Ray FRUMSÝND Í DAG
HLAUT TVENN GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
★★★★ - H.J., MBL
★★★★ - V.E., DV
★★★½ - kvikmyndir.com
7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
MILLION DOLLAR BABY
Sýnd kl. 5.30, 8.30 og 10.30
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 b.i. 14
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI
★★★ - S.V. MBL
Meet the Fockers
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30
Leonardo DiCaprio AVIATOR
Sýnd kl. 6 og 9.10
LANGA TRÚLOFUNIN Kl. 5.30 & 8 b.i. 16

SMÁRABÍÓ
Ef þú trúir á ást við fyrstu sýn, hættir þú aldrei að horfa
CLOSER
Opinská og umdeild verðlaunamynd um sambönd, kynlíf, framhjáhald og lygar.
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 B.i. 14 ára
Sýnd í LÚXUS kl. 5.40, 8 og 10.20
FLIGHT OF THE PHOENIX
"Mögnuð spennumynd um baráttu upp á líf og dauða."
Kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára
FRÁ FRAMLEIÐANDA TRAINING DAY
★★★ Ó.Ö.H. DV
Þeir þurfa að standa saman til að halda lífi! Frábær spennutryllir!
★★★ S.V. Mbl
Sýnd kl. 8 & 10.30 B.i. 16 ára
Svakalega flott ævintýra-spennumynd með hinni sjóðheitu Jennifer Garner
Sýnd kl. 3.40 og 5.50 B.i. 14 ára
Sýnd kl 4, 6, 8 & 10
BÚI OG SÍMON Sýnd kl. 3.50 TILBOÐ 400 KR
SÍMI 564 0000 - www.smarabio.is

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN ÁLFABAKKI
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI
★★★ - S.V. MBL.
WHITE NOISE
Yfirnáttúrulegur spennutryllir af bestu gerð sem vakið hefur gríðarleg viðbrögð og slegið rækilega í gegn í USA og víðar.
VARÚÐ: YKKUR Á EFTIR AÐ BREGÐA.
Sýnd kl. 6, 8.15, og 10.30 B.i. 16
Meet the Fockers
Sýnd kl. 4, 5.30, 8 og 10.30
Sýnd í LÚXUS VIP kl. 5.30, 8 og 10.30
Bangsímon og Fríllinn
WALT DISNEY KYNNIR splunkunýtt ævintýri um Bangsímon sem þú átt eftir að "fríla" í botn!
Sýnd kl. 3.45 og 6.20 m. ísl. tali
ALEXANDER Sýnd kl. 8.15 B.i. 14
TEAM AMERICA Sýnd kl. 8 og 10.30 B.i. 14
LEMONY SNICKETT'S Sýnd kl. 3.45, 6, 8.15 og 10.30
THE INCREDIBLES m. ísl. tali sýnd kl. 3.45 og 6 Sýnd m. ens. tali sýnd kl. 3.45
ÁLFABAKKI 587 8900 www.sambioin.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Simon Cowell** segist líka það betur að vinna með **Paulu Abdul** en **Sharon Osbourne.** Paula er dómari ásamt Simon í American Idol en Sharon vinnur með honum í The X Factor. „Mér kemur betur saman við Paulu en Sharon. Ástæðan er að Sharon kjaftar öllu í slúðurblöðin," segir Simon.

**Pete Doherty** verður hent út úr eiturlyfjameðferð og settur í fangelsi ef hann mætir á NME-verðlaunaafhendinguna. Hljómsveitin hans, Babyshambles, keppir á móti gömlu sveitinni hans, The Libertines, um verðlaun fyrir bestu tónleikahljómsveitina. Söngvarinn á að mæta fyrir rétt á mánudaginn eftir að hafa verið ákærður fyrir rán og mútur.

## TÓNLIST

# Fatman Scoop til Íslands

Plötusnúðurinn heimsþekkti Fatman Scoop kemur fram á næstu Shockwave-hátíð FM 957 sem verður haldin föstudaginn 18. mars á Sjallanum á Akureyri og daginn eftir á Broadway.

Hinn íturvaxni Scoop hefur gefið út mörg vinsæl partílög undanfarin ár, þar á meðal Be Faithful sem hann söng með Faith Evans. Nýjasta lag hans er með söngkonunni Mariah Carey. Scoop er að vinna að sinni fyrstu stóru plötu um þessar mundir en hann hefur áður gefið út fjölmargar smáskífur sem hafa notið mikilla vinsælda.

Kappinn hefur jafnframt verið með vinsælan útvarpsþátt í New York síðastliðin átta ár á útvarpsstöðinni Hot 97 FM. Þar hefur hann þeytt skífum undir nafninu Mr. Do-It All. Hann hefur einnig tekið upp tónlist fyrir myndir á borð við You Got Served og Save the Last Dance auk þess sem hann hefur samið auglýsingatónlist fyrir Mountain Dew, Reebok og Nike.

Scoop hefur ferðast víða um heim og haldið tónleika og er nú röðin komin að Íslandi. ■



**FATMAN SCOOP** Heldur tónleika á Íslandi.

## UPPISTAND

# Miðasala á Izzard að hefjast

Miðasala á uppistand breska grínistans Eddie Izzard á Broadway hefst þriðjudaginn 22. febrúar klukkan 10 í verslunum Skífunnar og á event.is. Sérstök forsala miða hefst á heimasíðunni event.is deginum áður.

Izzard, sem er einn vinsælasti uppistandari heims, hefur einu sinni áður haldið sýningu hérlendis; árið 1995 í Loftkastalanum. Þá var hann sjálfur að hefja feril sinn og fyrirbærið uppistand tiltölulega óþekkt hér á landi. Þó var uppselt á uppistandið og skemmtu áhorfendur sér svo vel að sýningin hefur í seinni tíð orðið nokkuð goðsagnakennd í umtali.

Izzard á að baki yfir tólf ára feril í uppistandi auk þess sem hann hefur komið fram í leikhúsi og leikið í yfir 20 kvikmyndum. Hann er þekktur fyrir að fara ótroðnar slóðir og í byrjun ferilsins vakti hann athygli og umtal fyrir að koma yfirleitt fram klæddur í kvenmannsföt, stífmálaður og í háhæluðum skóm. Aðspurður sagðist hann ekki vera samkynhneigður, heldur líklega „lesbía föst í karlmannslíkama".

Stíll hans byggist á að taka hugmyndir og aðstæður og gera úr þeim furðulegar og oft á tíðum fáránlegar grínsögur.

Sýningar Izzard: Circle, Dress to Kill, Glorious, Definite Article, Unrepeatable og Live, hafa notið gríðarlegra vinsælda víða um heim. Hafa þær allar verið gefnar út á DVD-diskum og myndböndum við fádæma undirtektir.

Miðaverð á uppistand Eddie Izzard á Broadway, sem verður hinn 9. mars, er 3.500 krónur. Aðeins 800 miðar eru í boði og er aldurstakmark 18 ár. ■



**EDDIE IZZARD** Stíll Izzards byggist á að taka hugmyndir og aðstæður og gera úr þeim furðulegar og oft fáránlegar grínsögur.




BÍÓTILBOÐ
Frá kl. 8 til 11 á kvöldin
McOstborgari + McSjeik miðstærð
399 kr.
i'm lovin' it










## DANS

# Freestyle-keppnin í kvöld

Freestyle-keppni Tónabæjar fer fram í Austurbæ í kvöld og er þetta sú 24 í röðinni. „Þátttakendum hefur fækkað í ár þar sem við erum ekki lengur með keppni fyrir yngri aldurshópinn. Þetta er alltaf gríðarlega skemmtileg keppni og keppendur eru búnir að leggja mikið á sig til þess að færa áhorfendum sem flottustu sýninguna. Villi Naglbítur verður kynnir og svo eru skemmtiatriði inn á milli," segir Ottó Tynes verkefnisstjóri Tónabæjar. Að sögn Ottós er enginn strákur í keppninni að þessu ári. „Það er mjög leiðinlegt að strákarnir virðast ekki vera nógu duglegir að taka þátt í þessu og einungis stelpur skráðu sig til þátttöku. En þeir eru líka allir í Músíktilraununum."

Í fyrra sigraði danshópurinn Eldmóður en það var í sjötta sinn sem hópurinn bar sigur úr býtum. Húsið opnar klukkan fimm en keppni hefst klukkan sex í kvöld og er aðgöngugjald 700 krónur. ■



**FREESTYLE** Danshópurinn Eldmóður sigraði keppnina í fyrra en þær stúlkur hafa sex sinnum borið sigur úr býtum.

## MÁL MICHAEL JACKSON

# Jackson á batavegi

Popparinn Michael Jackson er á batavegi eftir að hafa verið lagður inn á sjúkrahús vegna flensu sem hann fékk í fyrradag. Fyrir vikið þurfti að fresta vali á kviðdómi í dómsmáli hans.

Jackson dvaldi á búgarði sínum Neverland eftir að hafa eytt einni nótt á sjúkrahúsinu. „Ástand Jacksons er stöðugt en hann er áfram undir læknishöndum. Hann þarf að fá meðhöndlun vegna veirusýkingar en er annars vel á sig kominn," sagði læknirinn Todd Bailey. Enginn fréttamaður sá Jackson yfirgefa sjúkrahúsið og urðu því margir þeirra vonsviknir þegar þeir fréttu að hann væri farinn. ■



**MICHAEL JACKSON** Popparinn er ákærður fyrir kynferðisofbeldi gegn ungum pilti.

www.toyota.is

Takmarkað magn - ótakmörkuð gæði




**Corolla Sedan**

*Verð frá:* **1.240.000** kr.

*Einkaleiga Glitnis:* Frá **28.999** kr. á mán.*

*Bílasamningur Glitnis:* Frá **19.772** kr. á mán.**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS TOY 27417 02/2005

# Eigð´ann eða leigð´ann

Nú gefst þér kostur á að eignast Corolla Sedan 1,4l hjá Toyota betri notuðum bílum. Takmarkað magn í boði. Nýttu þér áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti. Allir notaðir bílar hjá okkur fara í gegnum strangt skoðunarferli.

* m.v. 24 mán.
** m.v. 50% erlenda mynt og 50% krónur og 20% útborgun.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** America's Sweethearts **8.00** Get Over It **10.00** Town & Country **12.00** Titanic **15.10** America's Sweethearts **16.50** Get Over It **18.15** Town & Country **20.00** Titanic **23.10** Braveheart (Stranglega bönnuð börnum) **2.05** Wilbur Falls (Bönnuð börnum) **4.00** Braveheart (Stranglega bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **21.30** Bravó **23.15** Korter

## OMEGA

**16.00** Blandað efni **18.00** Joyce Meyer **19.30** Samverustund **20.30** Maríusystur **21.00** Um trúna og tilveruna Friðrik Schram (e)**21.30** Joyce Meyer **22.00** Í leit að vegi Drottins **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **1.00** Nætursjónvarp Blönduð innlend og erlend dagskrá

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið (e) **19.00** Sjáðu (e) **22.00** Idol 2 extra – live **22.40** Jing Jang **23.20** The Man Show

## VIÐ TÆKIÐ

## Ein bústin, ein blind og þrettán horrenglur

**LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** HEFUR ENDURHEIMT UPPÁHALDSÞÁTTINN SINN.

Oooo lífið er orðið svo ljúft á ný. Á miðvikudagskvöldið hóf America's Next Top Model göngu sína á ný. Ég komst reyndar að því hver vinnur fyrir um það bil tveim mánuðum en það skiptir engu máli – þetta er svo gott sjónvarpsefni.

Ég held að allt stefni í hörkuseríu. Ein blind. Ein vel bústin. Og þrettán horrenglur. Ég er samt fegin að þessi ofurmjói anorexíusjúklingur komst ekki áfram. Hún sagðist vera 57 kíló. Aha – og ég er páfagaukur! Hún var meira svona 27 kíló. Og jafn fegin er ég yfir því að þessi bústna komst áfram. Mjög jákvæð skilaboð – þó hún detti örugglega út í næsta þætti.

Gaman þegar maður sér í gegnum það þegar þættir þurfa að vera PC – Politically Correct. Þarna eru nokkrar svartar, ein indversk og auðvitað þarf að hafa einn hval.

Annars er ég eiginlega búin að eigna mér annan uppáhaldsþátt, Cheaters. Magnaður þáttur sem sýndur er á Club TV. Hann gengur út á það að fólk hefur samband við þáttinn ef það heldur að maki sinn sé að halda framhjá. Kynnir og tökulið Cheaters fer þá á stúfana og reynir að grípa makann glóðvolgan – sem tekst alltaf því þeir sýna auðvitað ekki fólkið sem er ekki að halda framhjá. Það selur ekki. Síðan ryðst sá sem grunar maka sinn um græsku inn á hann í fullu fjöri. Þá upphefjast yfirleitt slagsmál og alls kyns meiðyrðingar. Frábær skemmtun alveg hreint. Kynnirinn kryddar þetta líka með frösum eins og „sjáðu hvað þú hefur gert", „þetta er allt þér að kenna" og „af hverju laugst að henni/honum?" Frábært að hafa Bandaríkjamenn – þá þurfum við ekki að gera okkur að fíflum.



Tyra Banks er kynnir America's Next Top Model og það er ótrúlegt hvað þátturinn snýst mikið um hana.






▶ **21.40** *Bíó*

**Den som frykter ulven. Mynd síðan í fyrra um sjúkling sem flýr af geðveikrahæli og í kjölfarið er framið morð þar.**



▶ **20.30 & 22.20** *Söngur*

**Idol Stjörnuleit. Aðeins fimm keppendur eru eftir en nú er þemað Big Band og sér stórhljómsveit blásara um undirspilið.**



▶ **20.00** *Drama*

**Jack & Bobby. Myndaflokkur um bræðurna Jack og Bobby en í kvöld lærir Bobby mikla lexíu í skólanum.**

## SJÓNVARPIÐ

**16.35** Óp **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Artúr (90:95)

**18.30** **Heimaskólinn (6:8)** (The O'Keefes) Bandarísk gamanþáttaröð um O'Keefe-fjölskylduna en á þeim bæ er börnunum kennt heima í stað þess að senda þau í skóla. Í aðalhlutverkum eru Judge Reinhold, Kirsten Nelson, Tania Raymonde, Joseph Cross og Matt Weinberg.

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35** **Kastljósið**

**20.10** **Disneymyndin – Dúkkulíf** (Life-Size) Bandarísk gamanmynd frá 2000 um stúlku sem gæðir dúkkuna sína óvart lífi þegar hún er að reyna að vekja mömmu sína upp frá dauðum. Leikstjóri er Mark Rosman og meðal leikenda eru Lindsay Lohan, Jere Burns og Anne Marie Loder.

▶ **21.40** **Sá sem hræðist úlfinn...** (Den som frykter ulven) Norsk spennumynd frá 2004. Sjúklingur flýr af geðveikrahæli og í kjölfarið eru framin þar morð sem lögreglan fær engan botn í.

**23.25** Saklaus fegurð (e) **1.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** 60 Minutes II (e) **13.25** Life Begins (5:6) (e) **14.15** The Guardian (2:22) (e) **15.05** Curb Your Enthusiasm (6:10) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 (Drekaflugurnar, Scooby – Doo, Heimur Hinriks, Skjaldbökurnar) **17.30** Simpsons **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**19.00** **Ísland í dag**

**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)

**20.00** **Joey (1:24)** Ný gamanþáttaröð. Leikarinn Joey Tribbiani hefur sagt skilið við vini sína í New York og freistar nú gæfunnar í Los Angeles. Eins og áskrifendur Stöðvar 2 þekkja stígur kappinn ekki alltaf í vitið en í Kaliforníu er hann heldur ekki einn á báti. Systir hans er ekki langt undan og svo forðar kvensemin líka Joey frá einmanaleika.

▶ **20.30** **Idol Stjörnuleit** (19. þáttur. 5 í beinni frá Smáralind)

**21.50** **Punk'd 2** (Negldur) Falin myndavél þar sem hjartaknúsarinn og leikarinn Ashton Kutcher hrekkir fína og fræga fólkið í Hollywood.

▶ **22.20** **Idol Stjörnuleit** (Atkvæðagreiðsla. 4 eftir)

**22.45** **The Sketch Show** (Sketsaþátturinn) Breskur gamanþáttur. Húmorinn er dálítið í anda Monty Python.

**23.10** Sleepers (Stranglega bönnuð börnum) **1.30** Big Trouble **2.50** Bones (Stranglega bönnuð börnum) **4.25** Fréttir og Ísland í dag **5.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**17.45** Bak við tjöldin – Constantine **18.00** Upphitun

**18.30** **Blow Out (e)**

**19.30** **Still Standing (e)**

▶ **20.00** **Jack & Bobby** Grace fer úr bænum. Bobby lærir mikla lexíu í skólanum. Grace veit ekki hvað gera skal þegar hún kemst að því að aðstoðarmaður hennar svindlaði á prófi.

**21.00** **Darkman** Vísindamaður er sprengdur í loft upp í rannsóknarstofunni sinni. Hann brennist mikið svo hann er óþekkjanlegur. Nú er hann kominn á kreik og leitar þeirra sem voru ábyrgir fyrir sprengingunni. Með aðalhlutverk fara Liam Neeson og Frances McDormand.

**22.35** **Tango and Cash** Spennumynd frá árinu 1989 með Sylvester Stallone og Kurt Russell í aðalhlutverkum. Tango og Cash eru löggur í LA sem eru fundnar sekar um glæp sem þeir frömdu ekki. Lokaðir á bak við lás og slá verða þeir að leita leiða til þess að brjótast út og hreinsa mannorð sitt.

**0.10** Law & Order: SVU (e) **0.55** Jay Leno (e) **1.40** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

### CNN

Fréttir allan sólarhringinn.

### FOX NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

### EUROSPORT

**12.00** Biathlon: World Cup Pokljuka Slovenia **12.45** Football: UEFA Cup **13.45** Nordic Combined Skiing: World Championship Oberstdorf Germany **14.45** Futsal: European Championship Ostrava Czech Republic **16.00** Ski Jumping: World Championship Oberstdorf Germany **17.30** Futsal: European Championship Ostrava Czech Republic **19.00** Athletics: IAAF Indoor Meeting Birmingham **21.00** Snooker: Masters London United Kingdom **22.45** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **23.15** News: Eurosportnews Report **23.30** Strongest Man: Champions Trophy Canada

### BBC PRIME

**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Big Cat Diary **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Step Inside **14.40** Andy Pandy **14.45** The Story Makers **15.05** Stitch Up **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Ainsley's Gourmet Express **18.30** Two Thousand Acres of Sky **19.30** Mastermind **20.00** Lenny Henry in Pieces **20.30** I'm Alan Partridge **21.00** Liar **21.30** Top of the Pops **22.00** Parkinson **23.00** Clocking Off **0.00** Landscape Mysteries **0.30** Castles of Horror

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**12.00** Pests from Hell **13.00** Bug Attack **14.00** Tarantula! **14.30** Insects from Hell **18.00** Spider Power **19.00** Bug Attack **20.00** The Salamander's Secret **21.00** Death by Natural Causes **22.00** Taboo **23.00** Battlefront **0.00** Death by Natural Causes **1.00** Taboo

### ANIMAL PLANET

**12.00** Vets in Practice **12.30** Emergency Vets **13.00** Animal Precinct **14.00** K9 Boot Camp **15.00** Wildlife SOS **15.30** Wildlife SOS **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Animal Precinct **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Wild Africa **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets

### DISCOVERY

**12.00** Empires of Stone **13.00** Planets **14.00** Extreme Machines **15.00** Channel Tunnel **16.00** John Wilson's Fishing Safari **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A 4X4 is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Xtremists **21.00** American Casino **22.00** Extreme Machines **23.00** Forensic Detectives **0.00** Medical Detectives **1.00** Hitler's Gold

### MTV

**12.00** Newlyweds **13.30** Simpsons Weekend Music Mix **14.00** Newlyweds **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva La Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Party Zone

### VH1

**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** MTV at the Movies **20.00** 50 Sexiest Women

### CLUB

**12.20** Design Challenge **12.45** Lofty Ideas **13.10** Loyd on Location **13.35** City Hospital **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** Crimes of Fashion **16.35** Design Challenge **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** City Hospital **18.45** Crimes of Fashion **19.15** Design Challenge **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** Men on Women **21.35** My Messy Bedroom

### E! ENTERTAINMENT

**13.00** E! News Live **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** Celebrities Uncensored **17.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **18.00** Dr. 90210 **18.30** Behind the Scenes **19.00** E! News Live **19.30** Fashion Police **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Awards Fashion Police **22.00** Scream Play **23.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **0.00** E! News Live **0.30** 101 Biggest Celebrity Oops!

### BBC FOOD

**12.00** Big Kevin Little Kevin **12.30** Floyd On France **13.30** Ready Steady Cook **14.00** Rick Stein's Food Heroes **14.30** Galley Slaves **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Delia's Winter Collection **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Madhur Jaffrey's Far Eastern Cookery **17.30** Food Source Asia **18.00** Chef at Large **18.30** Nancy Lam **19.30** Ready Steady Cook **20.00** Rick Stein's Food Heroes **20.30** The Great Canadian Food Show **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Dinner in a Box **22.30** Ready Steady Cook

### CARTOON NETWORK

**12.05** Top Cat **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Scooby-Doo **17.30** Looney Tunes **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**JOEY** *Stöð 2* **kl. 20.00**

### *Joey snýr aftur!*



Leikarinn Matt LeBlanc.

Joey Tribbiani, sem leikinn er af Matt LeBlanc, snýr aftur í kvöld í glænýjum myndaflokki. Eins og margir vita gerði Matt LeBlanc persónuna Joey ódauðlega í þáttunum Friends sem gengu um árabil og var einn vinsælasti þáttur um allan heim. Nú hafa vinir Joeys allir farið sínar eigin leiðir þannig að hann fer frá New York og flytur til Los Angeles. Daðurdrósin og hárgreiðslukonan Gina, systir Joeys, leyfir Joey að gista hjá sér en herbergisfélagi hans er tuttugu ára frændi hans, Michael, sem er fluggáfaður – ólíkt Joey – en þeir ná vel saman.

Auk Matt LeBlanc fara Drea de Matteo og Paulo Costanzo með aðalhlutverk.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„If you can dodge traffic, you can dodge a ball."**

**Svar:** Patches O'Houlihan úr kvikmyndinni Dodgeball: A True Underdog Story frá árinu 2004.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni með Sigmundi Erni Rúnarssyni og Sigurjóni M. Egilssyni. **13.01** Hrafnaþing með Ingva Hrafni Jónssyni. **14.03** Birta með ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum með Illuga Jökulssyni. **19.30** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.00** Fréttir **7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Konungleg tónlist **14.03** Smásaga, Hryggileg örlög orða **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljóð **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Norrænt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Rúnar Róbertsson

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** Ólafur Hannibalsson. **10.03** Arnþrúður Karlsdóttir - símatími. **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir.

**13.00** Íþróttafréttir **13.05** Endurflutt frá 9-10 **14.03** Gústaf Níelsson **15.03** Þorgrímur Gestsson **16.03** Viðskipti vikunnar í umsjón blaðamanna viðskiptablaðsins **17.05** Íþróttaþátturinn (Helga Magg) **18.00** Optional **20.00** Endurflutningur dagsins

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying



**20.30** *Íþróttir*

**Enska bikarkeppnin. Fimmta umferðin er framundan og margir leikir verða í beinni útsendingu á Sýn.**

## SÝN

**17.00** Jing Jang **17.45** Olissport **18.15** David Letterman

**19.00** **Gillette-sportpakkinn**
**19.30** **Motorworld**
**20.00** **UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
▶ **20.30** **Enski boltinn** (FA Cup – Preview) Ítarleg umfjöllun um 5. umferð bikarkeppninnar sem fram fer um helgina en fjölmargir leikir eru í beinni á Sýn.
**21.00** **Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt. Hér sjáum við nærmynd af fremstu kylfingum heims og fáum góð ráð til að bæta leik okkar á golfvellinum. Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.
**21.30** **World Supercross** (RCA Dome) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
**22.30** **David Letterman**

**23.15** Commando (Stranglega bönnuð börnum)

### JETIX

**12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spiderman **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

### MGM

**13.05** Kill a Dragon **14.35** Pulp **16.10** Love is a Ball **18.00** A Star for Two **19.35** I Start Counting **21.20** Cohen and Tate **22.45** Exposed **0.25** Foxes

### TCM

**20.00** Unforgiven **22.10** Sweet Bird of Youth **0.10** Edward My Son **2.00** The Belle of New York **3.20** A Yank at Oxford

### HALLMARK

**12.00** Go Toward the Light **13.45** Jason and the Argonauts **15.15** By Dawn's Early Light **17.00** Seasons of the Heart **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order Iv **20.15** Henry VIII **22.00** Sworn to Vengeance

### DR1

**12.00** Udefra **13.00** Mik Schacks Hjemmeservice **13.30** Dr. Gro **14.20** Arven **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie Listen **16.00** Shin Chan **16.05** Scooby Doo **16.30** AMIGO **17.00** Fredagsbio **17.10** Angelina Ballerina **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Stjerne for en aften **20.00** TV Avisen **20.30** Stjerne for en aften – vinderen **20.50** G.I. Jane **22.50** Jane Doe

### SV1

**12.10** Debatt **13.30** Skidor: Längd-VM 2005 **15.00** Rapport **15.05** Djurgalen **15.45** Tv-huset **17.00** Bolibompa **17.01** Supersnällasilversara och Stålhenrik **17.30** Aladdin **18.00** Amigo **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Angel Eyes **21.40** 24 Nöje Melodifestival **22.10** Rapport **22.20** Kulturnyheterna **22.30** Sunshine


**Fermingar nálgast - leitaðu til sérfræðinga okkar varðandi tölvukaup**



TILBOÐSVERÐ kr. 27.900,-

*17" TFT skjár*
1280 x 1024 upplausn
Birta 400 cd/m² - Skerpa 450:1
16ms viðbragðstími, HD15 (VGA) tengi
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum



TILBOÐSVERÐ kr. 2.900,-

*256 MB USB 2.0 minni*
Einföld og þægileg gagnageymsla á frábæru tilboðsverði!



TILBOÐSVERÐ kr. 8.400,-

*Western Digital 160GB harður diskur*
7200 RPM (snúningar á mín.)
8 MB flýtiminni
ATA100

Opið í Skeifunni 17 laugardaga frá 11 - 16

# Gerðu góð kaup!

*Sweex MP3 Spilari 128MB +FM og Logitech Quickcam Messenger netmyndavél með innbyggðum hljóðnema að verðmæti kr. 14.000 fylgir með öllum tölvutilboðum föstudag og laugardag!*



FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-
MP3 spilari og netmyndavél í kaupbæti!

*Fujitsu Siemens Amilo Pro V2000*
FAP:DAN-148251-002
Intel® Centrino™ mobile tækni
Intel® Celeron® M processor 340 1.5 GHz
Front Side Bus 400 MHz, 512KB
512MB DDR minni (Mest 2048MB)
40GB S.M.A.R.T. drif
15" TFT XGA
Intel® Extreme Graphics 2 skjástýring
24x CD-RW / 8x DVD-ROM sambyggt drif
10/100 Ethernet og V.92 mótald
VGA, TV-OUT, Parallel, InfraRed, kortalesari
i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0, hljóð inn/út
326 x 270 x 34 mm, 2.9 kg
Lithium-ion, Allt að 3.0 klst.
Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum



FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

TILBOÐSVERÐ kr. 84.900,-
MP3 spilari og netmyndavél í kaupbæti!

*Fujitsu Siemens SCALEO P*
LKN:DAN-889210-008
Intel® Celeron® D 330 2.66 GHz
512MB DDR minni (Mest 3GB)
160GB 7200sn. diskur
ATI RADEON 9200 SE 128MB TV-Out
DVD ± R/RW Dual Layer skrifari
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort, 56K mótald
6x USB 2.0 (2 að framan), Firewire
6 rása hljóðstýring
Nettir hátalarar
Íslenskt lyklaborð og geislamús
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum
*Vandaður hugbúnaðarpakki!*



FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

TILBOÐSVERÐ kr. 149.900,-
MP3 spilari og netmyndavél í kaupbæti!

*Fujitsu Siemens SCALEO T*
LKN:DAN-890256-011
Intel 915 "Grantsdale" kubbasett
Intel® Pentium® 4 550 3.4 GHz
Front Side Bus 800MHz, 1MB
1GB DDR minni (2X 512, Mest 4GB)
250GB 7200sn. 8MB diskur S-ATA
ATI X600 Pro-4 PCI-Express
- 256MB VIVO og DVI
DVD ± R/RW Dual Layer
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort, 56K mótald
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum
*Vandaður hugbúnaðarpakki!*

14.000 kr. kaupauki!



Sweex MP3 Spilari 128MB +FM og Logitech Quickcam Messenger netmyndavél með innbyggðum hljóðnema samtals að verðmæti kr. 14.000 fylgir með öllum tölvum föstudag og laugardag!

**Tæknival**
ÞJÓNUSTA Í ÖÐRU VELDI

*SAMSTARFSAÐILAR: Stefna - Akureyri - www.stefna.is / Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is / Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com*
*Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com / Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík / Martölvan - Höfn í Hornafirði - www.martolvan.is*

TÆKNIVAL SKEIFUNNI 17 108 REYKJAVÍK SÍMI 550 4010 FAX 550 4001 WWW.TAEKNIVAL.IS SALA@TAEKNIVAL.IS



## HRÓSIÐ

*...fær Ragnhildur Geirsdóttir, nýráðinn forstjóri Flugleiða.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR

**HARPA PÉTURSDÓTTIR** HITTI ELDRI MENN

# *Þrjátíuogfimm plús*



**Undur og stórmerki** hafa átt sér stað. Ég breytti út af vananum og fór „dántán“ á djammið. Dántán flokkast sem staðirnir sem eru staðsettir fyrir neðan Ingólfsstrætið.

**Eróbikkslagarinn** „I've Got the Power“ var í botni þegar ég labbaði inn, ekki góð byrjun það! Staðurinn var fullur af fólki sem ég hafði aldrei séð áður og mér leið eins og ég væri komin í nýja borg. Greip í vinkonuna því ég fékk vægt kvíðakast. Ákváðum samt að gefa þessu séns.

**Viti menn,** ekki leið á löngu fyrr en nokkrir þrjátíuog fimm plús voru farnir að reyna við okkur og það besta var pikköpplínan: *hefðirðu áhuga á að leika í auglýsingu?* Þeir voru allir með aðeins of mikla bumbu fyrir okkar smekk, örlítið of há kollvik og í pínu döll átfittum sem samanstóðu af jakkafötum og penum ítölskum leðurskóm. Runnu allir saman í eitt!

**Gaf nú samt** einum númerið mitt fyrir smekklegt viðmót. Númerið var reyndar ekki rétt því mig langaði ekkert að fara með honum á þorrablót, í barnaafmæli eða golf á sunnudögum. Greinilega þessu vanur ákvað hann að láta reyna á það á meðan ég stóð hjá honum. Þegar enginn sími hringdi í veskinu mínu fór ég að verða vandræðaleg. Náði að redda þessu fyrir horn með því að þykjast hafa gleymt honum heima. Forðaði mér öpptán á Kaffibarinn til að lenda ekki í meira veseni. Talandi um stereótýpur, mér ferst!

**Ætli það** sé skýringin að með aldrinum fer fólk að verða ákveðnara í viðreynslunum, öllu vant og við öllu búið? Gæti þetta verið örvænting? Hvað varð eiginlega um klassísku múvin eins og að senda strauma með augunum og vera óvart á sama stað við barinn að kaupa drykk? Mystería er málið!





**Lárétt:** **1** klár, **6** á húsi, **7** óræð tala, **8** æst, **9** stefna, **10** heimilis, **12** kostur, **14** skinn, **15** ullarhnoðrar, **16** silfurtákn, **17** liðug, **18** eiga í höggi við.
**Lóðrétt:** **1** lof, **2** svardaga, **3** tveir eins, **4** borgarheiti (þf), **5** klettasnös, **9** í röð, **11** ský á auga, **13** fugla, **14** agnúi, **17** eignast.

**Lausn.**

**Lárétt:** **1** hestur, **6** ris, **7** pí, **9** upp, **10** bús, **12** val, **14** ham, **15** ló, **16** ag, **17** fim, **18** kljá.
**Lóðrétt:** **1** hrós, **2** eið, **3** ss, **4** uppsali, **5** ríp, **9** uúv, **11** vagl, **13** lóma, **14** hak, **17** fá.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 Ragnhildur Geirsdóttir.
2 Írönum.
3 Sjö ár.

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á FÖSTUDÖGUM

IDOL STJÖRNULEIT: FIMM MANNA ÚRSLIT ERU Í KVÖLD

# Stórsveit Reykjavíkur spilar undir

Þemað í Idol Stjörnuleit í kvöld er „Big band-tónlist“ og verður Stórsveit Reykjavíkur á sviðinu með keppendunum. Stjórnandi sveitarinnar er Samúel Samúelsson tónlistarmaður, meðlimur í fönkbandinu Jagúar. Það er svo sannarlega við hæfi að gestadómari kvöldsins er enginn annar en Ragnar Bjarnason. Aðeins fimm keppendur eru eftir í keppninni en Helgi Þór Arason var svo óheppinn að þurfa að kveðja síðasta föstudag.

„Mér líst mjög vel á þessi lög. Það verður gaman fyrir þau að reyna við þetta því það er svolítið öðruvísi að syngja með stórsveit. Ég hef sungið nokkrum sinnum með Stórsveitinni og þetta er sko alvöru band!“ segir Ragnar Bjarnason, sem verður gestadómari í kvöld. Aðspurður hvaða ráðleggingar hann geti gefið krökkunum segir hann: „Þetta getur verið ansi snúið og lykilatriðið er að „swinga“ þetta og ná taktinum. Það er líka stór partur að halda tóninum hreinum og geta gefið alveg jafnt í þessu eins og öðru. Vonandi verða þau ekkert taugaóstyrk.“

Ragnar hefur fylgst með frammistöðu keppendanna að einhverju leyti og segist vera ánægður með þau. Þegar hann er spurður út í úrslit síðasta þáttar segir hann: „Ég veit ekki, ég var ánægður með þennan strák. Þegar ég sá hann fyrst hugsaði ég með mér að hann gæti verið góður í söngleikjum, það er þrælmikill leikur í stráknum og hann er góður túlkari. En það er líka orðið ansi erfitt að láta einhvern fara því þau gera þetta orðið svo vel.“

Enginn keppendanna valdi íslenskt lag að þessu sinni og Raggi segist svo sem skilja það. „Mörgum finnst auðveldara að syngja á ensku en það er nóg af góðum lögum sem hefðu virkað vel þarna og má til dæmis nefna Fröken Reykjavík sem ég söng með stórsveitinni. En framboðið af lögum er ekki endalaust því það er mikið mál að útsetja þau fyrir stórsveit. Ég hlakka bara til að sjá hvernig þau tækla þetta þema, það verður gaman að fylgjast með þessu.“

**hilda@frettabladid.is**



**RAGNAR BJARNASON** Hann er gestadómari kvöldsins og er alls ekki óvanur því að syngja með stórsveit.



**Davíð Smári Harðarson** Moondance. s: 900-2001, sms: 1918 Idol 1.



**Ylfa Lind Gylfadóttir** Mack the Knife. s: 900-2002, sms: 1918 Idol 2.



**Aðalheiður Ólafsdóttir:** Love. s: 900-2003, sms: 1918 Idol 3.



**Hildur Vala Einarsdóttir:** It's Only a Paper Moon. s: 900-2004, sms: 1918 Idol 4.



**Lísebet Hauksdóttir:** Almost Like Being In Love. s: 900-2005, sms: 1918 Idol 5.

**Þau eru dottin úr keppni**



Helgi Þór Arason, Brynja Valdimarsdóttir, Margrét Lára Þórarinsdóttir, Valgerður Friðriksdóttir, Nanna Kristín Jóhannsdóttir




# Kosið um bestu auglýsinguna

Í tilefni af Ímark-verðlaunahátíðinni bregður Vísir á leik og gefur almenningi kost á að velja bestu auglýsinguna úr sex flokkum sem tilnefndir eru á hátíðinni. Sú auglýsing sem hlýtur flest atkvæði fær sérstök verðlaun á hátíðinni, sem Fréttablaðið og Vísir veita.

Fyrstu dagana verður hægt að fylgjast með vinsældum hverrar auglýsingar á kosningasíðunni á Vísi, því þar verður prósentuhlutfall atkvæða í öllum flokkum gefið upp. Kosningin á Vísi hefst í dag og stendur til hádegis fimmtudaginn 24. febrúar.

Hægt er að skoða allar tilnefndar auglýsingar inni á Vísi, þar á meðal prent- og ljósvakaauglýsingar. ■




**KOSNING Á VÍSI** Kosningin um bestu auglýsinguna hefst á Vísi í dag. Hægt er að velja bestu auglýsinguna fram til 24. febrúar. Slóðin er visir.is


Vodafone Eurocall
Heyrir þú í öldunum?
11:16
Dagur GSM
Options
Hold
Með því að skrá þig í Vodafone Eurocall talar þú á allt að 47% lægra verði þegar þú ferðast í Evrópu.
Komdu í Og Vodafone verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is
eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.
og
vodafone
og hvað segir þú?

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

event
Landsbankinn
Banki allra landsmanna



BAKÞANKAR
SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

# Tólf ára

Það eru merkilegar fréttir sem mæta fávísri íslenskri sveitakonu þegar hún stígur á land hér í Vesturheimi. Alls staðar risastórir sjónvarpsskjáir þar sem fjöldi manna og kvenna ræðir það sem markverðast hefur verið að gerast hér í Vínlandinu góða.

**MÁNUDAGURINN** rann upp rennandi blautur í San Francisco og fyrsta frétt dagsins var bein útsending úr réttarsal þar sem piltkorn var dæmt í þrjátíu ára fangelsi fyrir að myrða ömmu sina og afa þegar hann var tólf ára. Næst á eftir kom frétt af ungum manni og miðaldra kerlingarhrói sem eru að fara að gifta sig – sem væntanlega væru litil tíðindi nema vegna þess að konan hefur setið i fangelsi í sjö ár fyrir að gamna sér með piltinum þegar hann var tólf ára – og nemandi hennar. Og ekki nóg með það, krakkakvikindið barnaði hana.

**NOKKUÐ MERKILEGT** og maður hefði kannski frekar haldið að svona nokkuð gerðist á Íslandi, þar sem skráð hefur verið á skinn að einmitt á svipuðum aldri hafi okkar forfeður farið á skipum um lönd, höggvið mann og annan – og verið frekir til kvenna.

**HVAÐ VAR** maður að gera þegar maður var tólf ára? Jú, leika sér með dúkkur og dúkkulísur, skreppa á handboltaæfingar og í tónlistarskólann.

**OG STRÁKARNIR?** Þeir hengsluðust á fótboltavellinum, dag út og dag inn, eða lögðu vegi um móa og mela á heimatilbúnum trétrukkum, sumir með grænt úr nefinu sem þeir þurrkuðu i peysuermina. Allir innskeifir a gúmmítúttum eða strigaskóm.

**ÞAÐ VERÐUR** vissulega spennandi að fylgjast áfram með grunnskólabörnum hér í Vesturheimi.

hp



hp compaq nx5000
þegar gæði, þjónusta og gott verð fara saman




Þegar kemur að því að velja tölvubúnað skipta gæði og þjónusta höfuðmáli

hp er eini framleiðandinn í heiminum sem býður upp á heildarlínu í tölvubúnaði og hp compaq fartölvurnar eru margverðlaunaðar.

- Intel Pentium M 735 örgjörvi (1,7GHz)
- 15" TFT skjár með 1024x768 upplausn
- 512MB DDR vinnsluminni
- 60GB harður diskur
- Útskiptanlegur DVD+RW skrifari, SD kortalesari
- Þráðlaust (802.11b/g) netkort og 10/100 netkort
- Bluetooth, Firewire, USB2 og S-Video tengi
- Allt að 5 klst. rafhlöðuending og möguleiki á 9 klst. rafhlöðuendingu með viðbótarrafhlöðu
- Microsoft Windows XP Professional
- 3ja ára hp ábyrgð

Afborgun á mánuði
kr. 3.943*
Tilboðsverð kr. 159.900

*Tölvulán í 48 mán. fyrir námsmenn m.v. 9% vexti, skv. vaxtatöflu S24 þann 17.02.2005. M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

Kynntu þér málið á fartolvur.is, s24.is eða í síma 570 1000

hp invent

Söluaðilar:
Höfðborgarsvæðið: HP búðin – Oddi – Office1 – Penninn
Landsbyggðin: Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík
NetX, Egilsstöðum – Samhæfni, Reykjanesbæ – Stefna, Akureyri
Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands, Selfossi
Tölvuþjónustan Akranesi

S24 ...og þú hagnast



Hefur þú smakkað hreinan ávaxtasafa?
Þegar þú pressar hreinan ávaxta- eða grænmetissafa úr Solis safapressunni, þá áttarðu þig á því hvað hreinn safi er.



Þú setur ávexti í heilu lagi í pressuna og færð hreinan safa á svipstundu.
Verð 13.900 kr.



RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000
BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT